



ML í lögfræði

Heimilisofbeldi gegn börnum

Júní 2018

Nafn nemanda: Svanhildur Kamilla Sigurðardóttir

Kennitala: 040487-2209

Leiðbeinandi: Hulda María Stefánsdóttir

Útdráttur

Heimilisofbeldi gegn börnum

Markmið þessarar ritgerðar er að gera grein fyrir heimilisofbeldi gegn börnum. Heimilisofbeldi þekkist um allan heim en það virðist ríkja ákveðin þöggun um þessa tegund ofbeldis. Mikil vitundarvakning hefur þó orðið á undanförunum árum og löggjöf á þessu sviði batnað til muna. Í ritgerð þessari verður gerð grein fyrir mismunandi birtingarmyndum heimilisofbeldis en það getur verið líkamlegt, andlegt, í formi refsinga í uppeldiskyni og þegar aðili verður vitni að ofbeldi milli annarra á heimili sínu. Rannsóknir hafa sýnt að þegar barn verður vitni að ofbeldi á heimili sínu getur það jafngilt áhrifum þess þegar barn verður sjálft fyrir ofbeldi. Gerð verður grein fyrir þróun löggjafar í heimilisofbeldismálum, þeim refsíákvæðum sem fjalla um heimilisofbeldisbrot og þeim breytingum á barnaverndarlögum og almennum hegningarlögum sem hafa haft miklar breytingar í för með sér fyrir þolendur heimilisofbeldis.

Margir alþjóða- og mannréttindasamningar fjalla um vernd barna gegn ofbeldi á heimili sínu og annars staðar. Í ritgerð þessari leitast ég við að svara því hvort núgildandi löggjöf héraendis, sem varðar refsingar gegn þeim sem brjóta á börnum, sé nægilega hörð, sérstaklega með tilliti til þess að tryggja þurfi þá miklu vernd sem ber að veita börnum samkvæmt þeim alþjóðaskuldbindingum sem Ísland er aðili að. Fjallað er um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, leitast er við að svara þeirri spurningu hvort ofbeldisbrot geti þrífist í skjóli þessa verndarákvæðis og hvort réttindi barna vegi þyngra en réttur fjölskyldunnar til friðhelgi skv. 71. gr. stjórnarskrár. Í ritgerðinni eru greindir dómur sem fallið hafa hér á landi og þeir bornir saman við dóma sem varða ofbeldi milli fullorðinna einstaklinga sem tengjast ekki nánnum böndum.

Helstu niðurstöðurnar eru þær að heimilisofbeldi gegn börnum er mannréttindabrot, það hefur gríðarleg áhrif á börn og afleiðingarnar eru miklar. Auka þarf vernd barna með sérstöku viðbótarákvæði í almenn hegningarlög sem tekur sérstaklega á líkamlegu og andlegu ofbeldi gegn börnum.

Abstract

Domestic violence against children

The aim of this essay is to analyze domestic violence against children. Domestic violence is known all around the world but there appears to be a form of silencing pervasive surrounding this type of violence, in recent years there has been an awakening and legislation in this field has improved. In this essay different manifestations of domestic violence will be explained, as it can be physical, mental, in the form of punishment for child rearing purposes and by witnessing violence between two individuals in the home. But research shows that when a child witnesses violence in the home it can have same effects as when the child itself is physically abused. The development in legislation in domestic violence cases will be explored, the penalty clauses which cover domestic violence and the changes in Child Protection Act no. 80/2002 and general penal law that have had a tremendous effect on victims of domestic violence.

Many international agreements and human rights accords center on the protection of children against violence in the home and elsewhere. In this essay I aim to answer whether current domestic legislation, which relates to those that violate children is severe enough, especially considering the great protection children are entitled to, according to the international obligation that Iceland is bound by. The subject matters will be privacy of the home and the family, and the aim is to answer the question whether domestic violence can endure due to this protective clause and whether children's rights are more important than the right of the family to privacy according to article 71 in the constitution. In the essay domestic verdicts in domestic violence against children cases are analyzed and they are compared to verdicts that relate to violence between adults that are not connected and/or related.

The main conclusion is that domestic violence against children is a human rights violation against children and it affects them greatly, the consequences are severe and children need to be more protected by a special amendment, which specifically covers physical and mental violence against children in the general penal law.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til ML-prófs í lögfræði við Háskólann í Reykjavík. Leiðbeinandi var Hulda María Stefánsdóttir og vil ég þakka henni fyrir góða og vandaða leiðsögn og gagnlegar ábendingar. Þá vil ég þakka vinkonu minni, Krístrúnu Benediktsdóttur, fyrir yfirlestur og góðar ábendingar varðandi málfar og frágang.

Það er mörgum að þakka að þessi ritgerð hefur orðið að veruleika. Fyrst og fremst vil ég þakka fjölskyldu minni og þá sérstaklega foreldrum mínum, Gísla Ölver Sigurðssyni og Þórhöllu Ágústsdóttur, fyrir allan þann stuðning sem þau hafa veitt mér í laganáminu seinustu fimm ár. Sérstaklega vil ég þakka þeim fyrir alla þá hjálp sem þau hafa veitt mér en heimili þeirra hefur verið sem annað heimili fyrir son minn Alexander.

Sérstakar þakkir fá móðuramma mín, Svanhildur Alexandersdóttir, og móðurafi minn, Ágúst B. Karlsson, fyrir ómetanlegan stuðning og styrk og fyrir að hafa gríðarlega mikla trú á mér. Þá vil ég einnig þakka föðurömmu minni, Sigurleif E. Andrésardóttur, og föðurafa mínum, Sigurði H. Gíslasyni, fyrir afnot af sumarhúsi þeirra á meðan ritgerðarsmíðinni stóð og andlegan stuðning.

Að lokum vil ég þakka vinkonum mínum fyrir að veita mér ómetanlegan styrk og biðlund, fyrir að hafa ómælda trú á mér, sérstaklega þegar ég hafði hana ekki, og fyrir að vera alltaf til staðar.

Ritgerðin er tileinkuð syni mínum, Alexander Páli, sem hefur þurft að búa með útivinnandi laganema nánast allt sitt líf. Með því að skila þessari ritgerð vil ég sýna honum að maður getur gert allt sem maður einsetur sér í lífinu. Ég vil þakka honum fyrir að vera eins og hann er, sjálfstæður, góður, duglegur og yndislegur einstaklingur sem fær mig til að vilja vera betri manneskja. Fyrir að sýna mér ótrúlega þolinmæði og skilning og fyrir að minna mig á hvað það er sem er dýrmætast í lífinu. Án þín hefði ég aldrei náð að klára.

Efnisyfirlit

Forsíða	i
Útdráttur:.....	ii
Abstract:.....	iii
Formáli.....	iv
Lagaskrá.....	vii
Dómaskrá.....	ix
Inngangur.....	1
1. Heimilisofbeldi.....	3
1.1 Almennt um heimilisofbeldi.....	3
1.2 Hugtakið heimilisofbeldi.....	5
1.3 Birtingarmyndir heimilisofbeldis og skilyrði þess að um sé að ræða heimilisofbeldi.....	6
1.4 Heimilisofbeldi er mannréttindabrot:.....	7
1.5 Dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu.....	8
1.6 Aðrir alþjóðasamningar.....	10
1.7 Njóta börn mannréttinda?.....	11
2. Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.....	14
2.1 Almennt.....	14
2.2 Ákvæði íslenskra laga um friðhelgi.....	15
2.3 Takmarkanir á friðhelgi.....	17
2.4 Aðrir alþjóðasamningar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.....	19
2.5 Tilkynningarskylda.....	19
3. Heimilisofbeldi gegn börnum.....	21
3.1 Almennt.....	21
3.2 Birtingarmyndir heimilisofbeldis gegn börnum.....	22
3.3 Hvenær er ofbeldi talið vera heimilisofbeldi gegn barni?.....	24
3.4 Núgildandi refsilöggjöf heimilisofbeldismála er varða börn.....	24
3.4.1 Barnaverndarlög nr. 80/2002.....	24
3.4.2 Þróun barnaverndarlaga nr. 80/2002.....	25
3.4.3 Breyting á barnaverndarlögum nr. 80/2002 með lögum nr. 52/2009.....	28
3.4.4 Almenn hegningarlög nr. 19/1940.....	30
3.4.5 Breyting á almennum hegningarlögum með nýju ákvæði er varðar heimilisofbeldi, sbr. 218. gr. b. hgl.....	30
3.4.6 Ákvæði 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.....	34
3.4.7 Trúnaðarbrot.....	35
3.4.8 Börn sem brotáþolar.....	35

3.5 Norræn löggjöf um refsíákvæði sem taka til heimilisofbeldis í nánnum samböndum	36
3.5.1 Svíþjóð	36
3.5.2 Noregur	37
3.5.3 Danmörk	39
4. Líkamlegt ofbeldi gegn börnum.....	40
4.1 Misþyrmingar á börnum	40
4.2 Dómaframkvæmd á Íslandi.....	42
4.3 Líkamlegar og andlegar refsingar í uppeldisskyni.....	52
4.4 Dómaframkvæmd	55
5. Andlegt ofbeldi gegn börnum	61
5.1 Almenn.....	61
5.2 Rannsóknir á Íslandi:	62
5.3 Istanbúlsamningurinn.....	66
5.4 Tölfræði:	68
5.5 Dómaframkvæmd	69
5.6 Samantekt.....	74
6. Samantekt og niðurstöður	75
6.1 Samantekt.....	75
6.2 Niðurstaða	76
Heimildaskrá.....	78

Lagaskrá

Almenn hegningarlög handa Íslandi frá 25. júní 1869

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Barnalög nr. 76/2003

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi) nr. 23/2016

Lög um breytingu á barnaverndarlögum nr. 52/2009

Lögræðislög nr. 71/1997

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Stjórnskipunarlög nr. 97/1995

Alþingistíðindi

Alþt. 1869, 2 bindi, A-deild.

Alþt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389 – 297. mál

Alþt. 1996–1997, A-deild, þskj. 121 – 410. mál

Alþt. 1997–1998, A-deild, þskj. 1382 – 711. mál

Alþt. 2001–2002, A-deild, þskj. 403 – 318. mál

Alþt. 2004–2005, A-deild, þskj. 336 – 308. mál

Alþt. 2005–2006, A-deild, þskj. 419 – 365. mál

Alþt. 2008–2009, A-deild, þskj. 19 – 19. mál

Alþt. 2015–2016, A-deild, þskj. 547 – 401. mál

Alþjóðasamningar

Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (CETS nr. 210, undirritaður í Istanbúl í maí 2011), Istanbúlsamningurinn

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948.

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi frá 16. desember 1966, sbr. augl. nr. 10/1979

Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 16. desember 1966, sbr. augl. nr. 10/1979

Mannréttindasáttmáli Evrópu (samþykktur 4. nóvember 1950, tók gildi 3. september 1953). Stjtið. C, 11/1954. Lögfestur á Íslandi með lögum nr. 62/1994.

Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum (samþykktur 18. desember 1979, tók gildi 3. september 1981). Stjtið. C, 5/1985

Samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (samþykktur 10. desember 1984, tók gildi 22. nóvember 1996). Stjtið. C, 19/1996

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (samþykktur 26. janúar 1990, tók gildi 27. nóvember 1992). Stjtið. C, 18/1992

Reglugerð

Reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 56/2004

Sænsk löggjöf:

Brottsbalken 1962:700

Frumvarp til sænskra laga:

Prop. 1997/98:55

Norsk löggjöf:

Straffeloven nr. 10/1902

Lov om oppheving av lausgjengarbra og om endringer i straffeloven nr. 131/2005

Frumvörp til norskra laga

Ot.prp. nr. 22

Ot. prp. nr. 113

Dönsk löggjöf:

Straffeloven nr. 126/1930 með síðari breytingum.

Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar

Hrd. 29. febrúar 1956 í máli nr. 170/1955
Hrd. 28. febrúar 1992 í máli nr. 460/1991
Hrd. 3. apríl 2003 í máli nr. 168/2002
Hrd. 3. maí 2002 í málum nr. 177/2002 og 178/2002
Hrd. 22. janúar 2009 í máli nr. 506/2008
Hrd. 19. febrúar 2009 í máli nr. 569/2008
Hrd. 12. nóvember 2009 í máli nr. 487/2008
Hrd. 4. desember 2008 í máli nr. 245/2008
Hrd. 11. febrúar 2010 í máli nr. 504/2009
Hrd. 11. október 2012 í máli nr. 121/2012
Hrd. 5. febrúar 2015 í máli nr. 294/2014
Hrd. 27. nóvember 2014 í máli nr. 297/2014
Hrd. 28. apríl 2016 í máli nr. 113/2015
Hrd. 15. september 2016 í máli nr. 508/2015

Dómar héraðsdóms

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. júlí 2010 í máli nr. S-358/2010
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 27. september 2016 í máli nr. S-373/2016
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 20. mars 2018 í máli nr. S-659/2017
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 31. október 2017 í máli nr. S-291/2017
Dómur Héraðsdóms Reykjaness frá 13. desember 2017 í máli nr. S-17/2017
Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 5. mars 2018 í máli nr. S-1/2018

Norskir dómar

Dómur Hæstaréttar Noregs frá 12. mars 2013 í máli nr. 2012/1812

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

Kontrová g. Slovakia, App no. 7510/04 (ECHR, 31. maí 2007)
Bevacqua and S. g. Bulgaria App no. 71127/01 (ECHR, 12. júní 2008)
Opuz g. Tyrklandi App no 33401/02 (ECHR, 9. júní 2009)
E.S. and others g. Slovakia App no. 8227/04 (ECHR, 15. september 2009)

Inngangur

Ritgerð þessi fjallar um heimilisofbeldi gegn börnum, flestir eru sammála því að ofbeldi á aldrei að beinast gegn börnum og slík háttsemi eigi alltaf að vera refsiverð. Heimilisofbeldi gegn börnum getur verið líkamlegt, andlegt, kynferðislegt og í formi vanrækslu. Heimilisofbeldi á sér stað milli aðila sem tengjast nánnum böndum og felur í sér ítrekað ógnarástand sem hefur slæm sálræn áhrif á þann sem fyrir því verður. Erfitt hefur reynst að uppræta þessa tegund ofbeldis þar sem það þrífst í skjóli friðhelgi heimilisins og gerist í flestum tilfellum bakvið luktur dyr sem einkamál fjölskyldunnar.

Í fyrsta kafla er farið yfir hugtakið heimilisofbeldi, birtingarmyndir þess og skilyrði þess að um sé að ræða heimilisofbeldi. Gerð verður grein fyrir heimilisofbeldi sem mannréttindabroti og farið yfir dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu. Að lokum er fjallað um börn og hvort þau njóti sömu mannréttinda og fullorðnir og farið verður ítarlega yfir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í öðrum kafla er farið yfir friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, sem talið er að sé aðalhindrun þess að hægt sé að sporna gegn heimilisofbeldi. Brotin eiga sér stað inni á heimilum fólks í skjóli stjórnarskrárvarinna réttinda sem hafa það markmið að veita fjölskyldum og heimilum frið til að lifa lífi sínu án afskipta stjórnvalda. Leitast er við að svara þeirri spurningu hvort ofbeldisbrot geti þrífist í skjóli þessa verndarákvæðis og hvort réttindi barna vegi þyngra en réttur fjölskyldunnar til friðhelgi skv. 71. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Í þriðja kafla ritgerðarinnar er ítarlega fjallað um börn sem þolendur heimilisofbeldis og birtingarmyndir þess. Farið er yfir núgildandi refsilöggjöf heimilisofbeldismála er varðar börn. Þá er ítarlega rætt um barnaverndarlög nr. 80/2002, þróun þeirra og breytingar sem urðu í kjölfar Hæstaréttardóms 506/2008. Ásamt því er fjallað um ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem snúa að heimilisofbeldi gegn börnum, og að lokum um norræna löggjöf á þessu sviði.

Í fjórða kafla er umfjöllunarefnið líkamlegt ofbeldi gegn börnum, bæði þegar um er að ræða misþyrmingar gegn börnum og uppeldisaðferðir í formi líkamlegra refsinga. Fjallað er um rannsóknir á þessum málaflokki og farið verður yfir helstu dóma sem fallið hafa á Íslandi.

Í fimmta kafla er fjallað um andlegt ofbeldi gegn börnum. Nú er það viðurkennt að verði börn vitni að heimilisofbeldi milli annarra aðila á heimili sínu þá

sé það einnig ofbeldi gegn þeim. Fjallað verður um innlenda rannsókn þess efnis sem framkvæmd var af Barnaheill, auk þess sem tilraunaverkefni Barnaverndarstofu vegna heimilisofbeldismála verða gerð skil. Greint verður frá Istanbúlsamningnum sem fjallar um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi. Birtar eru nýjustu tölur um fjölda barna sem verða vitni að eða verða fyrir ofbeldi sjálf. Að lokum verður farið yfir dómaframkvæmd á Íslandi í þessum málaflokki og hún borin saman við eldri dómaframkvæmd.

Í sjötta kafla er samantekt ritgerðar í heild, gerð er grein fyrir niðurstöðum og tillaga til úrbóta á löggjöf í þessum málaflokki lögð fram.

1. Heimilisofbeldi

1.1 Almennt um heimilisofbeldi

Lengi vel hefur ofbeldi innan heimilis verið talið einkamál fjölskyldunnar og yfirvöld hafa vikið sér undan því að aðhafast í slíkum málum.¹ Opinber umræða um ofbeldi innan veggja heimilisins hefur þó aukist síðastliðin ár og það hefur verið viðurkennt sem ein versta birtingarmynd ofbeldis.² Ofbeldi í nánnum samböndum á sér stað hvar sem er í heiminum, Ísland er þar ekki undanskilið, og það er gríðarleg skerðing á lífsgæðum þeirra sem við slíkt búa og óásættanlegt að leyfa slíku að viðgangast.³ Afleiðingar eru alvarlegar og dýrkeyptar einstaklingum og samfélaginu öllu. Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn sem koma frá ofbeldisheimilum eru mun líklegri til að sýna hegðunarvandkvæði en þau sem ekki koma frá slíkum heimilum. Auk þess fylgja slíku ofbeldi annars konar áhrif eins og lítið sjálfsálit, slök félagsleg færni og þunglyndi svo eitthvað sé nefnt.⁴ Það er því ljóst að vandamálið er ekki takmarkað við heimilið heldur færast yfir á næstu kynslóð einstaklinga sem eru ekki eins vel í stakk búnir að takast á við lífið og þeir sem ekki búa við ofbeldi á heimili sínu.

Heimilisofbeldi er kynbundið ofbeldi. Rannsóknir hafa sýnt fram á að konur eru mikill meirihluti þeirra sem verða fyrir heimilisofbeldi og að karlmenn eru í flestum tilfellum gerendur, bæði á Íslandi og erlendis. Í skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO, 2010) kemur fram að þriðja hver kona í heiminum er beitt einhvers konar ofbeldi.⁵ Árið 2016 voru 116 konur skráðar í dvöl í Kvænnaathvarfinu í Reykjavík og með þeim komu 79 börn. Alls leituðu 350 konur til athvarfsins í dvöl eða viðtöl á árinu⁶ sökum þess að einhver þeim nákominn, í langflestum tilfellum karlmaður, beitti þær líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi. Úrræðum til aðstoðar konum í ofbeldissamböndum var fyrst komið á fót á Íslandi á seinni hluta 20. aldar fyrir atbeina kvennasamtaka sem tóku málin í sínar hendur þar sem yfirvöld virtust ekki líta á heimilisofbeldi sem samfélagslegt viðfangsefni.⁷

¹ Guðrún Kristinsdóttir, *Ofbeldi á heimili með augum barna* (Háskólaútgáfan 2014) 11.

² „Kynbudið ofbeldi“ (*Mannréttindaskrifstofa Íslands, Icelandic human rights centre 1994*) <<http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinna-hopa/konur/kynbundid-ofbeldi>> skoðað 1. febrúar 2018.

³ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánnum samböndum* (Félagsmálaráðuneytið 2008) 79.

⁴ Sama heimild, 92.

⁵ Guðrún Kristinsdóttir, *Ofbeldi á heimili með augum barna* (Háskólaútgáfan 2014) 11.

⁶ Samtök um kvænnaathvarf, „Ársskýrsla 2016“ (Kvænnaathvarfið sjálfseignarstofnun 2016) <<https://kvænnaathvarf.is/wp-content/uploads/2017/10/ársskýrsla-2016.pdf>> skoðað 8. febrúar 2018.

⁷ Guðrún Kristinsdóttir, *Ofbeldi á heimili með augum barna* (Háskólaútgáfan 2014) 11.

Þrátt fyrir að konur séu í meirihluta þeirra sem verða fyrir heimilisofbeldi geta karlmenn einnig verið þolendur heimilisofbeldis og afleiðingar ofbeldis af höndum kvenkyns og karlkyns geranda verið alvarlegar fyrir þá.⁸ Umræða um karlmenn sem þolendur er takmörkuð en hefur aukist á undanförunum árum. Líkleg ástæða þess er aukin meðvitund um jafna stöðu kynjanna. Sú karlmannlega staðalímynd sem margir hugsa til er félagslega mótuð og hefur gert það að verkum að karlar leita sér síður aðstoðar vegna heimilisofbeldis en konur af ótta um að vera dæmdir af samfélaginu.⁹ Vandamálið snertir því bæði karla og konur.

Ofbeldi á heimili beinist einnig að börnum og ritgerð þessi snýst um börn sem þolendur heimilisofbeldis. Börn verða bæði fyrir beinu ofbeldi af hendi foreldra eða annarra á heimilinu, m.a. í formi refsinga, og verða vitni að ofbeldi gegn öðru heimilisfólki. Mikil viðhorfsbreyting hefur orðið hér á landi til refsinga barna. Áður fyrr var það lögfest að refsa skyldi börnum fyrir óþekkt en í dag eru líkamlegar og andlegar refsingar refsiverðar.¹⁰ Ísland er meðal þeirra ríkja sem hafa bannað líkamlegar refsingar gegn börnum, en 32 önnur ríki hafa alfarið bannað slíkt.¹¹ Árið 2009 var slíkt bann lögfest í fyrsta skipti með lögum nr. 80/2002. Var það í kjölfar **Hæstaréttardóms frá 22. janúar 2009 í máli nr. 506/2008** þar sem karlmaður var sýknaður af ákæru eftir að hafa beitt tvo drengi, líkamlegum refsingum með því að hafa ítrekað flengt þá. Dómurinn var gagnrýndur á þeim forsendum að líkamlegar refsingar gegn börnum væru ekki uppeldisaðferð heldur ofbeldi gegn börnum.

Nú hafa rannsóknir sýnt að uppeldisaðferðir sem fela í sér ofbeldi geta verið skaðlegar heilsu barna, hegðun og vellíðan til lengri og skemmri tíma.¹² Fjöldi barna verður fyrir ofbeldi á heimili sínu en ennþá fleiri börn verða vitni að ofbeldi innan heimilis. Það getur haft gríðarlega alvarlegar afleiðingar þegar börn horfa upp á heimilismann beita móður þeirra og/eða systkini líkamlegu og andlegu ofbeldi.

⁸ Donald G. Dutton and Katherine R. White, „Male victims of Domestic violence” (2013) *New male studies: an International journal* <<http://ukfamilylawreform.co.uk/docs/malevictimsofdvbydutton2013.pdf>>9. skoðað 8. febrúar 2018.

⁹ Sama heimild, 12.

¹⁰ Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Sesselja Th. Ólafsdóttir: *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi: höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða* (Miðstöð heilsuverndar barna, Umboðsmaður barna 2004), 15–16.

¹¹ Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir, „Reynsla fullorðinna Íslendinga af líkamlegum refsingum og ofbeldi í æsku” (Læknablaðið 2013) <<http://www.laeknabladid.is/tolublod/2013/05/nr/4849>> skoðað 23. apríl 2018

¹² Sama heimild.

Rannsóknir hafa sýnt að áhrif þessa geta jafngilt þeim áhrifum sem barn verður fyrir verði það sjálft fyrir ofbeldi á heimili sínu.¹³

1.2 Hugtakið heimilisofbeldi

Ofbeldi er þegar andlegu eða líkamlegu afli er beitt gegn einstaklingi eða hlut.¹⁴ Almennt er fólk sammála um að ofbeldi sé margs konar og feli oft í sér líkamlegan sársauka og vanvirðingu af einhverju tagi. Um er að ræða stjórnunar- og kúgunarferli þar sem sá sem ofbeldinu beitir reynir að fá vilja sínum framgengt með ofbeldi af einhverjum toga.¹⁵ Hugtakið heimilisofbeldi er skilgreint mjög vítt og getur falið í sér margar tegundir ofbeldis: kynferðislegt, líkamlegt, andlegt og fjárhagslegt ofbeldi.¹⁶

Í *Lögfræðiorðabók* er heimilisofbeldi skýrt svo:

*Ofbeldi sem beinist að karli, konu eða barni sem eru nákominn geranda á verknaðarstundu. Miðað er við að milli þessara aðila séu nánin samfélagsleg tengsl sem endurspeglast í sambandi foreldris og barns, systkina eða maka eða annarra nákominna manna.*¹⁷

Hér á landi hafa Samtök um kvennaathvarf skýrt hugtakið þannig:

Um er að ræða ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af hálfu einhvers sem er honum nákominn, skyldur eða tengdur, eins og maki, barn, foreldri, barnsfaðir, systkini eða forráðamaður. „Maki“ getur verið núverandi eða fyrrverandi eiginmaður/eiginkona, kærasti/kærasta eða sambúðaraðili. Polandi og gerandi þurfa hvorki að búa saman né vera gift til að ofbeldið flokkist sem heimilisofbeldi. Heimilisofbeldi þarf heldur ekki að vera bundið við heimili geranda eða polanda.

Sérstaða heimilisofbeldis felst í því að gerandi og polandi tengjast nánnum böndum sem gerir ofbeldið enn sársaukafyllra en ella, auk þess að gera polanda erfiðara um vik að slíta tengslum við ofbeldismanninn. Heimilisofbeldi er skilgreint sem kynbundið ofbeldi en það er þegar ofbeldi er

¹³ Guðrún Kristinsdóttir, Margrét Ólafsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir, „Frásagnir barna og mæðra af ofbeldi á heimili“ í Guðrún Kristinsdóttir (ritstj.), *Ofbeldi á heimili: Með augum barna* (Háskólaútgáfan 2014)92.

¹⁴ Páll Sigurðsson, Barbara Björnsdóttir og Hulda Guðný Kjartansdóttir (ritstj.), *Lögfræðiorðabók* (Codex: Lagastofnun Háskóla Íslands) 306.

¹⁵ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánnum samböndum*, (Félagsmálaráðuneytið 2008)16.

¹⁶ sama heimild, 17.

¹⁷ Páll Sigurðsson, Barbara Björnsdóttir og Hulda Guðný Kjartansdóttir (ritstj.), *Lögfræðiorðabók* (Codex: Lagastofnun Háskóla Íslands) 186.

beint gegn þolanda vegna kynferðis viðkomandi eða ofbeldi þar sem yfirgnæfandi meirihluti þolanda er af tilteknu kyni.¹⁸

Samkvæmt verklagsreglum Ríkislögreglustjóra er heimilisofbeldi skilgreint svo:

Heimilisofbeldi er ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af nákomnum, þ.e gerandi og þolandi eru skyldir, tengdir eða hafa sögu um tengsl, sbr. 2. gr. Ofbeldið getur verið líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt og felur í sér valdbeitingu eða hótun um valdbeitingu.¹⁹

1.3 Birtingarmyndir heimilisofbeldis og skilyrði þess að um sé að ræða heimilisofbeldi

Heimilisofbeldi er, eins og fram hefur komið, valdbeiting í kúgunarskyni gagnvart manneskju sem tengd er geranda tilfinningaböndum.²⁰ Þetta ofbeldi getur komið fram með margvíslegum hætti.

Líkamlegt ofbeldi eru barsmíðar af einhverjum toga. Það sem einkennir líkamlegt ofbeldi er að áverkar koma yfirleitt fram og ættu að vera greinanlegir heilbrigðisstarfsfólki. Oft eru þó áverkar á stöðum sem eru huldir. Líkamlegt ofbeldi getur að auki haft í för með sér lítil ummerki eins og roða og slík ummerki hverfa yfirleitt fljótt þrátt fyrir að þau valdi miklum sársauka. Líkamlegt ofbeldi felur í sér til dæmis að slá, kýla, hrista, flengja og sparka, svo eitthvað sé nefnt.²¹

Andlegt ofbeldi er algengara en oftast duldera en það líkamlega. Það felur í sér hegðun sem er niðurlægjandi og hefur það að markmiði að ná stjórn á maka eða öðrum heimilismanni. Þá er átt við að ekki sé um að ræða gagnkvæmni, eins og í rifrildi milli hjóna, heldur hegðun sem er að mestu leyti einhliða. Til andlegs ofbeldis flokkast til dæmis öskur, niðurlægjandi ummæli, hæðni og hótanir.²²

Kynferðislegt ofbeldi fellur undir heimilisofbeldi og þegar það beinist gegn börnum er það talið ein alvarlegasta tegund ofbeldis.²³ Kynferðislegt ofbeldi getur þó

¹⁸ Kvænnaathvarið, „Skilgreiningar á heimilisofbeldi“ (*Samtök um Kvænnaathvarf 2018*) <https://kvænnaathvarf.is/?page_id=23> skoðað 28. janúar 2018.

¹⁹ Ríkislögreglustjórinn, „Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála sem tilkynnt eru lögreglu“ (Ríkislögreglustjórinn 2014) <<http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Verklag-um-heimilisofbeldi.pdf>> skoðað, 31. janúar 2018.

²⁰ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánnum samböndum*, (Félagsmálaráðuneytið 2008)17.

²¹ Sama heimild, 17–18.

²² Sama heimild, 19–20.

²³ Umboðsmaður barna, „Ofbeldi“ (Umboðsmaður barna 2014) <<https://barn.is/malaflokkar/ofbeldi/>> skoðað 31. janúar 2018.

líka átt sér stað milli einstaklinga í sambandi eða hjúskap. Áður fyrr var það talinn sjálfsgæður réttur karlmannna í hjónabandi að fá kynlíf þegar þeim hentaði og hugtakið nauðgun í hjónabandi var því merkingarlaust. Nú til dags er það litið alvarlegum augum þegar karlmaður neyðir konu sína til kynferðislegra athafna án hennar samþykkis eða þegar það er gert með hótunum eða ógnun af einhverju tagi.²⁴

Fjárhagslegt ofbeldi er hluti af heimilisofbeldi, til dæmis þegar peningum er naumt skammtað eða þegar skuldir eru skráðar á annan aðila og því hótað að þær falli á aðila ef hann yfirgefur sambandið.²⁵

Í verklagsreglum lögreglunnar um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála kemur fram hvaða brot falla undir það að vera heimilisofbeldi og skilyrði þess að mál sé skráð sem slíkt. Fyrst og fremst þarf gerandi og þolandi að tengjast þannig böndum að einhver tengsl séu þeirra á milli. Skiptir þá ekki máli hvort aðilar séu í sambúð þar sem einnig getur verið um að ræða fyrrverandi maka. Ofbeldið getur að auki beinst að þriðja aðila, til dæmis ef um er að ræða nýjan maka eða vin. Það er ekki gert að skilyrði að ofbeldið eigi sér stað á heimili geranda eða þolanda; það getur átt sér stað hvar sem er svo lengi sem nán tengsl eru á milli aðila.²⁶

1.4 Heimilisofbeldi er mannréttindabrot:

Á mannréttindaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1993 sem haldin var í Vín, var heimilisofbeldi í fyrsta sinn skilgreint sem mannréttindabrot á alþjóðavettvangi, tekið var skýrt fram að ekki væri í lagi undir neinum kringumstæðum að réttlæta ofbeldi með vísun til trúar eða menningar og ríkisstjórnir hvattar til að bregðast við heimilisofbeldi í sínu landi.²⁷ Eftir ráðstefnuna var gefin út yfirlýsing um aðgerðaáætlun sem samþykkt var á 85. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þar er gengið út frá því að heimilisofbeldi sé ekki einkamál heldur brot á mannréttindum þeirra sem fyrir því verða.²⁸

²⁴ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánnum samböndum*, (Félagsmálaráðuneytið 2008) 20.

²⁵ Sama heimild, 21.

²⁶ Ríkislögreglustjórinn, „Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála sem tilkynnt eru lögreglu“ (Ríkislögreglustjórinn 2014) <<http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Verklag-um-heimilisofbeldi.pdf>> skoðað, 31. janúar 2018.

²⁷ Alþt. 2004–2005, A-deild, þskj. 336–308. mál.

²⁸ Yfirlýsingin kallast Declaration on the Elimination of violence against women, General Assembly resolution 48/104 og 20. desember 1993, og má finna hér: <<http://www.un.org/documents/ga/res/48/a48r104.htm>>

Eftirlitsnefndir Sameinuðu þjóðanna hafa lýst yfir áhyggjum af hárrí tíoðni heimilisofbeldis á Íslandi og hversu vægar refsingar eiga við í slíkum málum hér á landi innan réttarkerfisins.²⁹

Mannréttindasáttmáli Evrópu³⁰ frá 4. nóvember 1950 var fullgiltur af Íslands hálfu 29. júní 1953. Sáttmálinn var lögfestur í heild sinni hér á landi árið 1994, sbr. lög nr. 62/1994. Samkvæmt honum eiga allir einstaklingar að njóta tiltekinna ófrávíkjanlegra grundvallarréttinda sem ríkjum ber að virða, vernda og uppfylla. Þau eru kölluð mannréttindi. Er bæði um að ræða jákvæðar og neikvæðar skyldur ríkja og hins vegar réttindi einstaklinga og lögaðila. Ríkjum ber því að sjá til þess að ákveðin réttindi einstaklinga séu virt. Er því um að ræða brot á mannréttindum þegar ríki virðir ekki, verndar ekki eða tryggir ekki einhver þeirra fjölmörgu mannréttinda sem er að finna í landsrétti eða alþjóðlegum mannréttindasamningum sem ríki er aðili að.³¹

Í MSE er ekki að finna neitt ákvæði sem fjallar sérstaklega um ofbeldi gegn konum, börnum eða heimilisofbeldi. Ýmis ákvæði tengjast þessu þó, sbr. 2. gr. sem fjallar um bann við mismunun, 3. gr. um rétt til lífs, 5. gr. um bann við pyndingum og vanvirðandi meðferð og 12. gr. um friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis eins og fjallað verður um í öðrum kafla. Að auki má nefna að skv. 1. gr. MSE skuldbindur samningurinn aðildarríki til að tryggja einstaklingum sem staddir eru innan þeirra yfirráðasvæða þau réttindi sem samningurinn mælir fyrir um. Það þarf því að vernda einstaklinga með ráðstöfun í refsilögum svo hægt sé að tryggja aðgerðir gegn ofbeldi.³²

1.5 Dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu

Í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu³³ hafa ýmis ákvæði MSE verið túlkuð á þann hátt að bæði ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi falli undir gildissvið hans. Þrjár greinar koma þar aðallega til umfjöllunar en þeim hefur MDE beitt þegar mál vegna ofbeldis gegn konum og heimilisofbeldis hafa komið til kasta

²⁹ „Kynbundið ofbeldi“ (*Mannréttindaskrifstofa Íslands, Icelandic human rights centre 1994*) <<http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinna-hopi/konur/kynbundid-ofbeldi>> skoðað 11. mars 2018.

³⁰ Hér eftir MSE.

³¹ Davíð Þór Björgvinsson, Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Svala Ísfeld Ólafsdóttir. *Hinn launhelgi glæpur*, 36.

³² Björg Thorarensen, *Mannréttindasáttmáli Evrópu: meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (Reykjavík 2005) 91.

³³ Hér eftir MDE.

hans. Er hér um að ræða 2. gr. um réttinn til lífs, 3. gr. um bann við pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð og 8. gr. um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Í máli Kontrová gegn Slóvakíu frá 31. maí 2007 (nr. 7510/04), reyndi á 2. gr. sáttmálans. Þann 2. nóvember 2002 lagði kærandinn í málinu fram kæru á hendur eiginmanni sínum fyrir að leggja á sig hendur og m.a. slá sig með rafmagnssnúru. Lögreglan veitti henni síðar aðstoð við að draga kærana til baka þegar hún kom á lögreglustöðina í fylgd eiginmannsins. Hinn 31. desember sama ár skaut eiginmaðurinn til bana dóttur þeirra og son, sem voru fædd 1997 og 2001. MDE komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 2. gr. MSE þar sem stjórnvöld hefðu vanrækt skyldu sína til að vernda líf barnanna með fullnægjandi hætti.

Í máli Opuz gegn Tyrklandi frá 6. júní 2009 (nr. 33401/02) reyndi á 2., 3. og 14. gr. sem fjallar um bann við mismunun. Málsatvik voru þau að kærandi og móðir hennar urðu fyrir ofbeldi og hótunum eiginmanns kæranda í mörg ár og hlutu lífshættulega áverka. Engin ákæra var gefin út á hendur eiginmanninum; þær drógu endurtekið kærur sínar til baka þar sem eiginmaðurinn hótaði þeim lífláti ef þær gerðu það ekki. Loks kom að því að hann stakk eiginkonu sína sjö sinnum og hlaut fyrir það sekt. Konurnar tvær lögðu fram fjölmargar kærur í kjölfarið og kváðu líf sitt í hættu. Kærandi var yfirheyrður en síðar sleppt. Loks þegar konurnar reyndu að flytja í burtu skaut hann tengdamóður sína til bana. Hann var dæmdur fyrir manndráp og hlaut lífstíðarfangelsi en var sleppt á meðan áfrýjun málsins stóð og hélt áfram að hóta eiginkonu sinni. MDE komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 2. gr. MSE í tengslum við morðið á tengdamóðurinni og gegn 3. gr. þar sem tyrknesk stjórnvöld hefðu vanrækt skyldu sína til að vernda kæranda. Dómstóllinn tók fram að stjórnvöld hefðu vanrækt skyldu sína til að koma upp kerfi til að refsa fyrir brot vegna heimilisofbeldis og vernda fórnarlömb þeirra. Stjórnvöld hefðu heldur ekki beitt þeim verndarráðstöfunum sem hægt var að grípa til. Þau hefðu vísað málum frá á þeim grundvelli að um fjölskyldumál væri að ræða og ekki skipt sér af því hvers vegna kærurnar væru dregnar til baka. Að auki tók dómstóllinn fram að brotið hefði verið gegn 14. gr. MSE sem fjallar um bann við mismunun í sambandi við 2. gr. og 3. gr., þar sem ofbeldið sem konurnar urðu fyrir var kynbundið. Var það í fyrsta sinn sem dómstóllinn notaði þessa grein í umfjöllun um heimilisofbeldi með þeim rökum að heimilisofbeldi snerti að mestu leyti konur og ríki ættu að bregðast við allri mismunun gegn konum. Tyrknesk stjórnvöld tóku þannig ekki á vandamálinu af alvöru,

lögreglumenn reyndu oft að sannfæra konur um að draga til baka kærur sínar, tafir voru tíðar og dómstólar milduðu refsingar með vísun til heiðurs eða hefðar.

Í máli E.S. og annarra gegn Slóvakíu frá 15. september 2009 (nr. 8227/04) voru málsatvik með þeim hætti að árið 2001 yfirgaf kærandinn eiginmann sinn og lagði fram kæru gegn honum fyrir að koma illa fram við sig og börn sín og beita dóttur þeirra kynferðislegri misnotkun. Hann fékk dóm fyrir ofbeldi og kynferðisbrot tveimur árum seinna. Kröfu kæranda um að manningnum yrði gert að yfirgefa heimili þeirra var vísað frá dómi, þar sem dómurinn taldi sér ekki fært að takmarka aðgang makans að sameiginlegu heimili þeirra. Urðu því kærandi og börn hennar að flytja á brott frá vinum og fjölskyldu til að komast burt frá ofbeldinu. MDE komst að þeirri niðurstöðu að slóvakísk stjórnvöld hefðu átt að veita kæranda vernd gegn ofbeldi eiginmannsins og þannig hefði ríkið brugðist skyldum sínum og brotið gegn 3. gr. og 8. gr. MSE.

Í þessum dómum MDE hafa ríkin brugðist skyldum sínum til að vernda einstaklinga með því að grípa ekki til ákveðinna aðgerða til að varna því að brotið sé á tilteknum mannréttindum. Á þeim má sjá að heimilisofbeldi er brot á mannréttindum og þeir sem fyrir því verða eiga rétt á þeirri vernd sem sáttmálinn kveður á um. Ríkin eiga að tryggja að þessi réttindi séu virt og vernda þolendur heimilisofbeldis. Ef ríki bregst ekki við heimilisofbeldi, með því t.d að refsa ekki gerandanum, er það að bregðast jákvæðum skyldum sínum sem hefur í för með sér brot á ákvæðum MSE.

1.6 Aðrir alþjóðasamningar

Á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa að auki verið samþykktir fjölmargir mannréttindasamningar og viðaukar við þá sem hafa að geyma ákvæði er snerta þetta mikilvæga svið.

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi var samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 16. desember 1966. Ákvæði hans eru efnislega sambærileg við ákvæði MSE og í 6. gr. er að finna ákvæði um rétt til lífs. Í 7. gr. er ákvæði sem leggur bann við pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Þá er einnig ákvæði í 17. gr. samningsins um friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis sem er sambærilegt við 8. gr. MSE.

Samningur um afnám allrar mismununar gegn konum frá 18. desember 1979 var fullgiltur af Íslands hálfu 18. júní 1985. Þar er kynbundið ofbeldi skilgreint

sem mannréttindabrot. Þar kemur fram að kynbundið ofbeldi, sem hefur það markmið að hindra eða koma í veg fyrir að konur geti notið mannréttinda og grundvallarfrelsis samkvæmt alþjóðarétti eða mannréttindasamningum, sé mismunun samkvæmt 1. gr. samningsins. Meðal þeirra mannréttinda sem vísað er til í greininni eru rétturinn til lífs, bann við pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð og réttur til frelsis og mannhelgi.

Samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 10. desember 1984 var fullgiltur af íslenskum stjórnvöldum 23. október 1996. Ólíkt flestum öðrum mannréttindum er bann gegn pyndingum án allra undantekninga og má aldrei undir neinum kringumstæðum réttlæta það. Ekki er að finna sérstök ákvæði um ofbeldi gegn konum eða heimilisofbeldi í sjálfum samningnum og þá hefur nefnd gegn pyndingum³⁴ ekki gefið út almenn tilmæli um þessi brot. Nefndinni berast hins vegar reglulega kærur frá einstaklingum um ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Hún lætur sig þau mál varða með ýmsum hætti þegar ofbeldi telst vera pynding eða önnur grimmileg, ómannleg eða vanvirðandi meðferð, t.d. með því að gera athugasemdir við fyrirkomulag og leggja til úrbætur í þessum málum í aðildarríkjunum.

Í ofangreindum samningum er ekki sérstaklega fjallað um heimilisofbeldi en það leiðir af ákvæðum þeirra og markmiðum að slíkt ofbeldi brýtur gegn þeim grundvallarmannréttindi sem við þekkjum.

1.7 Njóta börn mannréttinda?

Allir menn eiga að njóta mannréttinda og börn eru þar engin undantekning; þau eru sérstaklega viðkvæmur þjóðfélagshópur sem þarf að tryggja aukna vernd og stuðning. Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944³⁵ er að finna mörg ákvæði sem tryggja börnum nauðsynlega vernd. Má þar helst nefna jafnræðisreglu í 65. gr., 68. gr. sem fjallar um bann við pyntingum, 71. gr. sem fjallar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu og 3. mgr. 76. gr. þar sem fram kemur að börnum skuli tryggð sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins eða **Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna** er mikilvægasta alþjóðalega skuldbindingin er varða réttindi

³⁴ Eftirlit með framkvæmd samningsins er í höndum SP-nefndar gegn pyndingum (Committee Against Torture).

³⁵ Hér eftir stjkskr.

barna. Nauðsynlegt var að tryggja börnum víðtækari vernd og voru flest ríki sammála um það. Árið 1979 var því hafist handa við gerð sérstaks þjóðréttarsamning sem fjallaði eingöngu um réttindi barna. Barnasáttmálinn var fullbúinn til undirritunar og fullgildingar, þann 20. nóvember árið 1989 og undirritaði Ísland samninginn 26. janúar 1990 og öðlaðist hann gildi á Íslandi þann 27. nóvember 1992. Loks var hann lögfestur hér á landi þann 20. febrúar 2013.³⁶ Nánast öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa staðfest Barnasáttmálann og er hann sá mannréttindasamningur sem flestar þjóðir hafa staðfest.

Með Barnasáttmálanum urðu ákveðin tímamót í réttindum barna þar sem hann felur í sér viðurkenningu þess að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með gild réttindi, óháð þeim réttindum sem foreldra þeirra hafa og tryggja þeim sérstaka vernd og umönnun. Þar að auki felur hann í sér viðurkenningu þess efnis að börn eru sá hópur sem þarfnast verndar sérstaks eðlis umfram hina fullorðnu, þar sem þau eru ekki fær um að vernda réttindi sín sjálf sökum aldurs og þekkingar.³⁷

Í 2. gr. sáttmálans er jafnræðisregla en þar kemur fram að öll börn eigi að njóta réttinda samkvæmt honum án mismununar. Í 3. gr. sáttmálans kemur fram að það sem barni er fyrir bestu skuli alltaf hafa forgang. Í 6. gr. sáttmálans er svo fjallað um rétt barna til lífs og skyldu aðildarríkja til að tryggja þau grundvallarskilyrði sem þarf til að barn megi lifa og þroskast á besta mögulega hátt. Í 16. gr. sáttmálans er fjallað um vernd einkalífs og kemur þar fram að ekki megi láta börn sæta gerræðislegum eða ólögumætum afskiptum af einkalífi þess, fjölskyldu eða heimili eða ólögumætri árás á sæmd þess eða mannorð. Í 2. mgr. 16. gr. er auk þess kveðið á um að barnið eigi rétt á lagavernd gegn slíkum afskiptum og árásum.

Helsta ákvæði sáttmálans sem fjallar um vernd gegn ofbeldi er 1. mgr. 19. gr. sem hljóðar svo:

- 1. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.*
- 2. Eftir því sem við á skulu meðal slíkra verndarráðstafana vera virkar ráðstafanir til að koma á félagslegri þjónustu til að veita barni og þeim sem*

³⁶ Sbr. lög nr. 19/2013.

³⁷ „Um barasáttmálann“ (Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna, vefur um réttindi barna)

<<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>> skoðað 4. febrúar 2018.

hafa það í sinni umsjá nauðsynlegan stuðning, og til að koma á öðrum forvörnum, svo og til að greina, tilkynna, vísa áfram, rannsaka, taka til meðferðar og fylgjast með tilfellum er barn hefur sætt illri meðferð svo sem lýst hefur verið, svo og ef við á til að tryggja afskipti dómara.

Aðildarríkin eiga samkvæmt ákvæðinu að tryggja að börn sem þess þarfnast hljóti slíka þjónustu en að auki rannsaka mál er varða ofbeldi gegn börnum, taka þau til meðferðar og veita þeim börnum stuðning sem hafa þurft að þola illa meðferð.

Að auki má nefna 39. gr. sáttmálans en hún hljóðar svo:

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að því að barn, sem sætt hefur vanrækslu, notkun eða misnotkun af nokkru tagi, pyndingum eða annars konar grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, eða er fórnarlamb vopnaátaka, hljóti líkamlegan og sálrænan bata og aðlagist samfélaginu á ný. Leita skal bata og aðlögunar í umhverfi sem hlynnir að heilsu, sjálfsvirðingu og göfgi barnsins.

Að lokum má svo nefna 37. gr. a. en þar kemur fram að aðildarríki eigi að gæta þess að ekkert barn sé látið sæta pyntingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Samkvæmt öllu ofangreindu eiga stjórnvöld aðildarríkja að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem þau þurfa og gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja þessi réttindi. Með því er átt við að setja í lög reglur sem varða öryggi þeirra, heilsu og að auki tryggja að stofnanir sem vinna með börnum starfi í samræmi við þær reglur sem stjórnvöld hafa sett. Það er því ljóst að börn njóta mannréttinda líkt og fullorðnir einstaklingar en þó má þó velta því fyrir sér hvort þessi mikla vernd sem þeim er veitt í alþjóðasamningum sé í raun og veru virt.

2. Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu

2.1 Almennt

Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu er mikilvæg mannréttindi sem eru varin í stjórnarskrám og alþjóðlegum mannréttindasamningum. Í henni felst réttur einstaklinga og fjölskyldna til að ráða yfir lífi sínu og líkama og njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Að auki skal tilfinningalíf og tilfinningasambönd við aðra njóta verndar.³⁸

Það sem gerist innan veggja heimilisins hefur lengi verið talið einkamál þeirra sem þar búa og almenningur og stjórnvöld hafa oft lítið vilja skipta sér af því. Ákveðin friðhelgi ríkir innan heimilisins og lögregla hefur haft takmarkaðar heimildir til að skipta sér af því sem fer þar fram. Heimili fólks á að vera eins konar griðastaður þar sem fólk finnur fyrir öryggi og hlýju. Ofbeldi inni á heimilum er þó staðreynd á Íslandi og sennilega einn algengasti ofbeldisverknaðurinn sem framinn er hér á landi. Það er jafnframt það ofbeldi sem er langmest falið auk þess sem lítið er fjallað um það í fjölmiðlum.³⁹ Vandamálið varðandi heimilisofbeldi er að það þrífst yfirleitt innan veggja heimilisins í skjóli friðhelgi þar sem erfitt hefur reynst að grípa inn í til að vernda þá sem verða fyrir ofbeldinu.

Bæði 71. gr. stj.skr. og 8. gr. MSE hafa að geyma ákvæði sem kveða á um vernd fyrir einstaklinga og heimili gegn afskiptum stjórnvalda og annarra. Verulegar breytingar voru gerðar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995. Gildissvið ákvæðisins var víkkað út og 8. gr. MSE var fyrirmynd þess.⁴⁰ Það þarf að skoða hvort þetta verndarákvæði feli í sér svo víðtæka vernd að ofbeldisbrot geti þrífist í skjóli þess. Fjalla þarf því um heimildir stjórnvalda til inngríps í heimilisofbeldismálum og hvort réttindi barna vegi þyngra en þessi tiltekni réttur um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

³⁸ Alþt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389–297. mál, athugasemdir við 9. gr.

³⁹ Björn Harðarson og Eygló Guðmundsdóttir, „Reiði og ofbeldi: Hvað er ofbeldi/árásarhneigð?“ (Persona.is 2004)
<<http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=111&pid=13>> skoðað 6. febrúar 2018.

⁴⁰ Björg Thorarensen, *Mannréttindasáttmáli Evrópu: meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (Reykjavík 2005) 287.

2.2 Ákvæði íslenskra laga um friðhelgi

Í 1. mgr. 71. gr. stj. skr. kemur fram að allir skuli njóta verndar friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í 2. mgr. kemur fram að ekki megi fremja líkamsrannsókn eða leit á manni eða leit í húsakynnum hans eða munum nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram að hægt sé að takmarka þessa friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Ákvæði 71. gr. stj. skr. vernda friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu gegn afskiptum stjórnvalda, lögaðila og einstaklinga en auk þess er löggjafanum skylt að setja reglur til að vernda einstaklinga innbyrðis gegn ógnun við friðhelgi einkalífs. Í því felst refsivernd og að mönnum sé kleift að krefjast bóta þegar afskipti af lífi þeirra verða til með ólöglegum hætti.⁴¹

Áður fyrr var ákvæðinu aðeins ætlað að vernda heimilið sjálft og óheimilt var að gera húsleit, kyrrsetja bréf og önnur skjöl nema með dómsúrskurði eða lagaheimild.⁴² Upprunalegt markmið ákvæðisins var að veita borgurunum vernd gegn geðþótttaafskiptum stjórnvalda af heimilislífi fólks og setja þá kröfu á stjórnvöld að fyrir þurfi að liggja skýr lagaheimild ef húsleit eða annars konar haldlagning á að eiga sér stað.⁴³ Árið 1994 var gerð breyting á stjórnarskránni og gerð tillaga um að víkka gildisvið ákvæðisins verulega þannig að það viki berum orðum að friðhelgi einkalífs og fjölskyldu en ekki eingöngu heimilisins. Þrátt fyrir það var litið svo á að fjölskylda og einkalíf nytu friðhelgi samkvæmt óskráðum grunnreglum. Eðlilegast er þó að orða þessi réttindi skýrt í mannréttindaákvæðum og setja þau í sama ákvæði og friðhelgi heimilisins þar sem um er að ræða sambærileg réttindi sem tengjast að mörgu leyti.⁴⁴ Með breytingunum var gildisvið 71. gr. stj. skr. víkkað verulega og hún nær nú til einkalífs og fjölskyldu en er ekki aðeins bundin við vernd heimilisins eins og orðalag fyrrverandi 66. gr. stj. skr.⁴⁵

Ákvæði 8. gr. MSE er að miklu leyti fyrirmynd áður nefnds stjórnarskrárákvæðis, það verndar friðhelgi einka- og fjölskyldulífs, heimilis og bréfaskipta og verður þessi friðhelgi aðeins skert með þeim skilyrðum sem sett eru fram í 2. mgr. 8. gr. Gildisvið greinarinnar er afar víðtækt og inntak þess hefur vaxið mikið á undanförunum árum. Ákvæði 8. gr. MSE er það ákvæði sem hefur lagt

⁴¹ Alpt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389–297. mál, athugasemdir við 9. gr., mgr. 1.

⁴² Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi* (Bókaútgáfa Codex 2008) 284.

⁴³ Sama heimild, 285.

⁴⁴ Alpt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389–297. mál, athugasemdir við 9. gr.

⁴⁵ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi* (Bókaútgáfa Codex 2008) 284.

víðtækastar jákvæðar skyldur á aðildarríki til að grípa til athafna, t.d með löggjöf, svo þau réttindi sem ákvæðið á að vernda verði raunhæf og virk.⁴⁶ Undir ákvæðið fellur meðal annars friðhelgi heimilisins og friðhelgi fjölskyldunnar.

Hugtakið heimili er hvorki skýrt í stjórnarskrá né almennum lögum. Gildissvið hugtaksins hefur ekki verið túlkað það þröngt að einungis sé átt við lögheimili heldur getur heimili verið dvalarstaður þar sem aðili geymir persónulega muni sína. Einnig er átt við önnur svæði sem maður hefur rétt til að loka af og meina öðrum aðgang að, t.d bifreið, farartæki og fleira sem aðili hefur umráð yfir.⁴⁷ Að auki geta lögpersónur borið fram kæru um brot á friðhelgi heimilisins.⁴⁸

Friðhelgi fjölskyldu er að sama skapi ekki túlkuð þröngt og ákvæði 8. gr. MSE gerir ekki þá kröfu að fjölskylda búi á sama heimili. Fjölskylda þarf ekki að vera fólk sem bundið er hjúskap eða í sambúð heldur getur hún náð til annarra raunverulegra fjölskyldubanda utan hjúskapar. Þannig myndi hjúskapur sem kemur til vegna málamynda ekki falla undir fjölskyldu ef ekki væri um raunverulegt fjölskyldulíf að ræða. Að sama skapi þarf ekki endilega að vera fjölskyldulíf milli tveggja einstaklinga þótt þeir tengist blóðböndum, t.d. milli barns og föður, en þó skapast ákveðin lagaleg tengsl þeirra á milli.⁴⁹ Ákvæðið tryggir rétt fjölskyldunnar til að búa saman og annast uppeldi barna án þess að utanaðkomandi afskipta frá stjórnvöldum, lögreglu eða öðrum sé til staðar. En það er þó þeim takmörkunum háð sem koma fram í 2. mgr. 8. gr. MSE.⁵⁰

Í máli Bevacqua og S gegn Búlgaríu frá 12. júní 2008 (nr. 71127/01) hafði kærandinn farið frá eiginmanni sínum og sótt um skilnað þar sem hún kvaðst verða reglulega fyrir líkamlegu ofbeldi af hans hálfu á meðan hjúskapnum stóð. Hún tók þriggja ára son þeirra með sér en ofbeldið hætti ekki og hún varð fyrir frekara ofbeldi eftir að hún lagði fram kærana. Kærandinn eyddi fjórum dögum í athvarfi fyrir konur ásamt syni sínum þar sem hún var vöruð við því að hún gæti átt yfir höfði sér ákæru fyrir að nema soninn á brott með sér. Beiðni hennar um bráðabirgðaforsjá var ekki afgreidd sem forgangsmál, ári seinna fékk hún lögskilnað og hlaut hún þá loksins forsjá yfir drengnum. Árið eftir var hún aftur beitt líkamlegu ofbeldi af eiginmanninum fyrrverandi og beiðni hennar um opinbera ákæru í málinu var vísað

⁴⁶ Sama heimild, 286.

⁴⁷ Alpt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389–297. mál, athugasemdir við 9. gr., mgr. 1.

⁴⁸ Sbr. Hrd. 2002, bls. 1639 og 1652 (Samkeppnisstofnun gegn Olíuverzlun Íslands hf og Skeljungi hf.)

⁴⁹ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi* (Bókaútgáfa Codex 2008) 313.

⁵⁰ Sama heimild, 314.

frá á þeim forsendum að um væri að ræða einkarefsimál. MDE komst að þeirri niðurstöðu að ríkið hefði brotið gegn 8. gr. MSE um friðhelgi heimilis þar sem búlgörsk stjórnvöld hefðu vanrækt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að refsa og hafa eftirlit með fyrrverandi eiginmanni kæranda. Lagði dómstóllinn einnig áherslu á að sú ákvöðrun stjórnvalda að líta á umrætt ofbeldi sem deilur og einkamál þessara einstaklinga væri ekki í samræmi við þær skyldur ríkisins sem þeim ber að virða til að vernda fjölskyldulíf kæranda.

Fjölmarginir dómar MDE staðfesta þessa afstöðu. Það er því ljóst að friðhelgi heimilisins snýst ekki eingöngu um að þurfa ekki að þola óþarfa afskipti yfirvalda á heimili sínu heldur á ríkið einnig að vernda þá sem búa á heimilinu gegn öðrum utanaðkomandi sem stefna lífi og heilsu þeirra í hættu.

2.3 Takmarkanir á friðhelgi

Þrátt fyrir þessa friðhelgi heimilis og fjölskyldulífs veita ýmis ákvæði stjórnvöldum heimild til þess að hafa afskipti af lífi og heimili fólks með það að markmiði að vernda réttindi barna þegar þau er talin í hættu eða velferð þeirra.⁵¹ Að auki er stjórnvöldum skylt að setja í lög reglur sem vernda einstaklinga í samskiptum þeirra innbyrðis.⁵²

Í 3. mgr. 71. gr. stjkskr. kemur skýrt fram að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. megi með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Í 2. mgr. 8. gr. MSE koma fram takmarkanir á friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu sem hægt er að líta til við skýringu á 3. mgr. 71. gr. stjkskr.⁵³ Þar kemur fram að opinber stjórnvöld skuli eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnahagslegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra. Hér er um að ræða þrjú skilyrði þess að hægt sé að takmarka þau réttindi sem koma fram í 1. mgr. 8. gr. MSE, þ.e. í fyrsta lagi er ekki hægt að ganga á þennan rétt nema fyrir því sé lagaheimilid, í öðru

⁵¹ Alpt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389–297. mál, athugasemdir við 9. gr., mgr. 3.

⁵² Alpt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389–297. mál, athugasemdir við 3 kafla.

⁵³ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi* (Bókaútgáfa Codex 2008) 296.

lagi þarf takmörkunin að stefna að ákveðnu markmiði, t.d. að vernda heilsu manna, og í þriðja lagi eru slíkar takmarkanir nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi.⁵⁴

Lög sem vernda börn geta takmarkað rétt fjölskyldunnar til friðhelgi samkvæmt 71. gr. stjkskr. Má þar nefna 3. mgr. 76. gr. stjkskr. þar sem fram kemur að löggjafanum sé skylt að tryggja börnum með lögum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Börnum er líka veitt vernd gegn því að sæta ofbeldi í 68. gr. stjkskr., sbr. 3. gr. MSE. sem kveður á um það að engan má beita pyntingum né annari ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Auk þess tryggir Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna vernd gegn hvers konar ofbeldi eins og að framan hefur verið rakið. Í 2. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002⁵⁵ er því markmiði lýst að tryggja þurfi að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni eða þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Í VI. kafla laganna er fjallað um aðstæður sem réttlæta afskipti af börnum og ráðstafanir barnaverndaryfirvalda. Í barnalögum nr. 76/2003⁵⁶ kemur fram að barn eigi rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Óheimilt er að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Að auki kemur fram að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni barnsins.

Í frumvarpi til stjórnskipunarlaganna kemur fram að tilgangur með slíkri takmörkun á friðhelgi fjölskyldunnar beinist helst að þeim tilvikum þegar afskipti eru nauðsynlegt til að vernda börn sem búa við óviðunandi aðstæður.⁵⁷ Ljóst er að ákvæði um vernd barna eru víða í lögum og börn eiga rétt á vernd gegn öllu ofbeldi. Þessi vernd friðhelginnar hefur þó í gegnum tíðina því miður verndað geranda frekar en þolanda.⁵⁸ Það þarf að skoða hvort refsilöggjöf hér á landi veiti þolendum heimilisofbeldis nægilega vernd. Gerð verður grein fyrir gildandi refsilöggjöf í þriðja kafla ritgerðarinnar.

⁵⁴ Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“ í *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* (ritstj.), Björg Thorarensen. Reykjavík 2005, 286.

⁵⁵ Hér eftir bvl.

⁵⁶ Hér eftir bl.

⁵⁷ Alpt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389–297. mál, athugasemdir við 9. gr., mgr. 3.

⁵⁸ Sigbrúður Guðmundsdóttir, „Ofbeldi á heimilum“ (1996) Samfélagstíðindi, 64.

2.4 Aðrir alþjóðasamningar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu

Helstu alþjóðaskuldbindingar sem fjalla um friðhelgi heimilis og fjölskyldu koma fram í 12. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna en þar er lýst banni við því að raska heimilisfriði nokkurs manns eftir geðþótta, hnýsast í einkamál hans, vanvirða hann eða spilla mannorði hans og ber hverjum manni lagavernd gegn slíkum afskiptum.⁵⁹ Í 17. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi er tilgreint að enginn skuli þola geðþótta- eða ólögsmæta röskun á einkalífi, fjölskyldu, heimili eða bréfskiptum eða ólögsmætar árásir á heiður eða mannorð sitt.

2.5 Tilkynningarskylda

Eins og að framan hefur verið rakið er friðhelgi fjölskyldu og heimilis mikilvæg mannréttindi en þrátt fyrir það ríkir sú staðreynd að brotið er á börnum innan veggja heimilisins og nauðsynlegt er að hafa reglur og lög sem vernda börn gegn því. Ofbeldi gegn börnum kemur öllum við og má ekki líta fram hjá því þrátt fyrir að verið sé að beita ofbeldi bakvið luktur dyr.⁶⁰ Í 16. gr. bvl. kemur fram að öllum sé skylt að hafa samband við barnavernd ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn sæti vanrækslu eða verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Um er að ræða mikilvæga reglu þar sem að börn geta ekki alltaf gætt hagsmuna sinna sjálf og fengið þannig nauðsynlega aðstoð sem þau þarfnast. Auk þess viti þau í flestum tilfellum ekki að brotið sé á þeim eða að heimilisaðstæður þeirra séu með óvenjulegum hætti. Ákvæði 16. gr. bvl. tekur til almennings og gerir borgurum þannig skylt að tilkynna barnaverndaryfirvöldum þegar ástæða er til að ætla að börn séu vanrækt eða beitt illri meðferð af einhverju á heimili sínu eða annars staðar.⁶¹ Viðhorf almennings til ofbeldis gegn börnum skiptir því gríðarlega miklu máli.⁶²

Í ákvæðum 17. og 18. gr. bvl. er aftur á móti mælt sérstaklega fyrir um tilkynningarskyldu aðila sem vegna starfa sinna hafa sérstök afskipti af börnum, t.d. heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna menntastofnana. Tilkynningarskylda þessi gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta og

⁵⁹ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi* (Bókaútgáfa Codex 2008) 285.

⁶⁰ Umboðsmaður barna, „Ofbeldi“ (Umboðsmaður barna 2014) <<https://barn.is/malaflokkar/ofbeldi/>> skoðað 31. janúar 2018.

⁶¹ Alpt. 2001–2002, A-deild, þskj. 403–318. mál, athugasemdir við 16. gr.

⁶² Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Sesselja Th. Ólafsdóttir: *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi: höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða* (Miðstöð heilsuverndar barna, Umboðsmaður barna 2004)34.

byggist á þeirri meginreglu að barnið eigi ávallt að njóta vafans. Þó aðeins sé grunur um ofbeldi á heimili barna, ber þrátt fyrir það að tilkynna slíkt til yfirvalda. Tilkynnandi getur í flestum tilvikum óskað nafnleyndar gagnvart fjölskyldu barnsins ef hann óskar eftir því.⁶³

⁶³ Alþt. 2001–2002, A-deild, þskj. 403–318. mál, athugasemdir við 19. gr.

3. Heimilisofbeldi gegn börnum

3.1 Almennt

Hér á landi búa mörg börn við heimilisofbeldi, ýmist með því að verða vitni að ofbeldinu eða verða fyrir því sjálf. Samkvæmt rannsókn um tilkynningar til barnaverndarnefnda er varða grun um líkamlegt ofbeldi gegn börnum árið 2006 hefur fimmta hvert barn hér á landi sætt líkamlegu ofbeldi.⁶⁴

Skilgreining íslenskra barnaverndar á ofbeldi og vanrækslu gegn börnum hljóðar svo: „Ofbeldi felur í sér athöfn sem leiðir til eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns. Vanræksla felur í sér skort á nauðsynlegri athöfn sem leiðir til skaða eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns“⁶⁵

Í 1. mgr. 3. gr. bvl. eru börn allir þeir einstaklingar sem eru yngri en 18 ára.⁶⁶ Miðað er við þann aldur er einstaklingur öðlast lögræði en í 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 kemur fram að einstaklingar öðlast lögræði 18 ára og þá hafi þeir sjálfræði og fjárræði.⁶⁷ Því eru allir einstaklingar yngri en 18 ára skilgreindir sem börn.

Hinn 18. ágúst 1997 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að huga að breytingum á löggjöf til að koma í veg fyrir heimilisofbeldi. Í skýrslu dómsmálaráðherra um forvarnir gegn heimilisofbeldi, *Hjálparúræði fyrir þolendur og meðferðarúræði fyrir gerendur* kemur fram að ekki sé unnt að skilja ofbeldi gegn börnum frá umræðu um heimilisofbeldi. Allt ofbeldi þar sem börn eru á heimili sé því jafnframt ofbeldi gagnvart börnum.⁶⁸

Ofbeldi gegn börnum er oft flokkað í líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi, vanrækslu og einelti.⁶⁹ Það að verða vitni að ofbeldi á heimili er ýmist skilgreint sem sérflokkur eða sem andlegt ofbeldi. Ofbeldið getur átt sér stað á heimilum, í skólum, í félags-, íþrótt- og tómstundastarfi. Börn eiga rétt á líkamlegri,

⁶⁴ Steinunn Bergmann, „Börnum straffað með hendi og vendi: barnaverndartilkynningar er varða líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum“ (Barnaverndarstofa 2010) <<http://www.bvs.is/files/file921.pdf>> skoðað 11. febrúar 2018.

⁶⁵ Freydís J. Freysteinsdóttir, „Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF) barnaverndarstofa“ (Barnaverndarstofa 2012) <<http://www.bvs.is/files/file468.pdf>> skoðað 13. febrúar 2018.

⁶⁶ Alpt. 2001–2002, A-deild, þskj. 403–318. mál, athugasemdir við 3. gr.

⁶⁷ Alpt. 1996–1997, A-deild, þskj. 121–410. mál, athugasemdir við 1. kafla.

⁶⁸ Alpt. 1997–1998, A-deild, þskj. 1382–711. mál.

⁶⁹ Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir: *Verndum þau* (Mál og menning 2013) 7.

andlegri og tilfinningalegri umhyggju og heimilið ætti að vera gríðastaður fjölskyldunnar en því miður er raunin ekki alltaf sú.⁷⁰

Í gegnum tíðina hefur verið erfitt að greina nákvæmlega hversu algengt heimilisofbeldi gegn börnum er þar sem ofbeldi gegn börnum hefur ekki alltaf verið viðurkennt sem ofbeldi. Líkamlegar refsingar tíðkuðust á mörgum heimilum og voru viðurkenndar sem eðlilegur heimilisháttur. Þegar líkamlegir áverkar voru sjánlegir voru þeir oftast skráðir sem slys.⁷¹ Samkvæmt skýrslu UNICEF um stöðu barna á Íslandi 2011 má gera ráð fyrir því að um 2.000–4.000 börn búi við heimilisofbeldi eða séu beitt því hér á landi. Einu upplýsingarnar sem fyrir liggja um umfang heimilisofbeldis eru frá barnaverndarnefndum og þær ná ekki langt aftur í tímann. Því eru því alltof litlar upplýsingar til um tíðni heimilisofbeldis og áhrif þess og tengsl við börn.⁷²

3.2 Birtingarmyndir heimilisofbeldis gegn börnum

Líkamlegt ofbeldi er barsmíðar af einhverju tagi. Þar má helst nefna þegar börn eru hrist, þeim hent til og frá, þau slegin (kinnhestur), og rassskellt svo eitthvað sé nefnt.⁷³ Áverkar eru ekki alltaf sýnilegir en geta þó verið það; vandamálið er að börnum er eðlilegt í leik og útiveru að fá marbletti og sár. Jafnvel við smávægileg slys er eðlilegt að fá líkamleg ummerki og erfitt getur verið að greina á milli þeirra og áverka vegna ofbeldis. Yfirleitt eru áverkar eftir harðræði heima fyrir þó af öðru tagi og er það lækna að meta slíkt.⁷⁴ Börn sem eru beitt líkamlegu ofbeldi á heimili sínu átta sig ekki alltaf á því að það megi ekki leggja hendur á börn og þau eiga það til að kenna sjálfum sér um ofbeldið vegna hegðunar sinnar. Í slíkum tilfellum er um að ræða ofbeldismann sem einnig er umönnunaraðili sem þau elska. Börnum er eðlislægt að vernda foreldra sína og auk þess óttast þau ofbeldismanninn og þar af leiðandi hafa þau oft lært að vera meðvirk og segja ekki frá ofbeldinu á heimilinu.⁷⁵

Andlegt ofbeldi getur verið töluvert huldara en það líkamlega. Það á sér stað þegar barn er móðgað, kallað illum nöfnum, því er hótáð á einhvern hátt, það verður

⁷⁰ Umboðsmaður barna, „Ofbeldi“ (Umboðsmaður barna 2014) <<https://barn.is/malaflokkar/ofbeldi/>> skoðað 31. janúar 2018.

⁷¹ Lovísa Arnardóttir, „Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir“ (UNICEF á Íslandi 2013) <http://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef_rettindi_barna_ofbeldi_og_forvarnir_0.pdf> skoðað 28. febrúar 2018.

⁷² Sama heimild.

⁷³ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánnum samböndum*, (Félagsmálaráðuneytið 2008)18.

⁷⁴ Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir: *Verndum þau* (Mál og menning 2013)38.

⁷⁵ Sama heimild, 36.

fyrir sífelltri gagnrýni eða öskrað er á það, svo dæmi séu nefnd.⁷⁶ Andlegt ofbeldi getur komið fram í markvissu niðurbroti gegn barni þegar því er stöðugt sagt að það sé ekki fært um að gera ákveðna hluti. Annað dæmi er þegar sífellt er sett út á útlit eða skap barns með niðrandi hætti. Að auki getur andlegt ofbeldi birst í afneitun á barni, langvarandi þögn í refsingarskyni og niðurlægjandi ummælum í þeirra garð. Það er líka skilgreint sem andlegt ofbeldi þegar barn verður vitni að heimilisofbeldi gegn öðrum fjölskyldumeðlimum.⁷⁷ Sjálfsmynd barna sem verða fyrir andlegu ofbeldi er oft brotin og endurspeglast af þeirri mynd sem gerandi hefur sett upp með niðurlægjandi tali sínu.⁷⁸ Andlegt ofbeldi getur einnig átt sér stað utan heimilisins, t.d. einelti í skólum.⁷⁹

Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum felur í sér að börn eru fengin til að taka þátt í kynferðislegum athöfnum af einhverju tagi. Hvort sem athöfnin er gerð með vilja barnsins eða ekki þá eru börn ekki fær um að skilja hvað á sér stað vegna aldurs og þroska og eru því ekki fær um að ákveða hvort þau vilji taka þátt eða ekki. Kynferðislegt ofbeldi er til þess fallið að lítillækka, auðmýkja og ráða yfir barni og gerandi tekur ekki tillit til líðan eða vilja þess sem fyrir því verður. Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum getur falið í sér bæði beina og óbeina snertingu.⁸⁰ Börnum er tryggð sérstök vernd gegn kynferðislegri misnotkun í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. 200–202. gr. Því verður ekki fjallað nánar um það í ritgerð þessari.

Vanræksla er hluti af ofbeldi gegn börnum en það er þegar endurtekinn skortur er á viðeigandi umönnun barns sem veldur þannig skaða. Þá er átt við þegar þörfum barns er alla jafna ábótavant en ekki sinnuleysi einstöku sinnum. Sem dæmi um vanrækslu má nefna þegar mataræði er ábótavant, barn fær ekki nægilega hollan og næringarríkan mat eða kemur ekki með nesti í skólann, hreinlæti barns er ábótavant, heilbrigðisþjónustu við barnið er ekki sinnt og þegar barn er sett í aðstæður þar sem öryggi þess er ekki tryggt, t.d. ekki sett í öryggisbelti í bíl.⁸¹ Tilfinningaleg vanræksla er þegar tilfinningalegum þörfum barnsins er ekki sinnt, t.d. þegar barn er sniðgengið,

⁷⁶ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánnum samböndum*, (Félagsmálaráðuneytið 2008) 19.

⁷⁷ Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir: *Verndum þau* (Mál og menning 2013) 40.

⁷⁸ Sama heimild, 41.

⁷⁹ Sama heimild, 40.

⁸⁰ Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir: *Verndum þau* (Mál og menning 2013) 10–11.

⁸¹ Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir: *Verndum þau* (Mál og menning 2013) 43–44.

ekki huggað þegar það grætur, því ekki veitt athygli eða ekki hlustað á það eða þegar því er ekki sýnd væntumþykja og hlýja.⁸²

3.3 Hvenær er ofbeldi talið vera heimilisofbeldi gegn barni?

Í verklagsreglum lögreglunnar frá 2015 um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála á Íslandi kemur fram að heimilisofbeldi er ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af hendi nákomins aðila og að forsenda þess að um heimilisofbeldi sé að ræða er að aðilar séu nánir eða tengdir. Börn falla hér undir ef þau verða fyrir ofbeldi af hendi foreldra sinna, stjúeforeldra, umönnunaraðila eða annarra heimilismanna. Ofbeldið þarf ekki að vera bundið við heimili geranda eða þolanda heldur getur átt sér stað hvar sem er. Þær verknaðaraðferðir sem falla undir heimilisofbeldi koma fram í 3. gr. verklagsreglnanna og geta verið hótanir og ærumeiðingar, brot gegn frjálstræði manna og brot gegn friðhelgi einkalífs, kynferðisbrot, manndráp, líkamsmeiðingar og ýmis önnur brot. Þegar lögregla kemur í útkall vegna heimilisofbeldis og börn eru skráð til heimilis þar skal óska eftir því að starfsmaður barnaverndar eða félagsþjónustu komi strax á vettvang. Hlutverk hans er að veita börnum markvissan stuðning og hjálp.⁸³

3.4 Núgildandi refsilöggjöf heimilisofbeldismála er varða börn

Ekkert barn á að þurfa líða að vera beitt ofbeldi á heimili sínu eða annars staðar. Bæði börn og forsjáraðilar þeirra geta kært ofbeldi og alla aðra illa meðferð gegn börnum til lögreglu. Þau lög sem notast hefur verið við í slíkum málum eru barnaverndarlög og almenn hegningarlög og verður því sérstaklega fjallað um þau hér.

3.4.1 Barnaverndarlög nr. 80/2002

Markmið barnaverndarlaga koma fram í 1. mgr. 2. gr. Meginmarkmið þeirra er að öll börn á Íslandi búi við viðunandi aðstæður. Lögin eiga að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður fái nauðsynlega aðstoð. Barnaverndaryfirvöldum ber því að stuðla að því að aðstæður einstakra barna sem yfirvöld hafa afskipti af séu viðunandi.⁸⁴ Að auki eiga lögin að tryggja að börn sem eru í sérstökum vanda fái

⁸² Sama heimild, 45.

⁸³ Ríkislögreglustjórinn, „Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála sem tilkynnt eru lögreglu“ (Ríkislögreglustjórinn 2014) <<http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Verklag-um-heimilisofbeldi.pdf>> skoðað, 31. janúar 2018.

⁸⁴ Alþt. 2001–2002, A-deild, þskj. 403–318. mál, athugasemdir við 2. gr.

nauðsynlega aðstoð þegar þau eru þolendur óviðunandi aðstæðna hjá þeim sem hafa umsjón með þeim eða annarra sem hafa afskipti af þeim.⁸⁵ Til þess að þessu markmiði verði náð er mikilvægt að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu. Lögin taka til allra sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins, sbr. 2. mgr. 2. gr., og eru yngri en 18 ára, sbr. 1. mgr. 3. gr. bvl.⁸⁶

Réttindi barna og skyldur foreldra koma fram í 1. gr. bvl. Í 1. mgr. þeirrar greinar kemur fram það sjónarmið sem barnaverndarlög eru reist á: að öll börn eigi rétt á sérstakri vernd og umönnun. Þessi sjónarmið koma fram í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Í 2. mgr. er fjallað um skyldu foreldra að haga uppeldisaðferðum sínum eftir því sem best hentar hag barnanna og þörfum. Hér er um að ræða þá grundvallarreglu barnaréttarsins að öll löggjöf sem varðar börn skuli hafa hag og þarfir barna í fyrirrími. Umhyggja og nærfærni er sérstaklega nefnd í ákvæðinu og felst í því að foreldrar sýni barni virðingu og að beita skuli samræðum en ekki líkamlegum refsingum þegar svo ber undir í uppeldi þeirra.⁸⁷

3.4.2 Þróun barnaverndarlaga nr. 80/2002

Fyrstu lög um barnavernd voru sett árið 1932, sbr. nr. 43/1932. Í þeim var lagður grunnur að núverandi skipulagi í barnaverndarmálum. Þar var m.a. mælt fyrir um stofnun barnaverndarnefnda í kaupstöðum með 300 íbúa eða fleiri og um stofnun yfirbarnaverndarnefndar Íslands, sem hefur m.a. það hlutverk að hafa umsjón með starfi og rekstri barnahæla. Lögin voru endurskoðuð árið 1947, sbr. lög nr. 29/1947, en þar var yfirbarnaverndarnefnd lögð niður og Barnaverndarráð Íslands stofnað. Þau lög voru svo felld úr gildi með setningu laga nr. 53/1966 en þau fjölluðu mun ítarlegar um vernd barna og fólu í sér aukin verkefni og skyldur barnaverndarnefnda. Enn ítarlegri lög tóku svo við árið 1992, sbr. lög nr. 58/1992, og var þar að finna fjölda nýmæla sem tóku á mikilvægum atriðum varðandi vernd barna. Þeim lögum var svo tvívegis breytt, þ.e. árið 1995 og aftur árið 1998.⁸⁸ Barnaverndarlög nr. 80/2002 tóku gildi 1. júní 2002. Þau miða að því sjónarmiði að öll börn eigi rétt á sérstakri vernd og

⁸⁵ Sama heimild.

⁸⁶ Alþt. 2001–2002, A-deild, þskj. 403–318. mál, athugasemdir við 3. gr.

⁸⁷ Alþt. 2001–2002, A-deild, þskj. 403–318. mál, athugasemdir við 2. gr.

⁸⁸ Alþt. 2001–2002, A-deild, þskj. 403–318. mál, athugasemdir við 2. kafla

skuli njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Þetta er í samræmi við mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmálann.⁸⁹

Miklar breytingar voru gerðar á barnaverndalögum í kjölfar **Hrd. 506/2008**, en þann 22. janúar 2009 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm sem kallaður hefur verið flengingardómurinn. Þar var X ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 202. gr. og 1. mgr. 217. gr. hgl. en til vara fyrir brot gegn 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl., með því að hafa rassskellt tvo drengi í nokkur skipti á beran rassinn og borið olú á rassinn á þeim eftir á. Málavextir voru þannig að móðir drengjanna, C, hafði stofnað til sambands við X í maí 2006 en sambandi þeirra lauk haustið 2006. Hún átti tvo syni, A, 6 ára og B, 4 ára, en hún hafði umgengni við þá þrjár helgar í mánuði. X hafði með leyfi móður þeirra rassskellt bæði A og B fyrir óþekkt í tvígang á beran rassinn og eftir rassskellinguna borið olú á rass þeirra. Drengirnir A og B kváðu móður sína hafa verið viðstadda þegar flengingar áttu sér stað og að X hefði ekki snert þá annars staðar. Því var ekki talið sannað að X hefði áreitt drengina kynferðislega og háttsemi hans var ekki heimfærð á 2. mgr. 202. gr. hgl. Þá var 1. mgr. 217. gr. laganna ekki talin eiga við í þessu tilfalli með þessum rökstuðningi:

„Almennt séð varðar það við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga að slá mann nauðugan á rassinn með flötum lófa svo að undan roðnar. Til þess er hins vegar að líta að hugsanlega tíðkast eitthvað, eða hefur tíðkast, að flengja börn. Verður að gæta að því að ekki verður öðruvísi litið á en að ákærði hafi flengt drengina með samþykki móður þeirra, í tilefni af því að þeir höfðu sýnt af sér óþekkt, þótt ekki liggi fyrir í hverju hún hafi falist. Hversu óviðurkvæmilegt sem það kann að virðast nú á tímum að flengja börn fyrir óþægð þykir ekki verða kveðið á um það hér að það varði refsingu, ef uppalandi barns tekur á því ábyrgð með samþykki sínu og nærveru, þegar til þess er litið að skilja verður ákvæði 1. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002 svo að ekki sé þar lagt algert bann við því að börn séu beitt refsingum og líkamlegar refsingar þar ekki undanskildar“

Til vara var háttsemi ákærða heimfærð til ákvæðis 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl. Samkvæmt 1. mgr. varðar það hvern sem beitir barn refsingum, hótunum eða

⁸⁹ Skýrsla til Alþingis, „Staða barnaverndarmála á Íslandi“ (Ríkisendurskoðun 2015) <<https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/barnaverndarmal2.pdf>> skoðað 3. apríl 2018.

ógnunum, og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega, sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Samkvæmt 3. mgr. varðar það hvern sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar, sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Dómurinn taldi 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl ekki eiga við með þessum rökstuðningi:

„Í þessu máli liggur ekkert mat fyrir á því að refsing sem ákærði beitti drengina með samþykki móðurinnar og að henni viðstaddri hafi verið til þess fallin að skaða þá andlega eða líkamlega. Ekkert liggur heldur fyrir um það að drengirnir hafi orðið fyrir slíkum skaða. Þótt það sé skoðun dómara að það sé óheppilegt og óæskilegt að flengja börn, er varhugavert að slá því föstu hér að það falli ætíð undir það að vera yfirgangur, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi í skilningi nefnds ákvæðis. Verður því ekki fallist á að verknaður ákærða verði heimfærður til ákvæða 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002. Samkvæmt þessu verður ákærði sýknaður af kröfum ákærvaldsins að því er varðar 1. tl. ákærunnar“

Að auki tekur dómurinn fram að:

Með 1. mgr. 99. gr. bvl. er ekki lagt fortakslaust bann við því að foreldri eða annar maður með samþykki þess beiti barn líkamlegum aðgerðum til að bregðast við óþægð, heldur er refsinaemi slíkrar háttsemi háð því að gerðir hans séu til þess fallnar að skaða barnið andlega eða líkamlega. Ekki hafa verið færðar sönnur fyrir að háttsemi ákærða, sem 1. liður ákæru tekur til, hafi farið út fyrir þau mörk, sem þetta ákvæði felur í sér. Með þessari athugasemd en að öðru leyti með vísan til forsenda hins áfrýjaða dóms verður að staðfesta niðurstöðu hans um sýknu“

Niðurstaða þessi vakti reiði og mikla undrun almennings í landinu, enda óeðlileg í ljósi þeirra alþjóðlegu skulbindinga eins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og afstöðu almennings til ofbeldis gegn börnum. Löggjafinn brást við með breytingarlögum nr. 52/2009 þar sem gerðar voru breytingar m.a á 1. mgr. 99. gr. bvl. þar sem lagt var afdráttarlaust bann við því að beita barn ofbeldi í refsingaskyni og að slíkt væri refsinaemur verknaður. Með breytingum þessum var ætlunin að taka af allan vafa um að líkamlegar eða andlegar refsingar gegn börnum væru ekki undir neinum kringumstæðum heimilar.

3.4.3 Breyting á barnaverndarlögum nr. 80/2002 með lögum nr. 52/2009

Frumvarpinu var ætlað að breyta bæði barnaverndarlögum og barnalögum til þess að tryggja stöðu og réttindi barna gagnvart foreldrum og forsjáraðilum þeirra. Helstu breytingarnar sem gerðar voru fjalla um líkamlegar og andlegar refsingar gagnvart börnum og er skýrt tekið fram að slíkt sé óheimilt og refsivert athæfi. Á það þá bæði við um ofbeldi af hálfu foreldra eða forsjármanna og annarra umsjáraðila.

Í greinargerð er fjallað sérstaklega um aðild Íslands að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem tekið er fram að eftir undirritun hans sé Ísland bundið að þjóðarétti til að virða þær reglur sem hann mælir fyrir um. Í 19. gr. sáttmálans er tekið fram að börn skuli njóta verndar gegn öllu ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðislegu. Þá er einnig í 39. gr. sáttmálans tekið fram að ekki megi beita börn ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu.

Ákvæði 1. gr. breytingarlaganna nr. 52/2009 felur í sér breytingu á ákvæði 1. mgr. 1. gr. bvl. um réttindi barna og skyldur foreldra, þar er tekið fram með skýrum hætti að það séu réttindi barna að þau skuli ekki þurfa að þola líkamlegar eða andlegar refsingar eða annars konar illa meðferð.⁹⁰

Með ákvæði 2. gr. var ákveðið að skilgreina hugtakið óviðunandi aðstæður, uppeldisaðstæður eða uppeldisskilyrði. Þessi hugtök koma víðs vegar fram í barnaverndarlögum en var hvergi skilgreint í hverju það felst. Það tekur þannig til vanrækslu og ofbeldis gegn barni og einnig fellur þar undir önnur ill meðferð, þ.m.t. heimilisofbeldi, hvort sem barn verður fyrir slíku ofbeldi eða þarf að horfa upp á ofbeldi sem beint er gegn öðrum á heimilinu. Dregin er fram sú afstaða löggjafans að heimilisofbeldi sé ástand af því tagi sem jafnað verður til óviðunandi aðstæðna í skilningi laganna. Með heimilisofbeldi er ekki eingöngu átt við að barn sé sjálft beitt ofbeldi heldur einnig að því sé misboðið með þeim hætti að horfa upp á ofbeldi gegn öðrum á heimili eða þar sem það dvelst.⁹¹

Ákvæði 3. gr. gerir það refsivert að beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum. Með ákvæðinu er gert ráð fyrir að háttsemin varði við sömu refsingu og brot gegn 217. gr. hgl. sem fjalla um minni háttar líkamsárás í almennum hegningarlögum og að túlka skuli þessi ákvæði á sama hátt.⁹²

⁹⁰ Alpt. 2008–2009, A-deild, þskj. 19–19. mál, athugasemdir við gr. 1.

⁹¹ Alpt. 2008–2009, A-deild, þskj. 19–19. mál, athugasemdir við gr. 2

⁹² Alpt. 2008–2009, A-deild, þskj. 19–19. mál, athugasemdir við gr. 3.

Að auki voru gerðar breytingar á barnalögum nr. 76/2003, þar sem nýr málslíður bættist við 2. mgr. 28. gr. laganna. Þar er beinlínis tekið fram að foreldrar eða aðrir forsjáraðilar skuli ekki beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum. Breyting þessi felur í sér að foreldrum og öðrum forsjáraðilum sé bæði skylt að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi af hálfu annarra og einnig að þeim sé óheimilt að beita sitt eigið barn slíku ofbeldi. Að auki er sérstaklega tekið fram að refsingar í uppeldisskyni séu óheimilar, þar á meðal flengingar.⁹³

Áður en 1. mgr. 99. gr. bvl. var breytt með lögum nr. 52/2009 hljóðaði ákvæðið svo:

Hver sem beitir barn refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Ákvæði 1. mgr. 99. gr. bvl. hljóðar svo eftir breytingu:

Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Auk 99. gr. bvl. er að finna refsíákvæði í 98. gr. bvl. sem leggur refsingu við því að misbjóða barni andlega, líkamlega eða kynferðislega og fjallar um brot umsjáraðila gagnvart barni. Slíkt varðar fangelsi allt að fimm árum.

Með breytingum þessum eru því búið að banna alla þá háttsemi sem felur í sér líkamlegt eða andlegt ofbeldi gegn börnum, hvort sem það er í uppeldisskyni eða með öðrum hætti. Löggjafin er hér að taka ákveðið vald af foreldrum þegar kemur að uppeldisaðferðum þeirra og viðurkenna að slíkar aðferðir sem fela í sér ofbeldi hafa slæm áhrif á börn og það er samfélagsleg skylda okkar að ala upp börn sem verða góðir samfélagsþegnar. Ekki er langt síðan slík afskipti stjórnvalda af einkalífi og fjölskyldulífi fólks þóttu alltof mikil en núna er fólk meðvitaðara um mikilvægi þess að vernda börn gegn þessu ofbeldi sem gerist innan veggja heimilisins og er tilbúið til að uppræta það vandmál sem hefur þrífist í skjóli friðhelgi heimilisins í alltof langan tíma.

⁹³ Alþt. 2008–2009, A-deild, þskj. 19–19. mál, athugasemdir við gr. 4.

3.4.4 Almenn hegningarlög nr. 19/1940⁹⁴

Fyrstu hegningarlög landsins voru sett 25. júní árið 1869.⁹⁵ Í 204. gr. þeirra laga kemur fram:

- 1. Ef maður misþyrmir konu sinni eða kona manni sínum, og þau eru samvistum, þá varðar það fangelsi, þó ekki hljótist áverki eða annar skaði af því, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru.*
- 2. Sömu hegningu skal sá sæta, sem misþyrmir börnum sínum eða annara börnum, sem honum er trúað fyrir til umönnunar.⁹⁶*

Í 2. mgr. þessarar greinar er tekið sérstaklega á líkamlegu ofbeldi gegn börnum af hendi foreldra þeirra. Með nýjum hegningarlögum var það ákvæði tekið út og sambærilegt ákvæði var ekki finna þar fyrir en ákvæði 218. gr. b hgl. kom til.

Þau ákvæði almennra hegningarlaga sem fjalla um líkamleg ofbeldisbrot eru 217. gr. hgl. og 218. gr. hgl. Um minni háttar líkamsárás fjallar 217. gr. hgl. og er refsirammí þess fangelsi allt að 6 mánuðum en allt að 1 ári ef háttsemin er sérstaklega vítaværð. Ákvæðið nær yfir eða tekur til þeirra ofbeldisárása sem hafa ekki í för með sér eins alvarlegar afleiðingar og þær sem falla undir 218. gr. hgl. Afleiðingar brots ráða þannig að miklu leyti hvernig það er heimfært til refsíákvæða en til dæmis fellur glóðarauga, marblettir, rispur, tognun eða hrúfl sérstaklega undir 217. gr. hgl. Um meiri háttar líkamsárás fjallar 218. gr. hgl. og varðar hún fangelsi allt að 3 árum. Þegar brot fellur undir 218. gr. hgl. er miðað við að af verði alvarlegra tjón við verknaðinn, eins og beinbrot, tannbrot eða innvortis meiðsl. Árásin þarf að auki að vera sérstaklega hættuleg vegna aðferðar sem notast var við. Mörkin á milli 217. og 218. gr. hgl. geta verið óljós en myndast hefur nokkuð skýr dómavenja í þessum málum.⁹⁷

3.4.5 Breyting á almennum hegningarlögum með nýju ákvæði er varðar heimilisofbeldi, sbr. 218. gr. b. hgl.

Í upphafi árs 2013 fór innanríkisráðherra fram á að refsiréttarnefnd ynni frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum þar sem heimilisofbeldi yrði skilgreint sem

⁹⁴ Hér eftir hgl.

⁹⁵ Ólafur Lárusson, *Lög og saga*, (Hlaðbúð 1958) 217.

⁹⁶ Alþt. 1869, 2 bindi, A-deild, bls 55.

⁹⁷ Sbr. Hrd. 29. febrúar 1956 í máli nr. 170/1955. Dómurinn markar ákveðin skil á milli 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 218. gr. hgl.

sérstakt brot. Um var að ræða nýmæli í almennum hegningarlögum sem lagt var fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.

Með frumvarpinu var lagt til að við löginn bættist nýtt ákvæði 218. gr. b þar sem ofbeldi í nánnum samböndum yrði sérstaklega gert refsivert. Þá var lagt til að ákveðin háttsemi væri virt sem ein heild en ekki samansafn einstakra tilvika þegar fjallað er um ofbeldi í nánnum samböndum. Með ákvæðinu er ætlunin að beina athyglinni á það ógnar- og óttaástand sem getur skapast og jafnframt á þá andlegu þjáningu og kúgun sem þolandi hefur þurft að þola í ákveðið langan tíma, í stað þess að líta á afleiðingar hvers og eins atviks fyrir sig.⁹⁸

218. gr. b. hgl. fjallar sérstaklega um heimilisofbeldi og hljóðar svo:

1. Hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

2. Ef brot er stórfellt getur það varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á grófleika verknaðar skal sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur ber að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er háttsemin refsiverð ef hún er endurtekin eða alvarleg. Til þess að skilyrði þess að um heimilisofbeldi sé að ræða í skilningi 218. gr. b. hgl. sé fullnægt þá þarf háttsemin að hafa staðið yfir í ákveðinn tíma þannig að viðvarandi ógnarástand hafi skapast. Þó getur einstakt brot einnig fallið hér undir ef það er nægilega alvarlegt. Þeir einstaklingar sem ákvæðið veitir sérstaka réttarvernd eru maki eða sambúðaraðili, hvort sem um er að ræða núverandi eða fyrrverandi. Niðjar geranda og niðjar núverandi eða fyrrverandi maka, áar geranda og aðrir sem búa með geranda á sama heimili eða eru í hans umsjá.⁹⁹

Hér er því um að ræða sérstakan hóp fólks sem nauðsynlegt er að veita sérstaka vernd gegn ofbeldi þegar það er endurtekið á milli aðila í nánnum samböndum. Ekki er þó um tæmandi upptalningu að ræða.¹⁰⁰

⁹⁸ Alþt. 2015–2016, A-deild, þskj. 547–401. mál.

⁹⁹ Sama heimild.

¹⁰⁰ Alþt. 2015–2016, A-deild, þskj. 547–401. mál. athugasemd við gr. 4.

Með ákvæði 218. gr. b. hgl. fá börn sem búa á ofbeldisheimili aukna vernd þar sem hún verndar þau gegn ofbeldi sem beinist beint gegn þeim og því ofbeldi sem þau búa við, hvort sem að ástandið á heimilinu og ógnin sem þau lifa við beinist gegn þeim eða ekki. Í frumvarpinu kemur fram að eitt af markmiðum þessa ákvæðis sé að auka réttarvernd barna sem búa við heimilisofbeldi.¹⁰¹ Hér er því viðurkennt að ákvæðið eigi einnig við ef barn er vitni að ofbeldi á heimili sínu eins og nánar verður fjallað um í fimmta kafla. Rannsóknir síðustu ára, bæði erlendar og íslenskar, hafa leitt í ljós að börn þurfa hvorki sjálf að verða fyrir ofbeldinu né verða beint vitni að því til að verða fyrir skaðlegum og langvarandi afleiðingum, líkamlega jafnt sem andlega. Slíkt álag á börn á uppvaxtarárunum getur leitt til truflunar á líkamsþroska og auk þess valdið því að þau eigi við margs konar tilfinningalega og líkamlega erfiðleika að etja.¹⁰²

Þær verknaðaraðferðir sem falla undir ákvæði 218. gr. b. hgl. eru ofbeldi, hótanir, frelsissvipting og nauðung svo eitthvað sé nefnt. Öll þessi ákvæði geta nú þegar falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt hegningarlögum, því er ákveðið hagræði í því að sameina þessa háttsemi undir eitt ákvæði sem tekur á öllum þeim atriðum sem eiga sér stað þegar ákært er fyrir heimilisofbeldi. Ákvæðið á einnig að taka til þess ef lífi, heilsu eða velferð brotþola er ógnað á þann veg að ekki er til staðar ákvæði sem getur falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt gildandi lögum. Fellur hér undir til dæmis það andlega ofbeldi sem ríkir í ofbeldissamböndum¹⁰³

Ákvæðið er þannig gert að ekki er þörf á að beita því samhliða öðrum ákvæðum hegningarlaga heldur dugar að beita því einu og sér. Ekki er hins vegar útilokað að því verði beitt samhliða öðrum ákvæðum þá sérstaklega þeim sem mæla fyrir um hærri refsimörk, til dæmis kynferðisbrot.¹⁰⁴

Í setningu sérstaks ákvæðis um ofbeldi í nánnum samböndum í almenn hegningarlög felst ákveðin viðurkenning löggjafans á sérstöðu og alvarleika slíkra brota og að slíkt ofbeldi á heimilum sé ekki einkamál fjölskyldna heldur varði samfélagið allt. Mikilvægt er að þessi samfélagslega afstaða um heimilisofbeldi endurspeglist í löggjöf frá Alþingi og að það komi skýrt fram að slíkt líðist ekki í

¹⁰¹ Alþt. 2015–2016, A-deild, þskj. 547–401. mál, athugasemdir við 4. gr. mgr. 1.

¹⁰² Alþt. 2015–2016, A-deild, þskj. 547–401. mál, athugasemdir við kafla 3.4.

¹⁰³ Sama heimild.

¹⁰⁴ Sama heimild.

Lýðræðislegu þjóðfélagi. Í lögfestingu sérstaks refsíákvæðis vegna ofbeldisbrota í nánnum samböndum felast jafnframt tiltekin varnaðaráhrif.¹⁰⁵

Áður fyrr voru flest heimilisofbeldismál sem komu til kasta lögreglu þannig að þau féllu undir minni háttar líkamsárás eða 217. gr. hgl.¹⁰⁶ þar sem áverkar eru oftast smávægilegir og ekki eins alvarlegir og 218. gr. hgl. kveður á um. Ákvæði 2. mgr. 217. gr. kveður á um að þau brot sæti ekki ákæru nema brotaþoli leggi fram refsikröfu eða að almannahagsmunir krefjist þess. Um er að ræða gríðarlega viðkvæm mál þar sem brotaþoli er oft í mjög veikri stöðu. Bæði er hann oft ekki tilbúinn að leggja sjálfur fram kæru af ótta við ofbeldismanninn og einnig er raunin oftast sú að mikil ást ríkir enn á milli aðilanna. Gríðarlega mikil byrði var því sett á þolenda heimilisofbeldis að leggja sjálfur fram kæru í slíkum málum. Því er ljóst að ákvæði þetta er til mikilla bóta í þessum málaflokki.

Í Dómi Héraðsdóms Reykjaness miðvikudaginn 13. desember 2017 í máli nr. S-17/2017 sem féll eftir gildistöku ákvæðisins, var X ákærður m.a fyrir líkamsárás og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa, á heimili systur sinnar, Y, veist að Y, sem þá hélt á fjórtán mánaða gömlu barni sínu, með því að kýla hana hnefahöggi í andlit, sparka í bak hennar og í framhaldi slegið hana í andlit, allt að barninu viðstöddu og með þeirri háttsemi sýnt barninu vanvirðingu og ógnað andlegri og líkamlegri heilsu þess. Taldist háttsemi þessi varða við 1. mgr. 217. gr. hgl og 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl. Málsatvik með þeim hætti að X hefði verið búinn að dveljast heima hjá Y systur sinni í nokkra daga að lokinni dvöl á Vogu. Hann hefði tekið bíl hennar í leyfisleysi og hún hefði gert athugasemdir við það framferði ákærða, sem við það hefði orðið mjög æstur og réðst á hana. Var það niðurstaða dómsins að ákærði hafi með háttsemi sinni brotið gegn 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl. enda fólst að mati dómsins í lýstum athöfnum ákærða í ákæru yfirgangur og ruddalegt athæfi, ógnun og vanvirðandi háttsemi gagnvart barninu og að auki brotið gegn 1. mgr. 217. gr. hgl. með því að veitast með ofbeldi að systur sinni. Ákærði fékk sex mánaða fangelsis dóm fyrir háttsemi sína.

¹⁰⁵ Sama heimild.

¹⁰⁶ Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, „Heimilisofbeldi – Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu 2006-2007“ (2010) <<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/4445/Heimilisofbeldi%20skýrsla%202010.pdf?sequence=1>> skoðað 3. apríl 2018.

Þessi dómur er ágætis vísbending um hvað telst falla undir ákvæði 218. gr. b. hgl. Hér er um að ræða skyldmenni sem tengjast nánnum böndum, þau búa á sama heimili þrátt fyrir að það sé tímabundið, ofbeldið á sér stað á heimili þolanda og barn hennar er vitni af árásinni. Það mætti því færa rök fyrir því að hægt væri að beita ákvæði 218. gr. b. hgl. en það var ekki gert í þessu máli. Hægt er því að ganga út frá því að háttsemin þurfi að vera endurtekin og ítrekuð til þess að um sé að ræða heimilisofbeldi í skilningi nýs ákvæðis hegningarlaga. Það sem vekur þó athygli höfundar er að ekkert er fjallað um 3. mgr. 70. gr. hgl. sem fjallar um refsihækkun ef um er að ræða aðila sem tengjast nánnum böndum, þrátt fyrir að ekki sé um ítrekað ofbeldi að ræða þá er samt sem áður til staðar nán tengsl milli geranda og þolanda sem eiga samkvæmt ákvæðinu að auka alvarleika verknaðarins. En nánar verður fjallað um ákvæði 3. mgr. 70 gr. hgl. í næsta kafla.

3.4.6 Ákvæði 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga

Árið 2004 fór dómsmálaráðherra fram á að refsiréttarnefnd kannaði hvort ástæða væri til þess að setja í almenn hegningarlög refsíákvæði sem varðar heimilisofbeldi sérstaklega og þeirri athöfn lýst sem sérstökum refsínæmum verknaði.¹⁰⁷ Í frumvarpi sem var samið af refsiréttarnefnd, og varð síðar að lögum nr. 27/2006, um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, var komist að þeirri niðurstöðu, eftir að dómafrankvæmd hérlendis og löggjöf á hinum Norðurlöndunum hafði verið skoðuð, að ekki þætti rétt að setja sérstakt ákvæði um heimilisofbeldi í refsilög. Með frumvarpinu var á hinn bóginn lagt til að gerðar yrðu breytingar á 70. gr. almennra hegningarlaga en þar eru talin upp atriði sem hafa áhrif á ákvörðun refsingar, bæði til refsipýngingar og refsilækkunar. Nýtt refsipýngingarákvæði var lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006, sbr. 3. mgr. 70. gr. hgl. sem hljóðar svo:

Hafi verknaður beinst að karli, konu eða barni sem eru nákominn geranda, og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.

Í skýringum við þessa grein kemur fram að um sé að ræða heimild til að hækka refsingu þegar um nán tengsl aðila er að ræða og hún sé til þess fallin að beina sjónum dómara að nánnum tengslum aðila þegar kemur að því að ákvarða refsingu.

¹⁰⁷ Alþt. 2005–2006, A-deild, þskj. 419–365. mál.

Dómari þarf því að leggja á það mat og rökstyðja í forsendum sínum hvort nán tengsl geranda og brotþola hafi haft einhver áhrif við ákvörðun refsingar. Var það álit nefndarinnar að með ákvæði 3. mgr. 70. gr. hgl. væri sá vilji löggjafans til að þyngja refsingar þegar tengsl aðila eru slík að þau eru talin auka á alvarleika verknaðar náð, því var ekki talið þörf á að setja sérstakt ákvæði þess efnis.¹⁰⁸

3.4.7 Trúnaðarbrot

Á foreldrum og forráðarmönnum hvílir ákveðin trúnaðarskylda og þegar þessi trúnaður er rofinn hlýst af skaði. Þegar tengsl þolenda ofbeldis og geranda eru til staðar er um trúnaðarbrot að ræða sem getur aukið grófleika verknaðarins. Trúnaðarbrot er oft notað til refsipýngingar þótt það sé ekki bundið í lög en byggist á fordæmum og réttarvenjum.¹⁰⁹ Hér er um að ræða ólögmeta refsiakvörðunarástæðu sem litið er til með refsipýngingar í huga og dómara hafa beitt við ákvörðun refsinga.¹¹⁰ Dómari þarf að leggja mat á það í hverju máli fyrir sig og rökstyðja ákvörðun sína í niðurstöðu hvort um trúnaðarbrot hafi verið að ræða og hvort tengsl aðila hafi verið með þeim hætti.¹¹¹

3.4.8 Börn sem brotþolar

Þegar rannsaka á mál þar sem börn eru brotþolar kemur foreldri eða annar forsjáradili barns fram fyrir hönd þess. Foreldri tekur þannig þær ákvarðanir fyrir hönd barnsins sem það er ekki talið fært um að taka sjálft, sbr. 39. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Foreldrum ber þó að hafa samráð við barnið ef það hefur aldur og þroska til að skilja hvað málið snýst um og eldri börn geta oftast tekið ákvarðanir sjálf. Ef grunur leikur á að foreldri hafi brotið gegn barni þá getur barnið fengið sérstakan lögráðamann til að vera fyrirvarsmaður í málinu, sbr. 53. gr. lögræðis laga nr. 71/1997.

Þegar börn eru brotþolar er mikilvægt að huga sérstaklega að hagsmunum þeirra. Í reglugerð nr. 56/2004 koma fram málsmeðferðarreglur barnaverndarmála þegar tilkynning berst um líkamlegt eða andlegt ofbeldi gegn barni. Í 14. gr.

¹⁰⁸ Alþt. 2005–2006, A-deild, þskj. 419–365. mál.

¹⁰⁹ Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfa Orators 1992) 266.

¹¹⁰ Sama heimild, 244.

¹¹¹ Hrd. 19. febrúar 2009 (569/2008) fjallaði um kynferðisbrot gegn barni, þar var gerandi afi brotþola og verknaðurinn talinn trúnaðarbrot sem leiddi til refsipýngingar.

reglugerðarinnar er fjallað um upphaf barnaverndarmáls. Þar kemur fram að þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess, skuli hún taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan sjö daga frá því að henni barst tilkynning, hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu. Í 20. gr. reglugerðarinnar kemur svo fram að ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni skuli barnaverndarnefnd að jafnaði óska lögreglurannsóknar. Leita skal samþykkis forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barn eftir atvikum. Ef samþykki liggur ekki fyrir getur barnaverndarnefnd óskað lögreglurannsóknar ef grunur leikur á að velferð, lífi eða heilsu barns eða annarra sé stefnt í verulega hættu.

3.5 Norræn löggjöf um refsíákvæði sem taka til heimilisofbeldis í nánnum samböndum

3.5.1 Svíþjóð

Árið 1998 var sett í sænsk hegningarlög ákvæði þar sem ofbeldisbrotum í nánnum samböndum eða heimilisofbeldi er lýst með sérgreindum hætti og sú háttsemi gerð refsiverð. Um er að ræða 4. gr. a. í 4. kafla sænsku hegningarlaganna,¹¹² ákvæði 1. mgr. 4. gr. a. lýsir brotum gagnvart þeim sem teljast nákomnir geranda, en undir það falla börn. 2. mgr. 4. gr. a. fjallar um kynbundið ofbeldi og er þá sérstaklega átt við þegar karl beitir konu sem hann er giftur eða í sambúð með líkamlegu ofbeldi.¹¹³ Undir ákvæði 4. gr. a. falla almenn ákvæði laganna um ofbeldisbrot, brot gegn frjálsræði manna, kynferðisbrot, eignaspjöll og brot gegn lögum um nálgunarband. Áskilið er að hver og einn þessara verknaða sé þáttur í endurteknum brotum gegn polanda og til þess fallinn að skaða hann andlega sem og líkamlega.¹¹⁴

Markmið ákvæðisins var að ná utan um endurtekna refsiverða háttsemi gegn konum í nánnum samböndum. Það fer eftir alvarleika hversu mörg brotin þurfa að vera til þess að þau falli undir ákvæðið. Það er þó ekki skilyrði að háttsemin hafi valdið varanlegum eða alvarlegum líkamlegum skaða heldur nægir að hún hafi verið til þess fallin að valda slíkum skaða. Þau brot sem falla undir ákvæðið geta verið margs konar

¹¹² Brottsbalken 1962:700.

¹¹³ Prop. 1997/98:55, bls. 1.

¹¹⁴ Prop. 1997/98:55, bls. 79.

og markmiðið með ákvæðinu er að ekki þurfi að ákæra fyrir hvert og eitt heldur dugi að ákæra aðeins fyrir þetta ákvæði, fellur því hér undir minni háttar ofbeldisbrot og andlegt ofbeldi. Ef um alvarlegri brot er að ræða er frekar ákært fyrir þau þar sem refsímörk þeirra eru hærri. Í slíkum málum er litið til almennra reglna um brotasamsteypu.¹¹⁵

3.5.2 Noregur

Árið 2005 voru gerðar breytingar á gildandi 219. gr. norsku hegningarlögganna nr. 10 frá 22. maí 1902 með þeim hætti að það næði betur utan um háttsemi sem fellur undir heimilisofbeldi. Í skýrslu norskrar ráðgjafanefndar frá 4. desember 2003 sem fjallaði um breytingar á norskum hegningarlögum var m.a. rætt hvort setja ætti sérstakt refsíákvæði í norsku hegningarlögin að sænskri fyrirmynd sem fjallaði um ofbeldi í nánnum samböndum. Í skýrslunni er fjallað um reynslu Svía af ákvæðinu og kemur fram að refsingar vegna ofbeldisbrota gegn konum innan veggja heimilisins hafi orðið talsvert þungri eftir lögfestingu ákvæðisins og að auki hefur slík lögfesting einnig áhrif á afstöðu samfélagsins til slíkra brota, að slíkt skuli ekki viðgangast og að taka skuli hart á þessum brotum.¹¹⁶

Í frumvarpi til laganna¹¹⁷ er þeirri afstöðu m.a. lýst að ákvæði hegningarlögganna um líkamsmeiðingar nái ekki jafn vel utan um þau flóknu áhrif sem heimilisofbeldi hefur í för með sér. Nauðsynlegt sé að líta til þeirra andlegu þjáninga og kúgunar sem fylgi ofbeldi í nánnum samböndum. Auk þess er lögð áhersla á að lögfesting á sérstöku refsíákvæði sendi þau skilaboð til samfélagsins að slík háttsemi líðist ekki og hafi þannig ákveðin varnaðaráhrif. Í frumvarpinu kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að ákvæðinu sé beitt samhliða öðrum ákvæðum hegningarlöga heldur komi í stað þeirra. Þó mætti beita því samhliða ákvæðum sem eru með hærri refsímörk.¹¹⁸

¹¹⁵ Prop. 1997/98:55, bls. 80-81.

¹¹⁶ Skýrslan ber heitið: Retten til et liv uten vold. NOU 2003:31.

<<https://www.regjeringen.no/contentassets/63e114ce782044d5b472546dfd102c35/no/pdfs/nou200320030031000dddpdfs.pdf>> skoðað 23. apríl 2018.

¹¹⁷ Ot. prp. nr. 113. Frumvarp til breytinga á norskrum refsilöggjöf sem samþykkt var sem lög í desember 2005 (lov om oppheving af lausgjengarlova og om endringar í straffelova o.a.). (eige straffebod mot vald i nære relasjoner o.a. nr.131/2005)

¹¹⁸ Alþt. 2015–2016, A-deild, þskj. 547–401. mál. kafli 3.3.2.

Í dómi Hæstaréttar Noregs frá 12. mars 2013 í máli nr. 2012/1812, var 219. gr. norsku hegningarlögunum beitt og þar koma fram þær áherslur og markmið sem breytingunni á hegningarlögum var ætlað að ná. Um var að ræða heimilisofbeldi gegn barni af hendi föður síns, sem átti sér stað yfir langt tímabil, bæði andlegt og líkamlegt. Í niðurstöðu dómsins er tekið fram að þó líkamlega ofbeldinu hafi lokið árið 2001, þá hélt andlega ofbeldið áfram og taldi Hæstiréttur Noregs að virða yrði brotin sem hluta af sömu heildarmynd. Faðirinn var sakfelldur fyrir brot gegn syni sínum frá 1988–2010. Háttsemin taldist varða við 219. gr. norsku hegningarlögunum og faðirinn var dæmdur til tveggja ára fangelsisvistar.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á ákvæðinu síðan það tók gildi. Má þar helst nefna ný heildstæð hegningarlög, lög nr. 28 frá 20. maí 2005, sem tóku gildi 1. október 2015.¹¹⁹ Ákvæði um heimilisofbeldi var bætt við þau.¹²⁰ Í greinargerð með frumvarpi til laganna eru þær breytingar sem gerðar voru útlistaðar og fólu þær í sér að ákvæðinu var skipt í tvennt, 282. og 283. gr., refsimörk hækkuðu og í stað þess að brot þyrfti að vera gróft til að falla undir ákvæðið er nú kveðið á um að það þurfi að vera alvarlegt. Þá var ákvæðið jafnframt flutt úr sifskaparbrotakafla hegningarlögunum yfir í ofbeldisbrotakaflann.¹²¹

Ákvæðið verndar jafnt karla, konur og börn. Skilyrði er að þau tengist nánnum böndum, hvort sem um er að ræða maka, fyrrverandi maka, börn, stjúpbörn eða aðra ættingja. Einnig verndar ákvæðið þau börn sem eru í umsjá geranda. Markmið þess er að ná yfir andlega ofbeldið og þær hótanir sem fylgja heimilisofbeldi og falla utan gildisviðs ákvæða um líkamsmeiðingar. Háttsemin þarf ekki að hafa líkamlegan skaða í för með sér. Ákvæðið á helst við þegar um er að ræða ítrekað ofbeldi en getur einnig komið til álita ef brotið er einstaklega gróft.¹²²

¹¹⁹ Ot.prp. nr. 22.

¹²⁰ Með lögum nr. 74 frá 19. júní 2009.

¹²¹ Alþt. 2015–2016, A-deild, þskj. 547–401. mál. kafli 3.3.2.

¹²² Ot.prp. nr. 22. 197-199.

3.5.3 Danmörk

Í dönskum hegningarlögum er ekki að finna sambærilegt ákvæði, sem varðar sérstaklega ofbeldi í nánnum samböndum eins og í sænskri og norskri löggjöf. Í staðinn hafa Danir sett fram aðgerðaráætlanir sem taka sérstaklega á slíku heimilisofbeldi í nánnum samböndum, bæði gegn konum og börnum.¹²³

Ofbeldi er þó refsivert sbr. 244.–249. gr. dönsku hegningarlaganna. Ákvæði 244. gr. fjalla um minni háttar líkamsárásir og undir 245. gr. falla meiri háttar líkamsárásir. Orðalag 245. gr. hefur verið talið ná til tilvika þegar um er að ræða röð ofbeldistilvika sem ná yfir lengri tíma og þar sem þolandi er með einhverjum hætti háður geranda. Slæm meðferð á börnum fellur að auki undir ákvæðið, svo og andleg áföll.¹²⁴ Í 213. gr. dönsku hegningarlaganna er þó að finna ákvæði sem nær til maka, barns, ættingja í beinan legg og einstaklinga undir 18 ára aldri sem eru í umsjá hans. Orðalag ákvæðisins er mjög óskýrt og gildissvið þess því mjög óráðið. Fræðimenn hafa gagnrýnt ákvæðið og bent á að það sé úrelt og lítið hefur reynt á það fyrir dómstólum seinustu ár.¹²⁵

¹²³ Kallast þær; Regeringens handlingsplan til bekæmpelse af vold med kvinder (8. mars 2002) og Handlingsplan til bekæmpelse af mænds vold mod kvinder og børn i familien (2005-2008).

¹²⁴ Straffeloven nr. 126/1930 með síðari breytingum.

¹²⁵ Alþt. 2005–2006, A-deild, þskj. 419–365. mál.

4. Líkamlegt ofbeldi gegn börnum

4.1 Misþyrmingar á börnum

Líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum getur átt sér stað þótt það sé ekki í formi refsinga í uppeldisskyni. Þá er ýmist talað um misþyrmingar eða harkalega meðferð á börnum. Ekki eru mörg skráð dæmi um slíkt á Íslandi en þó eru til dæmi þess.¹²⁶

Upp úr 1960 fékk ofbeldi gegn börnum innan veggja heimilisins aukna athygli erlendis. Lengi var talið að slíkt ofbeldi ætti sér ekki stað á Íslandi enda voru fá tilfelli um misþyrmingar á börnum skráð. Talið var að hér á landi væru sterkari fjölskyldu- og vinatengsl en erlendis og að töluvert meiri félagsleg samskipti ættu sér stað sem drægi úr líkum á ofbeldi gegn börnum. Það var fyrst á áttunda áratug síðustu aldar sem ofbeldi gegn börnum fékk aukna umfjöllun hér á landi.¹²⁷ Ásgeir Karlsson geðlæknir gerði rannsókn á tilvist barnamisþyrminga sem byggði á skýrslum frá Barnaverndarnefnd árið 1971. Hann taldi að ofbeldi gegn börnum væri ekki algengt á Íslandi, þar sem einungis fjögur tilfelli barnamisþyrminga væru skráð á árunum 1960–1969, og gaf þar með í skyn að slíkt ofbeldi væri ekki til staðar í íslensku samfélagi og að Íslendingar upplifðu það eingöngu í gegnum fjölmiðla. Niðurstöður hans hlutu mikla gagnrýni.¹²⁸

Helga Hannesdóttir barnageðlæknir fjallaði um misþyrmingar á börnum í tímaritinu *Geðvernd* árið 1979. Þar talar hún um að barnamisþyrmingar séu jafn algengar hér á landi og annars staðar. Ástæða þess að lítið sé til skráð um slík brot sé að foreldrar gefi ekki réttar upplýsingar til heilbrigðisstofnanna um meiðsli sem stafi af misþyrmingum. Að auki eiga þessir foreldrar við ýmis geðræn vandamál að stríða ásamt því að búa við fátækt og félaglega einangrun.¹²⁹

Árið 1982 kom út skýrsla um rannsóknir á ofbeldi í íslenskum fjölskyldum. Þar er fjallað um heimilisofbeldi sem þrífst innan friðhelgi einkalífsins og varðveitist gjarnan sem ákveðið fjölskylduleyndarmál. Er þá átt við líkamlegt ofbeldi þar sem einn fjölskyldumeðlimur beitir annan meðlim fjölskyldunnar ofbeldi sem hefur í för með sér líkamlega áverka. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að algengasta

¹²⁶ Hildur Biering, *Barnauppeldisins heilaga skylda*: Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar (Sögufélag 2006) 33–81.

¹²⁷ Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Sesselja Th. Ólafsdóttir: *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi: höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða* (Miðstöð heilsuverndar barna, Umboðsmaður barna 2004) 29.

¹²⁸ Sama heimild.

¹²⁹ Helga Hannesdóttir, „Misþyrmingar á börnum algengar hér á landi“ *Morgunblaðið* (Reykjavík 23. október 1979) <http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=1518760> skoðað 5.apríl 2018.

ofbeldið innan heimilisins væri gagnvart konum af hendi eiginmanna eða sambylismanna. Aðeins níu tilvik fundust í sjúkraskráum um börn sem höfðu orðið fyrir ofbeldi af hendi einhvers í fjölskyldunni. Líkleg ástæða þess er að áverkar sem börn verða fyrir af hendi fullorðinna eru skráð sem slys og skilgreinast sem slík.¹³⁰

Kvennaathvarfið var stofnað árið 1982 og leiddi það til frekari umræðu um heimilisofbeldi. Fljótlega eftir opnun þess kom í ljós að stór hópur barna sem fylgdi mæðrum sínum í athvarfið hafði orðið fyrir ofbeldi af hendi feðra sinna. Í framhaldi af því var stofnaður sérstakur starfshópur til að annast þessi börn og taka jafnframt á því þegar börn urðu óbeint þolendur þess ofbeldis sem mæður þeirra urðu fyrir.¹³¹

Líkamlegt ofbeldi gegn börnum er falið og reynst hefur erfitt að meta umfang þess. Foreldrar sem beita börn sín líkamlegu ofbeldi leita síður eftir stuðningi og ljúga frekar til um þá áverka sem börn þeirra bera ef leita þarf til heilbrigðisstofnunar. Svo virðist sem ofbeldi gegn móður auki líkur á að börnin á heimilinu séu að auki beitt líkamlegu ofbeldi eða sæti illri meðferð á annan hátt. Í ársskýrslu Kvennaathvarfsins árið 2007 kemur fram að 58% mæðra sem þangað komu í viðtal eða dvöl sögðu börnin hafa orðið fyrir ofbeldi líka.¹³² Vanræksla á börnum er einnig meiri þar sem ofbeldi er beitt á heimili og samkvæmt erlendum athugunum fara í 30–60% tilfella saman heimilisofbeldi milli fullorðinna og ofbeldi og vanræksla á börnum.¹³³

Árið 2007 var hafist handa við rannsókn sem fólst í því að fara yfir allar tilkynningar frá árinu 2006 þar sem grunur lék á að foreldrar eða aðrir umönnunaraðilar beittu börn líkamlegu ofbeldi. Markmið hennar var að kanna umfang líkamlegs ofbeldis gegn börnum og skoða hvernig barnaverndarnefndir bregðast við slíkum málum, með þeim upplýsingum er auðveldara að meta þörf á úrræðum fyrir þessi börn.¹³⁴

Alls bárust barnaverndarnefndum 417 tilkynningar árið 2006 og af þeim voru 329 tilkynningar vegna barna á aldrinum 0–18 ára þar sem grunur var um líkamlegt

¹³⁰ Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Sesselja Th. Ólafsdóttir: *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi: höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða* (Miðstöð heilsuverndar barna, Umboðsmaður barna 2004)30.

¹³¹ Sama heimild.

¹³² Samtök um kvennaathvarf, „Ársskýrsla 2007“ (Kvennaathvarfið sjálfseignarstofnun 2007) <https://kvennaathvarf.is/wp-content/uploads/2017/01/arsskyrsla_2007.pdf> skoðað 12. febrúar 2018.

¹³³ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánum samböndum*, (Félagsmálaráðuneytið 2008) 94.

¹³⁴ Steinunn Bergmann, „Börnum straffað með hendi og vendi: barnaverndartilkynningar er varða líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum“ (Barnaverndarstofa 2010) <<http://www.bvs.is/files/file921.pdf>> skoðað 11. febrúar 2018.

ofbeldi. Niðurstöður hennar sýna að 189 tilkynningar bárust varðandi grun um ofbeldi af hálfu foreldra og voru karlmenn í meirihluta geranda. Í 58% tilvika hafði áður borist tilkynning vegna barns, þar af í 18% tilfella vegna líkamlegs ofbeldis. Þá var 41% tilkynninga vegna mála sem voru þegar til vinnslu hjá barnaverndarnefnd. Tilkynningar sem bárust voru fyrst og fremst þess eðlis að foreldrar virtust hafa misst stjórn á skapi sínu og gripið til þess að löðruna eða flengja börn sín. Þó voru dæmi um tilkynningar þar sem ofbeldi var alvarlegra. Í 24 tilvikum fór barn í lækni skoðun, sjáanlegir áverkar voru á barni í 36 tilvikum, áverkavottorð var gefið út í 9 tilvikum og í málum fimm barna óskaði barnaverndarnefnd eftir lögreglurannsókn vegna gruns um ofbeldi af hálfu foreldra. Í tveimur tilvikum voru málin felld niður án ákæru en ekki er vitað um lyktir hinna málanna þriggja.¹³⁵

Samkvæmt öllu ofangreindu er því ekki langt síðan heimilisofbeldi var almennt viðurkennt sem brot gegn börnum. Svo virðist sem líkamlegt ofbeldi gegn börnum hafi fengið litla athygli hjá barnaverndarstarfsmönnum hér á landi og samfélagið verið í afneitun varðandi þessa tegund ofbeldis. Skýringin getur verið sú að vandinn sé duldari hér á landi en annars staðar og takmörkuð þekking sé hér til staðar á greiningum áverka barna sem getur dregið úr líkum þess að mál uppgötivist og séu tilkynnt til barnaverndaryfirvalda. Þetta virðist þó vera að breytast því undanfarin ár hefur tilkynningum til barnaverndarnefnda um líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum fjölgað verulega.¹³⁶

4.2 Dómaframkvæmd á Íslandi

Á Íslandi hafa fallið nokkrir dómar í málum þar sem börnum hefur verið misþyrmt eða þau fengið harkalega meðferð, bæði af völdum foreldra og umönnunaraðila. Eins og fyrr segir er ofbeldi af þessu tagi gegn börnum ekki algengt en hér á eftir er fjallað um helstu dómanna sem féllu á Íslandi á árunum 2002–2018.

Í dómi Hæstaréttar frá 5. febrúar 2015 í máli nr. 294/2014 var X ákærður fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa að kvöldi sunnudagsins 17. mars 2013, á heimili sínu, hrist dóttur sína, sem var þá aðeins 5 mánaða gömul, svo harkalega að hún hlaut margvíslega innri áverka og mar víðs vegar á líkamanum. Stúlkan lést nokkrum klukkustundum síðar af völdum áverkanna. Taldist háttsemi ákærða varða við 2. mgr. 218. gr. hgl.

¹³⁵ Sama heimild, 5.

¹³⁶ Sama heimild, 6.

Málavextir voru þeir að þann 17. mars 2013 hélt móðir stúlkunnar A til vinnu kl. 17:40 og var þá barnið sofandi. Um kl. 19:00 sama kvöld var óskað eftir sjúkrabíl að heimili þeirra. Þegar sjúkrabíll kom á vettvang var barnið meðvitundarlaust en andaði. Í sjúkrabílnum fékk það krampa og púlsinn lækkaði og barnið fékk súrefni. Engir áverkar voru sjáanlegir utan á höfðinu en nokkrum klukkustundum seinna féll blóðþrýstingur barnsins og það dó. Ákærði neitaði því að stúlkan hefði verið veik eða orðið fyrir áverkum og neitaði því einnig að hafa hrist hana til að róa hana niður.

Við rannsókn málsins kom í ljós að A leitaði til læknis í desember 2012 vegna óskýrðra marbletta á dóttur sinni. Læknirinn tilkynnti atvikið til barnaverndaryfirvalda þar sem áverkanum var lýst og jafnframt tekið fram að móðirin hefði ekki skýringar á honum. Nokkrum dögum síðar hringdi starfsmaður barnaverndar til læknisins og í skýrslu um símtalið kom fram að hann hefði auk annars sagt að móðirin hefði áhyggjur af því að sambýlismaður hennar gæti hafa farið harkalega með barnið.

Við krufningu á líki stúlkunnar kom í ljós gamalt brot á rifbeini vinstra megin og gamalt beinbrot í vinstri kálfa stúlkunnar. Í skýrslu um krufninguna sagði að brotin væru vísbendingar um fyrri áverkatilvik og þau væru á stöðum sem væru dæmigerðir fyrir ofbeldisáverka. Stúlkan væri ung og bein barna á þessum aldri mjög sveigjanleg og því þyrfti verulega harkalegur áverki að eiga sér stað til að valda slíku broti.

Í dómi Hæstaréttar var rakið að þrír sérfróðir læknar, sem gáfu skýrslu fyrir dómi í málinu, væru allir þeirrar skoðunar að barnið hefði látist sökum þess að það hefði verið hrist mjög harkalega og að fjölskipaður héraðsdómur, sem skipaður var barnalækni, hefði fallist á þá niðurstöðu. Þá hefðu réttarmeinafræðingur, sem krufði lík barnsins, og matsmaður, sem var dómkvaddur eftir áfrýjun málsins til Hæstaréttar, en hann var sérfræðingur í réttarmeinafræði og hafði borið vitni í yfir 120 dómsmálum, vísað til þess að barnið hefði hlotið þrenns konar áverka 17. mars 2013: blæðingu innan heilahimnu, blæðingu í sjónhimnu og bráðaheilaáverka, sem allir væru einkennandi fyrir skakjóðsheilkenni (e. shaken baby syndrome). Þetta benti eindregið til þess að barnið hefði látist af áðurgreindri orsök. Þar sem engin merki hefðu verið um mar á höfði hennar og ekki heldur um höfuðkúpabrot væri „hristingur án höfuðhöggs líklegasta skýring á meiðslunum“ og væru þau líklega af manna völdum. Réttarmeinafræðingurinn, sem krufði lík stúlkunnar, hafði útilokað aðrar dánarorsakir með fullnægjandi hætti.

Þá taldi Hæstiréttur sannað að barnið hefði verið beitt líkamlegu ofbeldi í lok árs 2012 og líklega á fyrstu mánuðum ársins 2013. Þegar allt þetta var virt í heild var talið sannað svo fullnægjandi væri að dánarorsök barnsins væri sú að það hefði verið hrist harkalega af manna völdum eftir þann tíma. Loks taldi Hæstiréttur með skírskotun til álita heila- og taugaskurðlæknis, sem gerði skurðaðgerð á höfði barnsins að kvöldi 17. mars 2013, og hins dómkvadda matsmanns, svo og að teknu tilliti til annarra atriða sem nánar voru rakin í dómi réttarins, að sannað væri svo að hafið væri yfir skynsamlegan vafa að X hefði hrist barnið svo harkalega að það hefði látist aðfaranótt 18. sama mánaðar. Var refsing X ákveðin fangelsi í fimm ár.

Í dómi Hæstaréttar frá 3. apríl 2003 í máli nr. 168/2002 átti sambærilegt atvik sér stað þar sem daggæsluforeldri S var gefið að sök að hafa miðvikudaginn 2. maí 2001, að heimili sínu, hrist X, fæddan 23. júlí 2000, svo harkalega eða með öðrum hætti orðið valdur að því að undir heilahimnur drengsins blæddi, skemmdir urðu á taugafrumum í heilastofni og hálshluta mænu, bjúgur myndaðist í heila, sjónhimnublæðingar urðu í báðum augum og mar hlaust vinstra megin á hnakka, með þeim afleiðingum að drengurinn lést tveimur dögum síðar. Taldist háttsemi ákærða varða við 215. gr. hgl.

Um var að ræða alvarlegan áverka á heila af völdum hristings er samsvarar skakjódshéilkenni og dró drenginn til dauða. Áverkum drengsins var þannig háttað að hann hefði verið ófær um eðlilegt hátterni og misst meðvitund um leið og hann varð fyrir þeim. Þá var ekki talið að einhver annar hefði átt í hlut en S og því sannað að hann hefði gerst sekur um þá háttsemi sem honum var gefin að sök. Til að valda slíkum áverka sem um ræddi þyrfti gríðarlega harkalega meðferð og hefði hann mátt gera sér grein fyrir þeim hættulegu afleiðingum sem henni gætu verið samfara. Því hefði hann sýnt af sér stórfellt gáleysi. Við ákvörðun refsingar S var litið til þess að hann hefði tekið að sér umsjá X og brugðist þeim sérstöku trúnaðarskyldum sem á honum hvíldu. Yrði við það að miða að S hefði ekki haft fulla stjórn á gerðum sínum vegna þess gífurlega álags sem á honum hvíldi, þar sem 21 barn var í daggæslu á heimilinu þennan dag. Var S sakfelldur fyrir að hafa hrist drenginn svo harkalega með þeim afleiðingum að drengurinn lést tveimur dögum síðar og var gert að sæta fangelsi í 18 mánuði.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 20. mars 2018 í máli nr. S-659/2017 var X ákærð fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og barnaverndarlagabrot, með því að hafa mánudaginn 17. október 2016 á heimili sínu

veist með ofbeldi að A, sem þá var 20 mánaða gömul og ákærða gætti sem dagforeldri, með þeim afleiðingum að A hlaut mikla maráverka og punktblæðingar á hálsi, mar og hrúfl hægra megin á andliti, punktblæðingar á kinnbeinum hægra megin, undir hægra auga og framan við hægra eyra, yfirborðssprungu á húð í hægri augnkróki, mar á vinstri kinn og vinstra eyrnasnepli og punktblæðingu aftan við vinstra eyra. Taldist þetta varða við 2. mgr. 218. gr. hgl og 98. gr. bvl.

Málsatvik voru með þeim hætti að lögreglu barst þann 17. október 2016 tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um slys þar sem ungt barn hefði fallið úr barnastól niður á gólf. Ákærða, dagmóðir brotþola, skýrði frá því að hún hefði ekki séð þegar brotþoli féll úr stólnum en komið að henni liggjandi á gólfinu fyrir aftan stólinn. Hún hefði tekið hana upp og huggað þar sem hún hefði grátið mikið en skömmu síðar hefði hún verið orðin hin hressasta. Hún hefði síðan tekið eftir áverkum á hálsi brotþola og þá hringt eftir aðstoð. Slysið varð um klukkan 12:40 en hringt var eftir aðstoð kl. 13:34. Klukkan 15 bárust þær upplýsingar frá lækni á Barnaspítala Hringsins að áverkar á brotþola væru talsverðir og ekki í samræmi við frásögn ákærðu.

Í kjölfarið fóru rannsóknarlögreglumenn á vettvang og rannsökuðu og mynduðu aðstæður. Lögreglumenn fóru því næst á Barnaspítala Hringsins þar sem áverkar á brotþola voru myndaðir. Hún var með greinilega áverka á hálsi beggja vegna og að aftan eins og eftir ól. Þá var hún marin, bólgin og með roða á báðum kinnum. Vakthafandi læknir sagði að ekki liti út fyrir að brotþoli hefði hlotið varanlega áverka, þungt högg á höfuðið eða heilahristing og taldi áverkana ekki vera dæmigerða fyrir fall, auk þess sem þeir hefðu þá ekki átt að vera á báðum hliðum andlitsins. Einnig skorti annars konar áverka sem algengt væri að sjá eftir fall. Þá taldi hann áverkana á hálsinum ekki vera eftir sama atvik.

Réttarmeinafræðingur sem lögregla leitaði til taldi að áverkar á brotþola yrðu ekki skýrðir af einu falli úr barnastól þótt tekið væri tillit til aðstæðna á vettvangi. Hann kvað ekkert hafa verið að sjá á vettvangi sem hefði getað orsakað áverkana á barninu en líklegast væri að þeir væru eftir nokkur högg, svo sem löðruna, högg með sveigjanlegum hlut eða eftir mikinn þrýsting á mynstraðan flöt. Þá væru áverkar á hálsi brotþola eftir mjóan sveigjanlegan hlut. Ólin í barnastólnum væri of stutt til að koma til greina og smekkurinn sem brotþoli hafði um hálsinn hefði verið með frönskum rennilás sem hefði auðveldlega gefið eftir og því ekki getað herst að og valdið slíkum áverkum.

Réttarmeinafræðingur sem var dómkvaddur sem matsmaður til að leggja mat á áverkana og hugsanlegar orsakir þeirra, sérstaklega hvort þeir gætu hafa orsakast af falli utan í barnastól, taldi áverkana ekki verða skýrða af einstöku falli. Áverkar á brotaþola hefðu ekki verið á stöðum sem væru dæmigerðir fyrir fall og ekki hefðu verið fyrir hendi fylgiáverkar sem venjulega sæjust. Áverkana á hálsinum væri ekki hægt að rekja til falls, sérstaklega þegar litið væri til þess að þeir hefðu ekki einungis verið á annarri hlið hálsins. Matsmaðurinn taldi áverkana samræmast því að um ofbeldisverksnið væri að ræða. Ákærða neitaði sök og kvaðst ekki hafa veitt brotaþola neina áverka.

Samkvæmt framangreindu var það samdóma álit tveggja sjálfstæðra réttarmeinafræðinga, og læknis sem skoðaði brotaþola á bráðamóttöku, að áverkar á A hefðu ekki getað orsakast af falli eins og ákærða lýsti. Dómurinn var sammála framangreindu mati á því að þeir áverkar sem brotaþoli var með yrðu ekki skýrðir með falli úr barnastól. Þegar allt framangreint var virt þótti sannað að brotaþoli hefði ekki hlotið áverkana við fall eins og ákærða skýrði frá. Enginn annar en ákærða kom nálægt A á þeim tíma sem hún hlaut áverkana. Þar sem ekkert annað kom fram sem mögulega gæti skýrt áverka brotaþola yrði að hafna framburði ákærðu um að þeir hefðu hlotist af slysförum.

Framangreindir sérfræðingar töldu allir að áverkar á brotaþola samræmdust því að hún hefði verið beitt einhvers konar ofbeldi. Áverkar á andliti gætu til að mynda verið eftir löðruna eða högg með sveigjanlegum hlut. Þá væru áverkar á hálsi eftir sveigjanlegan hlut, svo sem ól, belti eða tog eftir fatnað sem hertur hefði verið að hálsinum. Með hliðsjón af áliti sérfræðinganna og að teknu tilliti til allra þeirra atriða sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan taldi dómurinn sannað svo hafið væri yfir skynsamlegan vafa að ákærða hefði veitt brotaþola þá áverka sem lýst var í ákærinni.

Af áverkum á brotaþola var ljóst að um fleiri en eitt högg hefði verið að ræða en áverkarnir voru á báðum hliðum andlits hennar auk hálsins. Réttarmeinafræðingur sem mat áverkana lýsti því svo að miðlungsmikið afl frá fullorðinni manneskju hefði þurft til þess að veita áverkana í andlitinu en talsvert afl hefði þurft til að valda áverkunum á hálsinum. Þá hefði slíkt atvik getað haft alvarlegar afleiðingar fyrir svo ungt barn og jafnvel valdið lífshættu. Árás fullorðinnar manneskju á höfuð og háls svo ungs barns, sem gæti ekki varið sig á neinn hátt, með beitingu slíks afls sem hér

hefur verið lýst, var að mati dómsins sérstaklega hættuleg líkamsárás. Var ákærða því sakfelld fyrir þá háttsemi sem lýst var í ákæru. Ákærða sætti fangelsi í níu mánuði.

Sé litið til þessara þriggja dóma má glögglega sjá umtalsverða breytingu á réttarframkvæmd. Í þeim fyrsta, frá árinu 2002, var ákært fyrir gáleysisbrot sem verður að teljast nokkuð sérstakt m.t.t. að sérstaklega er tekið fram í dómnum að sú meðferð sem dagforeldrið beitti barnið hefði verið það harkaleg að honum hlyti að hafa verið ljóst að afleiðingar þess yrðu miklar. Ekki er til skilgreining á hugtakinu gáleysi í settum lögum eða lögskýringargögnum en smám saman hafa myndast ólögfestar reglur um efni og ytri mörk gáleysis.¹³⁷ Það telst gáleysi ef hinn brotlegi álitur að refsinnæm afleiðing verknáðar kunni að koma fram en hann vinnur verkið í trausti þess að afleiðingin komi ekki fram.¹³⁸ Að því sögðu telur höfundur orðalag dómsins ekki samræmast þeirri skilgreiningu að um hafi verið að ræða gáleysi.

Í næsta dómi, frá árinu 2015, er ákært fyrir brot gegn 2. mgr. 218 gr. hgl. sem fjallar um stórfellda líkamsárás. Það kemur betur heim og saman við þá réttarframkvæmd sem við viljum sjá og ætti að teljast eðlileg þegar um er að ræða líkamsárás þar sem dauði hlýst af. Í nýjasta dómnum frá 2018, þar sem einnig var ákært fyrir stórfellda líkamsárás eða brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl., var sérstaklega tekið fram að þessi árás á barn sem ekki gæti varið sig væri alvarlegri en nokkur önnur og hana bæri að líta alvarlegum augum. Að auki var ákært fyrir brot gegn 98. gr. bvl sem ekki hafði sést í dómaframkvæmd áður í svipuðum málum, þrátt fyrir að barnaverndarlög hefðu verið sett árið 2002. Í þessu máli dó barnið ekki en ákærða fékk 9 mánaða fangelsisdóm. Þegar málið er borið saman við málið frá 2002, þar sem daggæsluforeldrið fékk 18 mánuði í fangelsi og barnið dó, er réttarframkvæmd til bóta. Þrátt fyrir það er það mat höfundar að um sé að ræða gríðarlega lága refsingu fyrir alvarlegt ofbeldisbrot gegn barni sem getur ekki varið sig á neinn hátt.

Til samanburðar við **Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-659/2017** má nefna tvo dóma sem fjalla um ofbeldi gegn fullorðnum einstaklingum **dóm Hæstiréttar frá 27. nóvember 2014 í máli nr. 297/2014** þar sem maður var ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. með því að hafa slegið og sparkað ítrekað í höfuð A og bók með þeim afleiðingum að hann hlaut skurði og sár á hvirfli, andliti og handlegg. Ákærði var sakfelldur og dæmdur í eins árs fangelsi fyrir háttsemi sína. Sakaferill

¹³⁷ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 123

¹³⁸ Sama heimild.

hans hafði ekki áhrif á ákvörðun refsingar hans. Í **dómi Hæstaréttar frá 28. febrúar 1992 í máli nr. 460/1991** var maður ákærður fyrir að berja konu sína með hamri er hún var sofandi. Þetta var einn af dómunum sem mörkuðu upphaf þess að Hæstiréttur byrjaði að heimfæra hættuleg brot undir 2. mgr. 218. gr. hgl. þrátt fyrir að afleiðingarnar heyrðu í raun undir 217. gr. hgl. Afleiðingarnar voru ekki miklar en ákærði var sakfelldur fyrir 2. mgr. 218. gr. hgl vegna hættulegs áhalds og aðferðar við verknað og fékk hann 18 mánaða fangelsisdóm fyrir verknaðinn. Hér höfum við tvo dóma sem eru töluvert eldri, refsingarnar eru samt töluvert hærri og þykir höfundur þessi miður í ljósi þess að hér er um að ræða fullorðna einstaklinga en í fyrrgreindum dómum börn sem gátu ekki varið sig á neinn hátt. Er það umhugsunarvert að dómur sem varða brot gegn börnum séu ekki álitnir alvarlegri en brot gegn fullorðnum einstaklingum, sérstaklega í ljósi þess að lög, reglur og alþjóðasamningar hafa viðurkennt að börn hafa þörf fyrir sérstaka vernd umfram hina fullorðnu. Að auki er, eins og áður hefur komið fram, lögfest ákvæði í almennum hegningarlögum sem kveður á um refsipýngingu ef aðilar tengjast nánnum böndum, 3. mgr. 70 gr. hgl., og falla börn þar undir. Því er ekki hægt að sjá réttlætingu í slíkri mismunun.

Í **dómi Hæstaréttar frá 11. febrúar 2010 í máli nr. 504/2009** höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál í 9 ákæruliðum á hendur X fyrir margvísleg hegningarlaga- og barnaverndarlagabrot gegn þremur ungum börnum hans frá sumri 2005 til febrúarmánaðar 2008 á heimili þeirra. Ákæruliðirnir voru eftirfarandi:

Gegn syni ákærða, A, fæddum 1993, fyrir líkamsmeiðingar og barnaverndarlagabrot með því að hafa í nokkur skipti slegið A í andlit og líkama, sparkað í líkama hans og tekið fast um handleggi hans með þeim afleiðingum m.a. að A hlaut mar á upphandleggjum, í eitt skipti tekið piltinn kverkataki, og í nokkur skipti sett hönd sína, og í nokkur skipti kotta, fyrir vit drengsins svo honum lá við köfnun. Taldist þetta varða við 217. gr. hgl. og 98. gr. bvl.

Fyrir hótanir og barnaverndarlagabrot með því að hafa í nokkur skipti hótad A lífláti og ógnað honum um leið með hnífi í eitt skipti og í öðru tilviki með eftirlíkingu af skammbyssu, sem drengurinn hélt að væri raunveruleg hlaðin skammbysa, en ákærði hélt byssunni að höfði A. Taldist þetta varða við 233. gr. hgl. og 98. gr. og 1. mgr. 99. gr. bvl.

Fyrir ólögmeta nauðung og barnaverndarlagabrot með því að hafa sumarið 2007, á tjaldstæði, neytt A til að stela áfengi úr nærliggjandi tjaldi með því að hóta

honum lífláti að öðrum kosti. Taldist þetta varða við 225. gr. hgl og 1. og 2. mgr. 99. gr. bvl.

Fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa í árslok 2007 eða ársbyrjun 2008 kastað hnífi að A sem hafnaði í læri hans en við þetta hlaut drengurinn sár ofarlega innanvert á hægri læri. Taldist þetta varða við 2. mgr. 218. gr. hgl. en til vara við 4. mgr. 220. gr. sömu laga.

Gegn dóttur ákærða, B, fæddri 1995, fyrir líkamsárásir og barnaverndarlagabrot með því að hafa í eitt skipti handjárnað stúlkuna við ofn og handleikið síðan hníf fyrir framan hana og í nokkur skipti slegið hana í andlitið. Taldist þetta varða við 217. gr. hgl. og 98. gr. bvl.

Gegn dóttur ákærða C, fæddri 1999, fyrir líkamsárásir og barnaverndarlagabrot með því að hafa í nokkur skipti slegið telpuna í andlitið og klipið fast í kinnar hennar. Taldist þetta varða við 217. gr. hgl. og 98. gr. bvl. Fyrir ólögmeta nauðung og barnaverndarlagabrot með því að hafa í eitt skipti hrint C fullklæddri ofan í baðkar sem fullt var af köldu vatni og haldið henni þar í stutta stund, og í eitt skipti lokað hana úti í skamman tíma að vetri til þegar kalt var í veðri og barnið á náttfötum einum klæða. Taldist þetta varða við 225. gr. hgl. og 98. gr. og 1. mgr. 99. gr. bvl.

Gegn börnunum öllum með því að hafa drepið heimilisköttinn að A og C ásjáandi og látið A henda kettinum í ruslatunnu heimilisins þar sem B fann hann, og í nokkur skipti vakið börnin að nóttu til þegar X var drukkinn og látið þau vinna ýmis húsverk. Brot þessi töldust varða við 98. gr. og 3. mgr. 99. gr. bvl.

Málavextir voru þeir að hinn ákærði hafði verið með forsjá barna sinna um þriggja ára skeið, X skildi við móður barnanna sem átti við fíkniefnamisnotkun að stríða og sá um þau einn eftir að hún flutti út. X fékk stuðning félagsþjónustu í tvo tíma á dag sem fólst í að stutt var við börnin, létt undir á heimilinu og X veitt ráðgjöf. Þann 17. febrúar 2008 var Neyðarlínunni tilkynnt um ætlað ofbeldi ákærða gagnvart börnum sínum. Í framhaldinu var börnunum komið í fóstur en hinn ákærði fór í áfengismeðferð. Félagsmálayfirvöld fengu þær upplýsingar frá börnunum að X hefði beitt þau bæði líkamlegu og andlegu ofbeldi.

Í bréfi barnaverndar frá 7. janúar 2010 kemur fram að uppeldisaðstæður barnanna, áður en til vistunar á fósturheimili hafi komið, hafi haft alvarlegar afleiðingar á andlega líðan þeirra. Hafi þau þurft á markvissri aðstoð sérfræðinga að halda til að vinna úr þeim áföllum sem þau urðu fyrir, auk þess sem þau hafi notið

þjónustu sérfræðinga Barnahúss. Börnin hafi öll alfarið hafnað að hitta föður sinn, jafnvel undir eftirliti barnaverndarstarfsmanna, sem lýsi vel alvarleika málsins.

Börnin voru í viðtölum í Barnahúsi í september og október 2008. Þar kom meðal annars fram að A sagðist vera mjög hræddur og upplifi árásir föður síns sem „morðtilraun“. Hann sagði föður sinn hafa reynt að kyrkja sig, kastað að sér hnífum og einnig sagði hann frá því þegar hann hafði haldið fyrir vit hans þannig að hann taldi að hann myndi kafna. Hann sagðist hafa óttast að einn daginn myndi faðir hans ganga af honum dauðum, sérstaklega eftir að einn hnífurinn hafnaði í læri hans. A sagðist hafa valið að segja engum frá þessu ofbeldi af ótta við að verða drepinn. Í viðtali við B er haft eftir henni að henni hafi liðið mjög illa heima hjá ákærða en lífið væri miklu betra eftir að hún fór frá honum. Þá sagði B frá því að hún vissi til þess að ákærði hefði drepið köttinn hennar en hún sá mikið eftir kettinum sem veitti henni styrk í erfiðleikum hennar. Í viðtali sagði C m.a. að sér hefði liðið illa hjá föður sínum og nefndi strax að hann hefði drepið köttinn hennar fyrir framan hana. C var mikið niðri fyrir og grét við frásögnina enda sagði hún að henni hefði þótt mjög vænt um kisuna. Hún sagði sjálf frá því að hún hefði grátið mikið hjá föður sínum því hann var „alltaf að sparka í þau, kýla og ógna þeim með hnífum.“ Aðspurð hvers vegna hún hefði ekki sagt einhverjum fullorðnum frá sagðist hún ekki hafa þorað að segja frá af ótta við frekara ofbeldi af hendi föður.

Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur um sakfellingu í 8 ákæruliðum, en ákæruliður er fjallaði um ólögmeta nauðung, með því að X hefði sumarið 2007 á tjaldstæði neytt A til að stela áfengi úr nærliggjandi tjaldi, taldist ekki sannaður. Hæstiréttur taldi refsiverða háttsemi X vera án fordæmis og að hann ætti sér engar málsbætur. Hæstiréttur sagði að X hefði brotið gróflega gegn börnum sínum á heimili þeirra, þar sem þau ættu að hafa skjól og búa við öryggi, og þyngdi dóm X úr 18 mánuðum í 2 ár. Þá var X dæmdur til að greiða börnum sínum miskabætur.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. júlí 2010 í máli nr. S-358/2010 var A ákærð fyrir líkamsárás og brot gegn barnaverndarlögum, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 21. nóvember 2009 á heimili sínu snúið upp á og togað í, eða með öðrum hætti tekið harkalega á hægri fæti sonar síns B, sem þá var fjögurra vikna gamall, með þeim afleiðingum að hann lærleggsbrotnaði. Þetta var talið varða við 1. mgr. 218. gr. hgl. og 98. gr. bvl. en til vara við 219. gr. hgl og 98. gr. bvl.

Málavextir voru þeir að hinn 24. nóvember 2009 barst Barnavernd Reykjavíkur tilkynning frá Barnaspítala Hringins um ætlaða vanrækslu ákærðu A gagnvart fjögurra vikna syni hennar, B. A hefði komið þangað með son sinn til skoðunar og meðferðar og upplýst að barnið hefði spyrnt fótum í skiptiborð og farið fram af því en ákærða hefði náð að grípa um vinstri fót þess til að taka af því fallið. Töldu sérfræðingar spítalans ólíklegt að eins mánaðar gamalt barn gæti spyrnt sér með þessum hætti, auk þess sem töluverðan kraft þyrfti til að lærleggsbrjóta svo lítið barn. Þá hefði að auki verið ósamræmi í frásögn ákærðu af atvikinu þegar hún var beðin um að sýna hvernig atvikið átti sér stað með bangsa. Ákærða viðurkenndi þá að þessi skýring á falli drengsins væri ekki sú sama og fyrr hefði verið gefin. Drengurinn hefði því ekki spyrnt sér fram af borðinu heldur velt sér af því og það væri hin rétta skýring á því sem gerst hefði. Óskuðu lækarnir í kjölfarið að hafin yrði rannsókn á framangreindum beinbrotum.

Að beiðni lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu voru tveir barnalæknar dómkvaddir til að láta uppi álit sitt á hugsanlegum orsökum fyrir áverkum á brotþola. Niðurstaða var sú að matsmenn töldu skýringu A á því hvernig áverkar drengsins væru tilkomnir ótrúverðuga og allar líkur á að um beináverka af mannavöldum væri að ræða. Ljóst væri að 4 vikna gamalt barn væri hvorki fært um að spyrna sér né velta sér út af borði. Eftir nánari skoðun á dregnum kom í ljós að hann var einnig með áverka á hægri lærlegg og á vinstri fótlegg. Kvaðst lækurinn hafa starfað við barnaspítalann í um 30 ár, og komið að mjög mörgum málum þar sem grunur hefði vaknað um ofbeldi gagnvart börnum, en aldrei komið að slíkum áverkum á svo ungu barni. Um væri að ræða sterkasta bein líkamans og drengurinn væri bæði lítill og rýr miðað við aldur. Var niðurstaða læknanna sú að allar líkur væru á að um beináverka af mannavöldum væri að ræða.

Að virtu því sem að framan er rakið var það niðurstaða dómsins að framburður ákærðu væri ótrúverðugur og að ekki yrði á honum byggt við úrlausn málsins. Var talið hafið yfir skynsamlegan vafa að lærleggsbrotið hefði orsakast af harkalegri meðhöndlun á dregnum umrætt sinn. Því taldi dómurinn sannað að ákærða hefði gerst sek um þá háttsemi sem henni var gefin að sök í ákæru. Við ákvörðun refsingar hennar var talið að líta yrði til þess að um alvarlegt brot hennar væri að ræða gegn eins mánaðar gömlum syni sínum. Hefði ákærða með því brugðist gróflega forsjár- og umönnunarskyldum sínum gagnvart dregnum, þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Í þessum tveimur málum beitti ákærvaldið að jafnaði 98. og 99. gr. bvl. og 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga um líkamsmeiðingar. Dómarnir eru báðir frá árinu 2010 og féllu því eftir breytingu á barnaverndarlögum sem gerð var með lögum nr. 52/2009. Það má velta því fyrir sér hvort ákærum af þessu tagi hafi fjölgað í kjölfar breytingana. Það verður að teljast til bóta að ekki er lengur ákært einungis fyrir brot á almennum hegningarlögum heldur er ákvæði barnaverndarlaga bætt við.

Það sem einkennir þessa dóma einnig er hversu vægir þeir eru miðað við alvarleika, sérstaklega **Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-358/2010** Samkvæmt dómaframkvæmd virðist sú hugsun enn við lýði að það sem gerist innan heimilis sé einkamál þeirra sem þar búa. Þessir dómur hafa lítil sem engin varnaðaráhrif að mati höfundar. Til samanburðar á þeim dómi leitaði höfundur án árangurs dóms þar sem fullorðinn einstaklingur hefði lærleggbrotnað við líkamsárás, má þó nefna mál sem er að einhverju leyti sambærileg. Í **dómi Hæstaréttar frá 4. desember 2008 í máli nr. 245/2008** var A sakfelldur fyrir brot á 1. mgr. 218. gr. hgl. fyrir að hafa veist að B, slegið hann með hnefahöggi í andlitið með þeim afleiðingum að hann féll í jörðina, en við það hlaut hann brot á kinnbeinsboga og brot á gólfi augntóftar. Ákærði fékk 5 mánuði í fangelsi fyrir háttsemi sína. Hann var ekki með fyrri brot á sakaferli sínum en það var metið honum til refsihækkunar að árásin var tilefnislaus og kom þeim sem fyrir henni varð að óvörum auk þess sem hún hafði í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar.

Ekki er hægt að sjá annað en að brot ákærðu í héraðsdómi S-358/2010 hafi verið alvarleg, komið barninu að óvörum og verið með öllu tilefnislaus. Séu þessi tvö mál borin saman er erfitt að koma auga á ástæður sem skýra þennan mun á þyngd dóma, þ.e. 3 mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir ofbeldisbrot móður gegn ómálga barni sínu og svo ofbeldisbrot fullorðins einstaklings gegn öðrum fullorðnum einstakling.

4.3 Líkamlegar og andlegar refsingar í uppeldisskyni

Það líkamlega ofbeldi sem er hvað algengast er þegar líkamlegum refsingum er beitt í því skyni að aga börn til í uppeldi. Því fylgir oft andlegt ofbeldi og er þá t.d. verið að hóta Grýlu ef börn haga sér ekki vel eða hóta að þvo munninn á þeim með sápu ef þau rífa kjaft. Flest ríki hafa skuldbundið sig til að vernda börn og skrifað undir samninga

og yfirlýsingar þess efnis en í rannsóknum og viðtölum við börn og fullorðna kemur fram að þessar skuldbindingar eru alls ekki alltaf virtar.¹³⁹

Lengi vel hefur það þótt í lagi að refsar börnum fyrir óþekkt og foreldrar hafa talið sér frjálst að beita þeim aðferðum gegn agaleysi sem þeir kjósa, m.a. hýðingum, flengingum og öðrum gjörðum. Langflestir eru sammála um að það sé rangt að beita börn ofbeldi. En ekki er þó allir sammála um hvort tiltekin refsing í uppeldisskyni sé ofbeldisfull eða eðlileg uppeldisaðferð.¹⁴⁰ Skil refsinga í uppeldisskyni og heimilisofbeldis eru ekki alltaf ljós þar sem um er að ræða sama aðila sem beittir ofbeldinu og fullnægir refsingunni.¹⁴¹ Hvað telst heppilegt uppeldi og viðeigandi refsing fer eftir menningu hvers samfélags fyrir sig og rannsóknir sýna mikinn breytileika á tíðni ofbeldis gegn börnum milli landa.¹⁴² Hugmyndir um uppeldi og refsingar barna hafa breyst verulega seinustu áratugi. Það sem áður fyrr flokkaðist undir réttláta refsingu er nú í dag líkamlegt ofbeldi og hræðsluáróður sem áður fyrr var notaður flokkast í dag sem andlegt ofbeldi.¹⁴³

Áður fyrr var uppi uppeldistefna sem birtist í lögum árið 1746 undir heitinu „Tilskipan um húsagann á Íslandi“. Með tilskipuninni voru settar reglur þess efnis að húsbændur hefðu rétt til að refsar hjúum sínum og foreldrar börnum sínum.¹⁴⁴ Þessi tilskipun setti strangar reglur um uppeldi og aga á börnum á þessum tíma.¹⁴⁵ Húsagatilskipunin lagði áherslu á að foreldrar beittu andlegri ögun og líkamlegum refsingum og hún átti að skapa ótta hjá börnum.¹⁴⁶ Yfirvöld lögðu áherslu á að aga ung börn og ætluðust til þess að foreldrar refsuðu börnin sínum til að kenna þeim að

¹³⁹ Steinunn Bergmann, „Börnum straffað með hendi og vendi: barnaverndartilkygningar er varða líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum“ (Barnaverndarstofa 2010) <<http://www.bvs.is/files/file921.pdf>> skoðað 11. febrúar 2018

¹⁴⁰ Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Sesselja Th. Ólafsdóttir: *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi: höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða* (Miðstöð heilsuverndar barna, Umboðsmaður barna 2004) 3.

¹⁴¹ Sama heimild, 1.

¹⁴² Sama heimild, 4.

¹⁴³ Sama heimild, 43.

¹⁴⁴ Hildur Biering, *Barnauppeldisins heilaga skylda: Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar* (Sögufélag 2006) 13–14.

¹⁴⁵ Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Sesselja Th. Ólafsdóttir: *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi: höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða* (Miðstöð heilsuverndar barna, Umboðsmaður barna 2004) 15.

¹⁴⁶ Hildur Biering, *Barnauppeldisins heilaga skylda: Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar* (Sögufélag 2006) 18.

virða yfirboðara sína.¹⁴⁷ Mikil þróun hefur því orðið frá því að lögfest var að refsaskyldi börnum til þess sem við þekkjum í dag þar sem líkamlegar og andlegar refsingar eru refsiverðar. Tilskipunin um húsagann féll sennilega endanlega úr gildi með fyrstu heildarlögunum sem sett voru um barnavernd hér á landi árið 1932.¹⁴⁸ Fram að gildistöku þeirra giltu þó ýmis dreifð lagaákvæði um þennan málaflokk.

Í barnalögum nr. 76/2003 eru ákvæði sem kveða á um vernd barna gegn ofbeldi af hendi foreldra sinna. Í 1 gr. laganna kemur fram að óheimilt er að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Ákvæði V. kafla fjalla um foreldraskyldur og forsjá barns. Í 2. mgr. 28. gr. bl. kemur fram að foreldrum beri að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best henti hag barns og þörfum. Hér er um nýmæli í barnalögunum að ræða sem leggur þær skyldur á forsjármann að vernda barn sitt gegn líkamlegu og andlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Í frumvarpi með lögunum er tekið fram að í ákvæðinu felist að foreldrum sé óheimilt að leggja hendur á barn sitt, hvort sem um sé að ræða refsingu í uppeldisskyni eða annars konar verknað. Í 3. mgr. 28. gr. bl. kemur svo fram að foreldrum beri að vernda barn sitt gegn hvers kyns ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.

Í dag er viðhorf til líkamlegra refsinga gríðarlega breytt frá því sem áður var, líkleg skýring á því kann að vera aukin þekking almennings á skaðsemi líkamlegra refsinga gegn börnum. Að auki hefur umræðan um réttindi og vernd barna seinustu ár skapað stóran sess í því að fólk beiti börn sín síður líkamlegum refsingum í uppeldisskyni.¹⁴⁹

Samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var á Íslandi árið 2010 sem fjallaði um reynslu Íslendinga af líkamlegum refsingum í barnæsku, kom fram að mun minna var um líkamlega refsingar þeirra sem fæddir voru eftir 1980 í samanburði við þá sem voru eldri, þeir sem voru fæddir fyrir 1980 voru tæplega tvisvar sinnum líklegri til þess að hafa sætt líkamlegu ofbeldi í refsingarskyni þegar þeir voru börn.¹⁵⁰

¹⁴⁷ Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Sesselja Th. Ólafsdóttir: Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi: höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða (Miðstöð heilsuverndar barna, Umboðsmaður barna 2004) 17.

¹⁴⁸ Sama heimild, 24.

¹⁴⁹ Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir, „Að hemja hundrað flær á hörðu skinni: Ofbeldi og refsingar barna“ (2010) Þjóðarspejillinn.

¹⁵⁰ Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir, „Reynsla fullorðinna Íslendinga af líkamlegum refsingum og ofbeldi í æsku“ (Læknablaðið 2013) <<http://www.laeknabladid.is/tolublod/2013/05/nr/4849>> skoðað 23. apríl 2018.

Líkamlegar refsingar gegn börnum í uppeldskyni hafa tíðkast um allan heim og eiga menning og hefðir stóran þátt í því hvort foreldrar beiti börn sínum slíkum aðferðum við aga. Mörg ríki hafa bannað allar líkamlegar refsingar gegn börnum og voru það Svíar sem voru fyrstir til að lögfesta ákvæði þess efnis árið 1979.¹⁵¹ Þetta vakti gríðarlega athygli á sínum tíma og þótti mörgum hlægileg og alltof mikil afskipti af einkalífi foreldra og frelsi þeirra til að ala upp börn sín.¹⁵²

Á Íslandi voru sett ákvæði í barnaverndarlög nr. 80/2002 sem höfðu það markmið að banna alfarið að börnum væri refsað líkamlega. Þá voru 22 önnur ríki komin langt á veg með að innleiða slíkt bann.¹⁵³ Hinn umdeildi sýknudómur í **Hrd. 506/2008** leiddi þó í ljós að íslenska löggjöfin var ekki fortakslaus að þessu leyti, barnaverndarlög voru endurskoðuð í kjölfarið og lagt algjört bann við að beita líkamlegum refsingum gegn börnum.

Samkvæmt öllu ofangreindu er ljóst að mikil vakning hefur orðið í samfélaginu hvað varðar að beita líkamlegum refsingum við uppeldi barna sinna. Flestum ætti að vera ljós skaðsemi slíkrar hegðunnar á velferð barna en þrátt fyrir það eru ennþá dæmi þess að fólk beiti börn sín ítrekað andlegu og líkamlegu ofbeldi í refsingarskyni. Í næsta kafla mun höfundur fjalla um tvo nýlega dóma sem í báðum tilvikum var um að ræða móður sem beitti börn sín ítrekuðu ofbeldi.

4.4 Dómaframkvæmd

Í Héraðsdómi Reykjavíkur þriðjudaginn 27. september 2016 í máli nr. S-373/2016 þar sem X var ákærð fyrir fyrir brot á barnaverndarlögum með því að hafa, á árunum 2010-2015, á heimilum hennar ítrekað beitt börn sín andlegum og líkamlegum refsingum, haft í hótunum við þau, ógnað þeim, sýnt þeim vanvirðandi háttsemi og sýnt þeim yfirgang, ruddalegt athæfi, sært þau og móðgað. Gagnvart A, fæddri árið 2002, B, fæddum árið 2004, og C, fæddum árið 2007, með því að hafa í

¹⁵¹ Barbro Hindberg, „Ending Corporal punishment, Swedish experience of efforts to prevent all forms of violence against children – and the result“ (Ministry of Health and Social Affairs, Sweden. Ministry for Foreign Affairs, Sweden. janúar 2001)

<http://www.manskligarattigheter.se/dm3/file_archive/020523/e37a69787a80b9258f29524adab43c1/barn%20corporal%20Punishment.pdf> skoðað 23. mars 2018.

¹⁵² Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Sesselja Th. Ólafsdóttir: *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi: höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða* (Miðstöð heilsuverndar barna, Umboðsmaður barna 2004) 4.

¹⁵³ Global Initiative to End All Corporal Punishment of Children, „Ending legalised violence against children: Global report 2008“ (Save the children sweden 2008)

<<http://www.endcorporalpunishment.org/assets/pdfs/reports-global/Global-report-2008.pdf>> skoðað 23. janúar 2018.

nokkur skipti sparkað í líkama þeirra, slegið þau í líkamann, togað í hár þeirra, hrint þeim eða slegið þeim utan í vegg og hluti, tekið þau kverkataki, kastað hlutum í þau, læst þau fyrir utan heimili þeirra, klipið í líkama þeirra, haft í hótunum um að gera þeim illt eða drepa þau, sagt að hún vildi að þau væru dauð, sagt að hún hati þau, sagt að hún vildi að þau hefðu aldrei fæðst og kallað þau hóruunga, hálfvita, mother fuckera, hórur og mellur. Gagnvart D, fæddum árið 2012 og E, fæddum árið 2013, með því að hafa í nokkur skipti tekið þá upp og hrist þá og hent þeim í rúm eða sófa þegar hún var að svæfa þá, slegið þá í líkamann með sængina á milli og tekið fyrir vit þeirra þegar þeir grétu. Taldist þetta varða við 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl.

Málsatvik voru með þeim hætti að Barnaverndarnefnd Reykjavíkur fór fram á lögreglurannsókn 10. apríl 2015, á ætluðu ofbeldi ákærðu gegn börnum sínum fimm. Var talið að um bæði andlegt og líkamlegt ofbeldi væri að ræða sem virtist hafa verið ítrekað og viðvarandi í langan tíma. Í gegnum árin höfðu tugir tilkynninga um ofbeldi móður í garð barnanna. Þrjú elstu börnin staðfestu að um líkamlegt ofbeldi af hálfu ákærðu væri að ræða árið 2010. Í kjölfarið hafi þau farið á Vistheimili barna þar sem unnið hafi verið með móður í að bæta uppeldisaðferðir sínar, auk þess sem staða og líðan barnanna hafi verið metin.

Börnin hafi farið á ný í umsjá móður en áfram hafi verið unnið með henni á heimili fjölskyldunnar. Þann 24. mars 2015 barst tilkynning frá frístundaheimilinu þar sem B hafi greint frá grófu andlegu og líkamlegu ofbeldi af hálfu móður sinnar. Hann hafi lýst því að hann hafi verið í sturtu og móðir hans hafi hrint honum og sagt við hann að hún vonaði að hann myndi drukkna. Hann hafi lýst hræðslu við móður sína og ekki viljað vera heima. Í kjölfar þess var óskað samþykkis móður fyrir vistun barnanna utan heimilis, það samþykkti hún ekki, því var gripið til neyðarráðstöfunar samkvæmt 31. gr. bvl. og börnin tekin úr umsjá móður og færð á Vistheimili barna.

Í skýrslutöku greindi B frá alvarlegu ofbeldi móður í sinn garð og systkina sinna. Hann hafi sagt móður sína lemja sig með berum höndum og nota hluti til að berja hann með og henda í hann, m.a. hníf og gaffli. Þá hefði hún skorið hann í fingur með hnífi. Hún hefði dregið þau á hárinu, slegið þau og sagt mjög ljóta hluti við þau. Hann hafi lýst einu skipti þar sem yngri bræður hans, eins og tveggja ára, hefðu ekki viljað fara að sofa. Þá hefði móðir þeirra hent þeim fast í sófann og öskrað á þá að fara að sofa. B hafi lýst mörgum atvikum nákvæmlega þar sem ákærða hafi beitt hann grófu ofbeldi. A vildi ekkert viljað tjá sig um ofbeldi og haft í hótunum við bróður sinn um að hún myndi segja móður þeirra frá því sem hann væri að segja.

Ákærða hefur alfarið neitað því að hafa beitt börn sín nokkru ofbeldi. Í niðurstöðu matsgerðar sem framkvæmd var af geðlæknum er greint frá því að ákærða hafi átt við geðræn vandamál að stríða um langt árabil. Matsmenn hafi miklar efasemdir um forjárhæfni ákærðu, sérstaklega varðandi misþyrmingar og alvarlega andlega og líkamlega áreitni og niðurlægingu á heimilinu.

Tilkynningar um ofbeldi af hendi ákærðu hófu að berast Barnavernd Reykjavíkur á árinu 2005. Flestar tilkynningarnar koma frá föður barnanna, F. Í tilkynningum föður kemur fram að hann hafi áhyggjur af aðstæðum barnanna hjá ákærðu. Hann sagði að það væri kraftaverk að ekkert barnanna væri dáíð vegna ofbeldis ákærðu. Hann lýsti því að ofbeldið hefði verið viðvarandi frá því að A var lítil en hafi stigmagnast eftir því sem börnin hafi orðið fleiri. Hún beitti miklu andlegu ofbeldi í formi niðrandi tals. Þá lýsti hann ofbeldinu gagnvart hverju barni fyrir sig með mjög ítarlegum hætti sem samræmist frásögn barnana af ofbeldinu. Faðir kvaðst hafa séð áverka á börnunum, en ákærða gæti þess vel að lemja þau ekki þar sem sjáist á þeim, svo sem í andliti en auk þess haldi hún þeim heima frá skóla og leikskóla þar til áverkarnir hverfi. Hann lýsti því að hann hefði stundum reynt að ganga á milli, en hann væri sjálfur beittur ofbeldi. Þann 11. september 2015 kom faðirinn til lögreglu og dró framangreinda framburði sína til baka. Hann kvaðst þá aldrei hafa séð ákærðu beita ofbeldi og hann hafi verið að hefna sín á henni í öll þau skipti sem hann tilkynnti hana.

Eins og rakið er hér að framan neitaði faðir barnanna því alfarið að ákærða hefði beitt þau ofbeldi fyrir dóminum. Með hliðsjón af ítrekuðum tilkynningum hans sem gerð hefur verið grein fyrir, framburði hans við fyrri skýrslu hjá lögreglu, þykir breyttur framburður hans ótrúverðugur. Þá liggja fyrir upplýsingar frá Barnavernd Reykjavíkur um að hann hafi greint frá því í viðtali að ákærða hefði þvingað hann til að draga framburðinn til baka með því að hóta því að hann fengi ekki að sjá börnin aftur.

Þrjú elstu börn ákærðu hafa öll á einhverjum tíma greint frá ofbeldi af hendi ákærðu. Lýsingar B eru ítarlegastar. Hann hefur ítrekað greint frá ofbeldi ákærðu gagnvart öllum systkinunum og eru þær frásagnir samhljóða. C greindi einnig frá ofbeldi gagnvart öllum systkinunum með svipuðum hætti. A hefur alfarið neitað því að ofbeldi hafi átt sér stað, þótt hún hafi greint frá því árið 2010. Í matsgerð dómkvaddra matsmanna kemur fram að frásögn B sé afar trúverðug. Hún sé nákvæm og skýr. Hins vegar hafi hin börnin verið í mikilli varnarstöðu. C, sem hafi þá ekki

viljað tjá sig, hafi viðurkennt að ákærða hafi bannað honum að skýra frá og A hafi verið undir sterkum áhrifum frá ákærðu.

Með hliðsjón af öllu framangreindu verður talið sannað að ákærða hafi sýnt börnum sínum vanvirðandi háttsemi eins og ákært er fyrir frá árinu 2010 og þar til 9. apríl 2015 er börnin voru vistuð á Vistheimili barna. Þykir ekki varhugavert að fallast á að um nokkur skipti hafi verið að ræða. Með framangreindri háttsemi sinni hefur ákærða gerst sek um brot gegn 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl. Ákærða er fædd árið 1982. Hún hefur ekki áður gerst sek um refsivert brot. Ákærða hefur í máli þessu verið sakfelld fyrir alvarleg og langvarandi brot gegn fimm ungum börnum sínum sem öll áttu sér stað á sameiginlegu heimili þeirra þar sem þau eiga að búa við öryggi og skjól. Við ákvörðun refsingar verður litið til 1., 2., 3., 6. og 8. tl. 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. hgl. Með hliðsjón af framangreindu og refsiramma 99. gr. barnaverndarlaga þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 31. október 2017 í máli nr. S-291/2017 var X ákærð fyrir hegningarlagabrot og brot á barnaverndarlögum fyrir að hafa á árunum 2012–2016, á heimilum hennar, endurtekið beitt börn sín, A, B og C, ofbeldi, andlegum og líkamlegum refsingum, ógnað þeim og sýnt þeim vanvirðandi háttsemi, yfirgang og ruddalegt athæfi.

Ákæruliðirnir voru eftirfarandi: Gagnvart A, með því að hafa í nokkur skipti slegið hana á rassinn og bakið með belti, slegið hana með flötum lófa í andlitið og líkama, snúið upp á eyrun á henni, tekið í hárið á henni og slegið höfði hennar utan í vegg, stigið ofan á maga hennar, sparkað í maga hennar, í eitt skipti slegið hana í líkamann með leikfangagítar þannig að gítarinn brotnaði og slegið hana með moppu í andlitið. Gagnvart B, með því að hafa í nokkur skipti slegið hann á rassinn, lærin og bakið með belti, snúið upp á eyru hans, slegið hann með flötum lófa í andlitið, slegið hann í líkamann með höndunum og slegið hann með penna í höfuðið. Gagnvart C, með því að hafa í nokkur skipti slegið hann á rassinn, lærin og bakið með belti, slegið hann með flötum lófa í andlit og líkama og slegið hann með penna í höfuðið. Töldust brot þessi varða við 217. gr. og 1. mgr. 218. gr. b hgl. og 1. mgr. 98 gr. og 1. og 3. mgr. 99 gr. bvl.

Málsatvik voru með þeim hætti að barnaverndarnefnd fór fram á lögreglurannsókn þann 6. júní 2016 á ætluðu ofbeldi gegn A, B og C, börnum ákærðu. Samkvæmt tilkynningu sama dag hafði A tjáð sig um líkamlegt ofbeldi af hálfu móður sinnar. Systkinin þrjú bjuggu hjá ákærðu. Hún kom til landsins 2011 ásamt

tveimur eldri börnum sínum, kynntist manni og varð fljótlega barnshafandi. Sex tilkynningar bárust í málefnum barnanna frá janúar 2016 frá lögreglu undir nafnleynd. Þar var lýst áhyggjum af líðan og öryggi barnanna í umsjá móður. Mikil ábyrgð væri lögð á stúlkuna. Hún sæi að mestu um heimilið og bæri ábyrgð á yngri bræðrum sínum. Einnig kom fram að börnin væru illa hirt og skítug. Bakvakt fór í tvígang á heimilið vegna gruns um neyslu móður. Í fyrra skiptið var hún talsvert ölvuð og fíkniefni fundust á henni og við heimili hennar. Ákærða kom börnunum fyrir hjá stuðningsfjölskyldu og fjölskyldan lét barnaverndarnefnd vita að börnin væru hjá þeim. Á meðan á dvöl þeirra stóð fóru þau að tjá sig meira um ofbeldið heima fyrir og vildu alls ekki fara aftur til mömmu sinnar.

Í skýrslum frá talsmanni barnanna lýstu börnin því ofbeldi sem þau urðu fyrir af hendi ákærðu. A greindi frá líkamlegu og andlegu ofbeldi og jafnframt því að bræður hennar hefðu verið beittir harðræði. Hún greindi frá því að móðir hennar refsaði henni ef hún gerði vitleysur. Hún þyrfti að fara úr fötunum og móðir hennar veldi belt, oftast með sylgju, til að lemja hana með. Móðir hennar segði hana óþæga ef hún lagaði ekki nógu vel til. Þá sneri hún upp á eyrun á systkinunum og henti þeim utan í vegg þannig að þau fengju marbletti og höfuðáverka. A lýsti einnig því að móðir hennar hefði beðið hana um að velja belt til að lemja B með en hún hefði þá alltaf reynt að velja það sem henni hefði sjálfri fundist skást. A lýsti því að það væri rosalega erfitt að vera stöðugt hrædd við móður sína og hún vildi ekki lifa svona lífi lengur. Hún bætti við að stundum hefðu þau ekki þurft að gera neitt af sér, X yrði svo ótrúlega fljótt reið. Þá greindi hún frá því að hún hefði alltaf þurft að taka til og þrífa íbúðina. Ef móður hennar hefði ekki fundist það nógu vel gert hefði hún orðið brjáluð. B sagði að móðir þeirra kallaði þau ljótum nöfnum og hóttaði að henda þeim út og banna þeim að koma aftur. B sagði að þetta væri í fyrsta sinn sem hann segði frá en hann hefði aldrei þorað það áður. Þá sagði C frá því að móðir hans hefði oft lamið hann með belt og snúið upp á eyrun á honum og sýndi hvernig hún gerði það. Hann sagði að hún gerði þetta mjög oft en fósturmóðir hans aldrei. Móðir hans gerði þetta ef hann gerði eitthvað ótrúlega mikið af sér.

Börnin glímdu öll við mikinn kvíða, áfallastreitu o.fl. Þau sögðust öll stöðugt vera dauðhrædd um að gera mistök því þá biði þeirra alltaf refsing. Þau segðu oft við hvert annað þegar þau biðu þess að móðir þeirra kæmi heim: „Nú erum við dauð.“

Ákærða neitaði alfarið sök. Hún viðurkenndi að hafa brugðist skyldum sínum gagnvart börnunum frá miðju ári 2015 fram á vorið 2016. Hún taldi að börnin hefðu

hugsanlega brugðist við þeirri vanrækslu og bágum aðstæðum með því að bera á hana ofbeldi. Þau hefðu mátt þola ofbeldi af hendi fyrrverandi eiginmanns hennar.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir framburði allra barna ákærðu. Þau greindu öll frá ofbeldi ákærðu á hendur þeim sjálfum og systkinum þeirra. Í skýrslum fyrir dómi greindu öll börnin á ný frá ofbeldinu með sambærilegum hætti. Þótti framburður barnanna af þessum sökum afar trúverðugur.

Framangreindar lýsingar barnanna á ofbeldi sem þau urðu fyrir fengu styrka stoð í læknisvottorðum og myndum af áverkum þeirra. Með hliðsjón af framangreindu og gögnum málsins var talið sannað að ákærða hefði beitt börn sín ofbeldi, andlegum og líkamlegum refsingum, ógnað þeim og sýnt þeim vanvirðandi háttsemi, yfirgang og ruddalegt athæfi, eins og ákært var fyrir. Með framangreindri háttsemi sinni hefði ákærða gerst sek um brot gegn 217. gr. og 1. mgr. 218. gr. hgl. og 1. mgr. 98. gr. og 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl. Brot ákærðu voru talin alvarleg. Þau stóðu yfir um margra ára skeið og beindust að þremur ungum börnum hennar. Þá voru þau framin á heimilum þeirra þar sem þau áttu að hafa öruggt skjól. Við ákvörðun refsingar var litið til 1., 2., 3., 6. og 8. tl. 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. hgl. Þá var talið rétt að hafa í huga að ákvæði 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum tók gildi 18. mars 2016 og átti því einungis við frá þeim tíma þar til í maí 2016. Með hliðsjón af öllu framangreindu og 77. gr. hgl. þótti refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Hér er um að ræða alvarleg tilfelli þar sem ítrekað er brotið gegn börnunum með refsiverðum hætti. Líkamlegar refsingar hafa alltaf neikvæð áhrif á heilsu og þroska barns. Rannsóknir hafa sýnt að börn sem er refsað með líkamlegu ofbeldi upplifa hræðslu, kvíða, varnarleysi og óöryggi og þessar refsingar hafa neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra. Fá mál af þessu tagi koma til kasta dómstóla. Ástæða þess kann að vera að aðeins alvarlegustu málin eins og þau sem að framan var fjallað um koma til kasta dómstóla og að auki fara líklega flest þeirra fyrir barnaverndarnefndir á Íslandi og rata því ekki til dómstóla nema þegar ákveða á hvort forsjársvipting eigi að eiga sér stað.

5. Andlegt ofbeldi gegn börnum

5.1 Almennt

Þegar barn verður vitni að heimilisofbeldi milli foreldra sinna eða annarra á heimilinu er það líka ofbeldi gegn barninu og öðrum börnum sem við það búa. Með vitni er átt við þegar barn sér móður eða föður verða fyrir ofbeldi af höndum maka. Auk þess telst barn verða vitni að heimilisofbeldi þegar það heyrir t.d. öskur, grátur eða sér líkamlega áverka á þolanda.¹⁵⁴

Áætlað er að 2000 börn, eða 2,5% allra barna á landinu, verði vitni að ofbeldi á heimili sínu á Íslandi ár hvert.¹⁵⁵ Þegar ofbeldi er hluti af heimilislífi barna þá vita þau af því, m.a með því að heyra til ofbeldisins eða sjá móður eða aðra heimilismenn grátandi eða í uppnámi. Það hefur miklar afleiðingar í för með sér þegar börn verða vitni að ofbeldi á heimili sínu og rannsóknir síðustu ára hafa staðfest það. Nú er talið að þegar barn verður vitni að heimilisofbeldi geti það jafngilt þeim áhrifum þar sem barn verður sjálft fyrir ofbeldi af einhverju tagi.¹⁵⁶ Það að búa á heimili þar sem heimilisofbeldi á sér stað hefur mikil áhrif á börn og það er andlegt ofbeldi gegn þeim. Þannig eru þau einnig fórnarlömb heimilisofbeldisins.¹⁵⁷

Ekki er langt síðan þessi tegund heimilisofbeldis var viðurkennd sem ofbeldi gegn börnum. Börn sem verða vitni að heimilisofbeldi gleymast oft og þ.a.l. fá þau ekki viðeigandi félagsþjónustu. Nú hefur hins vegar verið viðurkennt að þrátt fyrir að líkamlegir áverkar séu ekki til staðar geti sálræn áhrif verið mikil og þau þurfi að taka föstum tókum svo þau leiði ekki til áframhaldandi vandamála.¹⁵⁸

Þegar móðir verður fyrir ofbeldi eru mjög miklar líkur á að barn eða börn hennar verði vitni að því. Það gefur okkur því ákveðna vísbendingu um fjölda barna sem búa við heimilisofbeldi þegar tíðni kvenna sem verða fyrir heimilisofbeldi er skráð.

¹⁵⁴ Örnólfur Thorlacius, „Börn sem eru vitni af heimilisofbeldi“ (Rannsókn Barnaheilla – Save the children á Íslandi, 2011)
<<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6816/ranastudningi.pdf?sequence=1>> skoðað 23. janúar 2018, 9.

¹⁵⁵ Sama heimild, 8.

¹⁵⁶ Guðrún Kristinsdóttir, „Ofbeldi á heimilum: Leitað til barna og unglinga“ í Guðrún Kristinsdóttir (ritstj.), *Ofbeldi á heimili: Með augum barna* (Háskólaútgáfan 2014) 25.

¹⁵⁷ Umsögn Barnaheilla – Save the children á Íslandi, um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, ÞSKJ. 233-211. Mál. erindi nr. Þ 139/1573 (3. mars 2011)
<https://www.althingi.is/pdf/erindi_mals/?lthing=139&malnr=211> skoðað 21. febrúar 2018.

¹⁵⁸ Parliamentary Assembly „Children who witness domestic violence“ (5 janúar 2010) Council of Europe <<https://www.althingi.is/alttext/erindi/139/139-1573.pdf>> skoðað 4. apríl 2018.

Fáar tilkynningar berast til barnaverndarnefnda vegna gruns um andlegt ofbeldi gegn börnum. Ástæður þess má líklega rekja til þess hversu erfitt það er að sanna hvort slíkt ofbeldi hafi átt sér stað.¹⁵⁹ Miðað við hversu mörg börn búa við ofbeldi á heimili sínu hljóta þannig allt of mörg börn að fara á mis við þá aðstoð sem þau eiga rétt á samkvæmt barnaverndarlögum.

Árið 1997 gaf dómsmálaráðuneytið út skýrslu sem bar titilinn „Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum“ og var lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–1997.¹⁶⁰ Skýrslan er byggð á rannsókn þar sem kannað var umfang heimilisofbeldis meðal fullorðinna og afleiðingar þess. Í skýrslunni er tekið fram að hugtakið heimilisofbeldi sé notað til að lýsa ofbeldi sem konur eða karlar verða fyrir en ekki öðrum tegundum ofbeldis eins og ofbeldi gegn börnum. Í skýrslu dómsmálaráðherra frá maí 1998 um forvarnir gegn heimilisofbeldi, hjálparúrræði fyrir þolendur og meðferðarúrræði fyrir gerendur, sem lögð var fram á 122. löggjafarþingi 1997–1998, er vísað til skilgreiningar í skýrslu ráðherra frá febrúar 1997 og sagt að verksvið nefndarinnar afmarkist af henni. Þar segir þó jafnframt: „Það er hins vegar álit nefndarmanna að ekki sé unnt að skilja ofbeldi gegn börnum frá umræðu um heimilisofbeldi. Allt ofbeldi þar sem börn eru á heimili sé jafnframt ofbeldi gagnvart börnum.“ Aðeins er lítillega fjallað um heimilisofbeldi gegn börnum í skýrslunni enda var það ekki viðfangsefni rannsóknarinnar en þess er þó getið að börn beri oft ummerki þess ef þau búa í fjölskyldum þar sem heimilisofbeldi viðgengst.¹⁶¹

5.2 Rannsóknir á Íslandi

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi er varða börn sem verða vitni að heimilisofbeldi milli foreldra sinna. Fyrsta íslenska rannsóknin sem varðar börn sem hafa orðið vitni að ofbeldi á heimili hefur nú verið framkvæmd af Guðrúnu Kristinsdóttur en hún endurgerði rannsókn Mullender og féлага þar sem almenn þekking barna á heimilisofbeldi var könnuð. Í rannsókn Guðrúnar var könnun lögð fyrir 1125 grunnskólanemendur á aldrinum 9 til 16 ára og markmiðið var að athuga

¹⁵⁹ Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Sesselja Th. Ólafsdóttir: *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi: höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða* (Miðstöð heilsuverndar barna, Umboðsmaður barna 2004) 35.

¹⁶⁰ Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 547–401. mál

¹⁶¹ Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Sesselja Th. Ólafsdóttir: *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi: höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða* (Miðstöð heilsuverndar barna, Umboðsmaður barna 2004) 31.

þekkingu þeirra á ofbeldi á heimilum.¹⁶² Niðurstöður leiddu í ljós að börn og unglingar sýndu talsverða þekkingu á hugtakinu heimilisofbeldi. Um 25% sögðust þekkja einhvern sem hefði orðið vitni að ofbeldi heima hjá sér. Þetta er athyglisvert þar sem margir telja að þeir verndi börnin sín fyrir erfiðum málefnum og umræðum með því að ræða þau ekki við þau.¹⁶³ Þessi rannsókn varpaði í fyrsta sinn ljósi á upplýsingar um almennar hugmyndir barna og unglunga á Íslandi um ofbeldi á heimilum. Algengast var að börnin hefðu heyrt um heimilisofbeldi í fjölmiðlum og skólanum en aðalatriðið er að þau vissu talsvert meira en almennt er talið. Því er mikilvægt að þessi umræða sé tekin í skólum og að hún sé fræðileg til að tryggja gæði hennar. Auk beinnar fræðslu getur umræða auðveldað börnum sem búa við ofbeldi að takast á við það.¹⁶⁴

Rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi (2011) fjallar um hvaða stuðningur er í boði fyrir börn í Reykjavík sem verða vitni að heimilisofbeldi. Verkefnið hófst í byrjun árs 2010 og því lauk ári síðar. Viðmælendurnir sem tóku þátt í rannsókninni störfuðu hjá stofnunum í samfélaginu sem hafa þann tilgang að vernda börn og ber að hafa hag þeirra að leiðarljósi.¹⁶⁵

Í rannsókninni kom fram að nær allir viðmælendur töldu að börn sem yrðu vitni af ofbeldi gegn móður eða á milli foreldra væru fórnarlömb heimilisofbeldis og að ástandið sem ríkti á þessum heimilum væri skaðlegt fyrir börnin. Margir voru þó þeirrar skoðunar að meta þyrfti þörf á stuðningi til barna út frá alvarleika ofbeldisins á heimilinu. Túlkun og líðan barna skiptir hér höfuðmáli. Greinileg þörf er því á að auka vitund fagfólks um aðstæður barnanna og skoða málin sérstaklega út frá sjónarhorni barnanna. Mikilvægt er að fræða fagfólk sem vinnur á þessu sviði og veita börnum sem búa við heimilisofbeldi viðeigandi stuðning. Samkvæmt viðmælendum frá lögreglu, barnavernd og félagsþjónustu virðist almennt lítið vera rætt við börn sem búa á ofbeldisheimilum. Lögreglan ræðir yfirleitt aðeins við börn á heimilum þegar börnin sjálf hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Barnavernd hittir börnin og talar við þau eingöngu þegar ákveðið er að hefja rannsókn máls. Almennt

¹⁶² Ingibjörg H. Harðardóttir, Steinunn Gestsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir, „Hugmyndir barna og unglunga um ofbeldi á heimilum“ í Guðrún Kristinsdóttir (ritstj.), *Ofbeldi á heimili: Með augum barna* (Háskólaútgáfan 2014) 62–63.

¹⁶³ Sama heimild, 84.

¹⁶⁴ Sama heimild, 84.

¹⁶⁵ Örnólfur Thorlacius, „Börn sem eru vitni af heimilisofbeldi“ (Rannsókn Barnaheilla – Save the children á Íslandi, 2011) <<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6816/ranastudningi.pdf?sequence=1>> skoðað 23. janúar 2018.

ræða skólasálfræðingar og starfsmenn Kvænnaathvarfsins ekki mikið við börn þeirra kvænna sem verða fyrir heimilisofbeldi. Að mati Barnaheilla er afar mikilvægt að talað sé við börn sem búa á heimilum þar sem ofbeldi á sér stað, með öðrum hætti sé ekki hægt að veita þeim viðeigandi aðstoð eða stuðning.¹⁶⁶

Í rannsókn Barnaheilla kemur fram að lögreglan er eina stofnunin sem hefur sérstakar verklagsreglur um hvernig bregðast skuli við heimilisofbeldismálum en þær fjalla að mjög litlu leyti um börn. Til eru verklagsreglur um hvernig eigi að tilkynna mál barna til barnavernda, en meðferð þeirra mála þar sem börn eru vitni að heimilisofbeldi eru ekki tilgreind sérstaklega. Að mati Barnaheilla þarf að búa til verklagsreglur sem séu til staðar hjá viðkomandi stofnunum og feli í sér greinargóðar upplýsingar um hvernig starfsmenn skuli bregðast við aðstæðum sem þessum.¹⁶⁷

Barnaverndarnefndir fylgja aðeins þeim málum eftir sem eru hvað alvarlegust. Það að mál sé tilkynnt tryggir því ekki að börnin fái þann stuðning sem þau þurfa. Er það mat Barnaheilla að mikilvæg sé að setja upp kerfi þar sem þær stofnanir sem koma að heimilisofbeldimálum og vinna með börnum í slíkum málum sé tryggð nauðsynleg aðstoð og stuðningur og að málum þeirra sé fylgt eftir en þau tynist ekki í kerfinu sökum þess að þau séu ekki flokkuð sem alvarlegustu málin. Nokkrir viðmælendur í rannsókninni töldu að það þyrfti að styrkja löggjöf hér á landi til að verja betur börn sem eru fórnarlömb heimilisofbeldis. Aðrir töldu þörf á að breyta allri málsmeðferð svo hægt væri að tryggja öryggi barna eftir að ofbeldismaður hefur verið fjarlægður af heimili.¹⁶⁸

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna nauðsyn þess að endurskoða málefni barna sem verða vitni að ofbeldi á heimilum sínum. Ákveðin vakning þarf að vera í málum þeirra og viðurkenning þess efnis að börn þeirra kvænna sem verða fyrir ofbeldi á heimili sínu eru einnig fórnarlömb ofbeldis. Í skýrslu Evrópuráðsins árið 2010 (5. janúar 2010) eru drög að þingsályktun og tillögur til aðildarríkja um að móta heildstæða stefnu í málum barna sem verða vitni að ofbeldi á heimilum sínum. Þar er lagt til að aðildarríkin undirbúi vinnu Evrópuráðssamnings um vernd kvænna og barna gegn heimilisofbeldi þar sem lögð verði áhersla á börn sem eru vitni að ofbeldi á

¹⁶⁶ Örnólfur Thorlacius, „Börn sem eru vitni af heimilisofbeldi“ (Rannsókn Barnaheilla – Save the children á Íslandi, 2011)
<<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6816/ranastudningi.pdf?sequence=1>> skoðað 23. janúar 2018.

¹⁶⁷ Sama heimild.

¹⁶⁸ Sama heimild.

heimili sínu, að hagsmunir þeirra séu ekki vanræktir og að þeim sé tryggð nauðsynleg þjónusta og stuðningur. Að mati Barnaheilla telja þau nauðsynlegt að stjórnvöld hér á landi hugi að heildstæðri löggjöf sem varðar ofbeldi gegn börnum og þá sérstaklega andlegt ofbeldi eins og hér ræðir.¹⁶⁹

Árið 2015 var birt skýrsla þar sem kynntar voru niðurstöður úr tilraunaverkefni Barnaverndarstofu vegna heimilisofbeldis, *Um nýja nálgun í heimilisofbeldismálum*. Um var að ræða tímabundna þjónustu sem veitt var börnum sem búa við ofbeldi á heimili sínu, verkefnið stóð yfir í um tvö ár, frá september 2011 til maí 2013, þar sem sérfræðingur frá Barnaverndarstofu og lögregla störfuðu saman eftir fyrirfram ákveðnu ferli þegar lögregla fór í útköll vegna heimilisofbeldi og börn voru á staðnum. Sérfræðingur talaði við börnin og hlustaði á sjónarmið þeirra og lagði í framhaldi þess mat á líðan þeirra og hvort þörf væri á áframhaldandi stuðningi.¹⁷⁰

Haft var samband við þolendur ofbeldis og börn þeirra bæði símleiðis og í viðtölum þar sem spurt var um reynslu þeirra af þjónustunni. Yfirgnæfandi meirihluti svarenda taldi það mjög mikilvægt að félagsráðgjafi Barnaverndarstofu hefði komið á staðinn og meirihluti sagði þeirra eigin reynslu og barna þeirra af viðtalinu hafa verið mjög góða. Þá voru nær allir viðmælendur ánægðir með framkomu lögreglu og félagsráðgjafa Barnaverndarstofu. Niðurstöður sýndu að um þriðjungur svarenda fékk áframhaldandi stuðning inn á heimilið frá félagsráðgjafa Barnaverndarstofu. Samtalið við félagsráðgjafan varð í mörgum tilfellum til þess að þolendur ofbeldisins áttuðu sig á alvarleika málsins og heimsóknin varð vendipunktur í lífi fjölskyldunnar. Í viðtölunum kom sömuleiðis fram ánægja þeirra sem nutu þessarar þjónustu með það að sami starfsmaðurinn hefði bæði sinnt börnunum heima og veitt þeim síðar eftirfylgd, þannig hefði skapast samfella í meðferðinni auk þess sem upplýsingagjöf til fórnarlamba var góð. Þá töldu starfsmenn lögreglu og Barnaverndar að þessa samfella í meðferð, það að sami starfsmaðurinn og kom á vettvang fylgdi börnunum

¹⁶⁹ Örnólfur Thorlacius, „Börn sem eru vitni af heimilisofbeldi“ (Rannsókn Barnaheilla – Save the children á Íslandi, 2011)
<<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6816/ranastudningi.pdf?sequence=1>> skoðað 23. janúar 2018.

¹⁷⁰ Elísabet Karlsdóttir, „Um nýja nálgun í heimilisofbeldismálum: Samstarf barnaverndar og lögreglu“ (Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Barnaverndarstofa 2015)
<<http://www.bvs.is/media/rannsoknir-i-bv/Mat-a-tilraunaverkefni-Barnaverndarstofu---skyrsla.pdf>> skoðað 24. febrúar 2018.

svo eftir, hafi skipt sköpum. Um er að ræða töluvert persónulegri þjónustu sem virkar ekki eins kerfisbundin og oft áður.¹⁷¹

Bæði lögreglan og barnaverndarstarfsmenn töldu að með þessu verkefni hefði áherslan að miklu leyti færst yfir á börnin. Markmið tilraunaverkefnisins var að bæta þjónustu við börn sem verða fyrir ofbeldi eða verða vitni að ofbeldi. Niðurstöðurnar sýna að þetta markmið hefur tekist og aukin meðvitund og opnari umræða um heimilisofbeldi hér á landi var talin einn helsti afrakstur verkefnisins. Bæði lögregla, og annað fagfólk í þeim stéttum sem vinna með börnum væri nú meira vakandi fyrir þessum málaflokki. Í því fælist aukin vitund um þarfir barnanna og betri forsendur til að beita sér fyrir því að sinna börnum sem búa við þessar aðstæður og beina þeim í réttan farveg. Þegar hefur verið brugðist við mörgu af því sem hér hefur komið fram og ýmis verkefni tengd þessu hafa verið sett af stað.¹⁷²

5.3 Istanbúlsamningurinn

Hinn 11. maí 2011 var samþykktur á vettvangi Evrópuráðsins samningur um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi og var hann undirritaður af íslenskum stjórnvöldum sama dag. Samningur þessi nefnist í daglegu tali Istanbúlsamningurinn þar sem hann var samþykktur og lagður fram til undirritunar á þeim stað.¹⁷³ Hinn 15. október 2012 fullgilti Tyrkland samninginn eitt ríkja en hann hefur verið undirritaður af 23 öðrum ríkjum, þar með talið talið Íslandi. Samningurinn mun öðlast gildi þegar tíu ríki hafa fullgilt samninginn, þ.m.t. átta aðildarríki Evrópuráðsins.

Í kjölfar samningsins var gerð íslensk skýrsla um samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi og aðlögun íslenskra laga og reglna vegna aðildar, framkvæmd af Gunnari Narfa Gunnarssyni.¹⁷⁴ Markmið hennar er að skoða hvernig samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn

¹⁷¹ Elísabet Karlsdóttir, „Um nýja nálgun í heimilisofbeldismálum: Samstarf barnaverndar og lögreglu“ (Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Barnaverndarstofa 2015) <<http://www.bvs.is/media/rannsoknir-i-bv/Mat-a-tilraunaverkefni-Barnaverndarstofu---skyrsla.pdf>> skoðað 24. febrúar 2018.

¹⁷² Sama heimild.

¹⁷³ Council of Europe, „Council of Europe Convention on preventing and combating violence against women and domestic violence“ Istanbul, 11.V.2011 Treaty Series - No. 210 <<https://rm.coe.int/168008482e>> skoðað 16. apríl 2018.

¹⁷⁴ Gunnar Narfi Gunnarsson, „Skýrsla um samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi og aðlögun íslenskra laga og reglna vegna aðildar“ (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Október 2012)

ofbeldi á konum og heimilisofbeldi fellur að íslensku réttarkerfi og hvort breyta þurfi lögum, reglum, framkvæmd, verklagi eða öðru til að tryggja samræmi milli ákvæða samningsins og íslensks réttar. Tilgangurinn er því meðal annars að greina réttarstöðu kvenna, barna og karla sem búa við ofbeldi, þ.m.t. heimilisofbeldi, samkvæmt íslenskum rétti.¹⁷⁵

Í skýringum við samninginn kemur fram að ofbeldi gegn konum, þ.m.t. heimilisofbeldi, sé ein alvarlegasta tegund kynbundinna mannréttindabrota. Auk þess að fjalla sérstaklega um ofbeldi gegn konum fjallar samningurinn um heimilisofbeldi en fórnarlömb heimilisofbeldis geta samkvæmt honum verið konur, karlar og börn.¹⁷⁶ Þegar talað sé um heimilisofbeldi sé oftast um að ræða ofbeldi karla gegn konum. Það er hins vegar rétt að undirstrika, eins og fram kemur í skýrslu dómsmálaráðherra frá 12. maí 1998, að „ekki er unnt að skilja ofbeldi gegn börnum frá umræðu um heimilisofbeldi. Allt ofbeldi þar sem börn eru á heimili sé jafnframt ofbeldi gegn börnunum.“

Í inngangsorðum samningsins er tekið sérstaklega fram að börn séu einnig þolendur heimilisofbeldis, þ.m.t. sem vitni að ofbeldi innan fjölskyldunnar, og 26. gr. samningsins fjallar sérstaklega um vernd og stuðning við þau börn sem verða vitni að ofbeldi á heimili sínu. Er þar kveðið á um að samningsaðilar skuli tryggja að við útvegum verndar og stuðningsþjónustu til þolenda skuli taka tilhlýðilegt tillit til réttinda og þarfa barna sem verða vitni að því ofbeldi sem samningurinn nær yfir. Þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari grein skuli fela í sér sálræna ráðgjöf til barna sem verða vitni að ofbeldi, með hliðsjón af aldri þeirra, og skulu aðgerðirnar hafa hagsmuni barnsins í fyrirrími. Samningurinn gerir ekki þá kröfu að barn sé viðstatt á meðan ofbeldið fer fram, og þ.a.l. beint vitni að atburðinum, heldur telst barn einnig vera vitni þegar það hefur verið útsett fyrir öskrum og öðrum óhljóðum sem tengjast ofbeldi og langtímaafleiðingum ofbeldis.¹⁷⁷

Að mati skýrsluhöfundar er ekki talin þörf á lagabreytingum í tilefni af 26. gr. samningsins en hins vegar þurfi að huga að því hvort ekki mætti með einhverjum hætti gera aðrar ráðstafanir. Telja verði að efni 26. gr. þurfi með einhverjum hætti að

¹⁷⁵ Sama heimild.

¹⁷⁶ Council of Europe, „Council of Europe Convention on preventing and combating violence against women and domestic violence“ Istanbul, 11.V.2011 Treaty Series - No. 210 <<https://rm.coe.int/168008482e>> skoðað 16. apríl 2018.

¹⁷⁷ Gunnar Narfi Gunnarsson, „Skýrsla um samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi og aðlögun íslenskra laga og reglna vegna aðildar“ (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Október 2012) 49.

endurspeglar betur í núverandi framkvæmd og því leggur höfundur til að ákvæði um börn sem vitni að ofbeldi verði sett í aðgerðaáætlun stjórnvalda. Með hliðsjón af ákvæði 26. gr. telur skýrsluhöfundur hvort ekki þurfi að sama skapi að setja ákvæði um börn sem verða vitni að heimilisofbeldi, eða öðru ofbeldi sem samningurinn nær til, í verklagsreglur yfirvalda, t.d. lögreglu, barnaverndaryfirvalda og hugsanlega annarra aðila sem eiga í samskiptum við börn sem verða vitni að ofbeldi.¹⁷⁸

Niðurstaða skýrslunnar í heild er sú að íslenskur réttur, framkvæmd og verklag sé að mestu leyti í samræmi við ákvæði Istanbúlsamningsins en þó eru ýmis atriði sem að mati skýrsluhöfundar þyrfti að huga betur að ef íslensk stjórnvöld taka ákvörðun um að fullgilda samninginn. Þau helstu sem varða ofbeldi gegn börnum eru 14. gr. samningsins en þar eru ákvæði um menntun, nánar tiltekið um að setja, þar sem það er viðeigandi, efni um kynbundið ofbeldi o.fl. í almennt námsefni á öllum námsstigum. Er lagt til að ákvæði um þetta verði sett í aðgerðaáætlun um ofbeldi á konum og heimilisofbeldi. Í 27. gr. er fjallað um tilkynningarskyldu almennings. Í skýrslunni er ekki talið að ákvæðið kalli á breytingar á lögum eða reglugerðum en hins vegar megi velja fyrir sér hvort ekki mætti fara fram kynningarátak með einhverjum hætti í tengslum við þetta efni til vekja almenning til umhugsunar. Með því gæti tilkynningum um heimilisofbeldi fjölgað.¹⁷⁹

Að lokum kemur fram í 2. mgr. 55. gr. nauðsyn þess að veita þolendum ofbeldis sálræna og annars konar aðstoð. Brotþólar fá að njóta aðstoðar réttargæslumanns við meðferð máls á rannsóknarstigi og við meðferð máls fyrir dómi en það snýr hins vegar að lögfræðilegri ráðgjöf en ekki sálrænni aðstoð. Að mati skýrsluhöfundar er rétt að þolendum verði tryggð sú aðstoð sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 55. gr. samningsins, t.d. með því að setja ákvæði um hana í aðgerðaáætlun stjórnvalda um ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi.¹⁸⁰

5.4 Tölfræði

Erfitt er að gera sér fyllilega grein fyrir því hversu mörg börn verða annaðhvort vitni að ofbeldi eða verða fyrir því sjálf. Tölur af þessu tagi er þó hægt að finna í rannsóknnum sem gerðar hafa verið og í skýrslum viðeigandi stofnana.

¹⁷⁸ Sama heimild, 49.

¹⁷⁹ Sama heimild, 50.

¹⁸⁰ Sama heimild, 71.

Í skýrslu lögreglunnar frá 2010 um tíðni og eðli heimilisofbeldis á árunum 2006 og 2007 kemur fram að í 388 tilvikum var a.m.k eitt barn undir 18 ára aldri á vettvangi þegar lögregla var kölluð til vegna heimilisofbeldis. Af þeim börnum hafði 71% ekki stöðu þolenda heldur varð eingöngu vitni að ofbeldinu. Hins vegar voru 88 börn beinir þolendur heimilisofbeldis. Þrátt fyrir það var barnaverndarnefnd aðeins kölluð til í 1% tilvika þegar börn voru á staðnum þegar heimilisofbeldi átti sér stað.¹⁸¹

Samkvæmt ársskýrslu barnaverndarnefnda árið 2014–2015 bárust barnavernd alls 516 tilkynningar árið 2014 og 676 tilkynningar árið 2015 um heimilisofbeldi þar sem börn voru á svæðinu. Þessar tölur eiga bæði við þau börn sem voru beitt ofbeldi á heimili sínu og þau sem urðu vitni að ofbeldi þar.¹⁸²

Samkvæmt ársskýrslu Kvennaathvarfsins voru 116 konur í dvöl í athvarfinu árið 2016 en með þeim komu 79 börn. Einnig komu 234 konur í viðtöl án þess að til dvalar kæmi. Þessar tölur segja þó ekki til um umfang heimilisofbeldis hér á landi því einungis lítill hluti þolenda heimilisofbeldis leitar til Kvennaathvarfsins.¹⁸³

5.5 Dómaframkvæmd

Skoðað var í dómasafni réttarins hvort mikil breyting hefði orðið á réttarframkvæmd í þeim málum sem varða heimilisofbeldi þegar börn verða vitni að ofbeldinu sjálfu. Fyrsti dómurinn sem er skoðaður er frá 2008 og sá síðasti frá 2018 og því er um að ræða 10 ára tímabil. Sjá má greinilega breytingu frá þeim fyrsta þar til sá seinasti féll 5. mars síðastliðinn. Að auki er augljóst hversu mikil bót það er að fá inn í almenn hegningarlög ákvæði sem taka á heimilisofbeldi í heild í stað þess að þurfa að ákæra fyrir hvern verknað fyrir sig.

Í **dómi Hæstaréttar frá 12. nóvember 2009 í máli nr. 487/2008** var X m.a. ákærður fyrir eftirtaldar líkamsárásir: Að hafa sunnudaginn 1. apríl 2007 veist að A, barnsmóður og þáverandi sambýliskonu hans, á heimili þeirra þar sem hún lá í rúmi með ungan son þeirra og tekið þar um vinstri hönd hennar og snúið upp á hana með

¹⁸¹ Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, „Heimilisofbeldi – Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu 2006-2007“ (2010) <<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/4445/Heimilisofbeldi%20skýrsla%202010.pdf?sequence=1>> skoðað 3. apríl 2018.

¹⁸² Barnaverndarstofa, „Ársskýrsla 2014-2015“ (Barnaverndarstofa 2017) <<http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/ARSSKYRSLA-2014-2015-LOKAEINTAK.pdf>> skoðað 10. apríl 2018.

¹⁸³ Samtök um kvennaathvarf, „Ársskýrsla 2016“ (Kvennaathvarfið sjálfseignarstofnun 2016) <<https://kvennaathvarf.is/wp-content/uploads/2017/10/arsskyrsla-2016.pdf>> skoðað 8. febrúar 2018.

þeim afleiðingum að hún hlaut fingurbrot. Taldist þetta varða við 1. mgr. 218. gr. hgl. Einnig að hafa þriðjudaginn 6. febrúar 2007 ráðist á C, son A, á heimili þeirra og þrifið í vinstri hönd C og snúið upp á fingur hans með þeim afleiðingum að vinstri baugfingur brotnaði. Taldist þetta varða við 1. mgr. 218. gr. hgl. Enn fremur að hafa að kvöldi miðvikudagsins 25. júlí 2007 ráðist á A, rifið í hár hennar, slegið hana hnefahöggi í andlit og snúið hana niður í jörðina, með þeim afleiðingum að hún hlaut kúlu og mar á enni vinstra megin, og fyrir að hafa veist að B, dóttur A, og snúið hana niður þegar hún reyndi að koma móður sinni til hjálpar, kreist báða upphandleggi hennar og hrist hana til, með þeim afleiðingum að hún hlaut mar á hægri upphandlegg og marblett á hægri framhandlegg og roða í lófum. Taldist þetta varða við 1. mgr. 217. gr. hgl. X var sakfelldur fyrir það sem honum var gefið að sök í ákæru. Við ákvörðun refsingar var litið til 3. mgr. 70. gr. sömu laga og var ákærði dæmdur í átta mánaða fangelsi, þar af sex mánuði skilorðsbundið í fjögur ár.

Í dómi Hæstaréttar frá 11. október 2012 í máli nr. 121/2012 var X m.a. ákærður fyrir tvær mismunandi líkamsárásir gegn þáverandi sambýliskonu og barnsmóður sinni, A, fyrir að hafa annars vegar hrint henni þannig að hún féll á magann og í framhaldinu slegið hana nokkur högg með flötum lófa í andlitið, en A var þá gengin langt með sitt þriðja barn. Hins vegar fyrir að hafa veist að henni, þar sem hún hélt á fimm daga gömlu barni þeirra, með hrindingum þannig að A féll utan í glerskáp, sem við það brotnaði og féll ofan á barnið í sófa í stofunni. Í báðum tilvikum hlaut A ýmsa líkamlega áverka. Var háttsemi X talin varða við 1. mgr. 217. gr. Að mati læknis stefndu áverkar þeir, sem brotþoli hlaut í fyrri árásinni, lífi ófædda barnsins í mikla hættu. Þá þótti ljóst að með síðari árásinni stefndi ákærði heilsu brotþola og nýfædds barns síns og brotþola í stórfellda hættu. Var þetta virt ákærða til refsipýngingar, sbr. 3. mgr. 70. gr. hgl. Jafnframt var litið til þess að fyrri árásin átti sér stað að viðstöddum ungum börnum brotþola og dóttur ákærða. Þótti ákærði ekki eiga sér neinar málsbætur og var refsing hans ákveðin fangelsi í tólf mánuði.

Í dómi Hæstaréttar frá 28. apríl 2016 í máli nr. 113/2015 var X ákærður fyrir líkamsárás, stórfelldar ærumeiðingar og barnaverndarlagabrot með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 8. júlí, veist með ofbeldi að eiginkonu sinni, A, þar sem hún lá í hjónarúmi þeirra ásamt B, 3 ára syni þeirra, og sett kodda fyrir vit A svo henni lá við köfnun. B reyndi að stöðva ákærða með því að öskra á hann og klóra. Taldist þetta

varða við 217. gr. og 233. gr. b. hgl. og 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl. Að auki var X ákærður fyrir ólögmeta nauðung, líkamsárás, stórfelldar ærumeiðingar og barnaverndarlagabrot með því að hafa, mánudaginn 26. nóvember, með ofbeldi dregið eiginkonu sína, A, inn í bílskúr og ætlað að loka dyrunum er C (dóttir A) greip í A henni til varnar. Ákærði tók í þær báðar til að stíða þeim í sundur og kastaði þeim fram og til baka í bílskúrnum svo þær lentu á ísskáp og bílskúrgólfinu. Ákærði greip síðan í úlpu og axlir A þar sem hún lá og skellti henni ítrekað á bílskúrgólfið, steig á læri hennar, tók hana hálstaki og skeytti engu um þótt C og B, sem þá var 4 ára, reyndu að stöðva ákærða, B með því að halda í X og bíta hann. Taldist þetta varða við 217. gr., 225. gr. og 233. gr. b. hgl. og 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl.

X var sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum var gefin að sök í fyrri ákærulið og Hæstiréttur tók sérstaklega fram að með háttsemi sinni hefði ákærði sýnt barninu vanvirðingu og andlega ógnun, enda væri allt ofbeldi þar sem börn væru á heimili jafnframt ofbeldi gagnvart börnum. Því bæri að heimfæra háttsemi ákærða undir 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Í seinni ákærulið var háttsemi ákærða einnig heimfærð undir 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Hæstiréttur komst að þeirra niðurstöðu að eins og atvikum hefði verið lýst hefðu tvö yngri börn ákærða og A verið á staðnum þegar ágreiningur aðila hófst og á hljóðupptöku mátti heyra mikinn barnsgrát. Þá voru börnin vitni að atlögu ákærða að móður þeirra inni í bílskúrnum; yngra barnið reyndi að stöðva föður sinn með því að bíta hann en eldra barnið faldi sig fyrir utan húsið. Að þessu athuguðu og með vísan til framburðar ömmu barnsins, sem dómurinn taldi trúverðugan, og þess að eldri börnin fengju meðferð af hálfu skólans vegna afleiðinga heimilisofbeldis, sem ekki hefði verið véfengt af ákærða, þótti sannað að brotið hefði verið gegn börnunum með þeim hætti sem lýst er í 3. mgr. 99. gr. barnalaga. Ákærði var því einnig sakfelldur fyrir þessa háttsemi og gerð refsing fyrir.

Við ákvörðun refsingar var litið til 77. gr. almennra hegningarlaga. Þá var tekið mið af 3. mgr. 70. gr. laganna þar sem verknaðir X hefðu í öllum tilvikum beinst gegn eiginkonu og í tveimur tilvikum einnig gegn ungu barni þeirra. Var refsing X ákveðin fangelsi í 12 mánuði en fullnustu hennar frestað skilorðsbundið í tvö ár.

Svipað mál var til umfjöllunar í **dómi Hæstaréttar frá 15. september 2016 í máli nr. 508/2015**. Þar var X ákærður m.a. fyrir brot gegn barnaverndarlögum, líkamsárás og hótun gagnvart þáverandi sambýliskonu sinni A, með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 4. febrúar 2012 á heimili þeirra, þar sem hún lá sofandi í

hjónarúmi þeirra ásamt sonum sínum, B fæddum 2005 og C fæddum 2006, dregið hana úr rúminu og ráðist á hana með því að slá hana með krepptum hnefa í andlit og líkama, sparkað í líkama hennar, tekið hana hálstaki, haldið hníf upp að hálsi hennar og hótað henni lífláti. B og C voru vitni að háttseminni og með því beitti ákærði þá ógnunum og sýndi þeim yfirgang og ruddalegt athæfi. Taldist þetta varða við 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl og 217. gr. og 233. gr. hgl.

Með þessari háttsemi að fimm og sex ára drengjum ásjáandi braut ákærði gegn drengjunum og 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl. Ákærði var sakfelldur fyrir þá háttsemi. Að auki var X sakfelldur fyrir brot gegn 209. gr., 1. mgr. 217. gr., 1. mgr. 232. gr., 233. gr. og 233. gr. b. hgl. gagnvart A. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að um fjölmörg brot hefði verið að ræða sem hefðu náð yfir langt tímabil. Þá hefði X með framgöngu sinni gerst sekur um alvarleg brot sem öll hefðu miðað að því að raska högum A. Að auki var talið rétt að líta til þess að hluti brotanna var framinn á meðan ákærði sætti nálgunarbanni og því hefði verið um einbeitan ásetning ákærða að ræða. Þrátt fyrir að ákærði hefði verið ósáttur við sambúðarslit aðila ætti hann sér engar málsbætur og væru brot hans gróf og ítrekuð og beindust að nákominni manneskju. Þetta varð ákærða til refsipýngingar sbr. 3. mgr. 70. gr. hgl. Refsing X var ákveðin fangelsi í 2 ár.

Í **Héraðsdómi Norðurlands vestra 5. mars 2018 í máli nr. S-1/2018** var X ákærður fyrir líkamsárás með því að hafa að kvöldi þriðjudagsins 28. nóvember 2017, á heimili sínu, veist að eiginkonu sinni, Y, sest ofan á hana þar sem hún lá í anddyri íbúðarinnar og tekið hana hálstaki. Taldist brot ákærða varða við 1. mgr. 217. gr. hgl. og barnaverndarlagabrot þar sem X hefði jafnframt misboðið dóttur brotaþola, A, með því að veitast að A að henni ásjáandi. Töldust brot ákærða varða við 98. gr. bvl en til vara 1. mgr. 99. gr. bvl.

Ákærði játaði skýlaust háttsemi þá sem honum var í ákæru gefin að sök með þeirri athugasemd þó að hann hefði ekki að fyrra bragði ráðist að eiginkonu sinni. Af hálfu ákæruvalds var ekki gerð athugasemd við þessa lýsingu ákærða. Var þá farið með málið eftir ákvæðum 164. gr. laga um meðferð sakamála. Taldist sekt hans því sönnuð. Brot ákærða samkvæmt ákærulið II taldist, að teknu tilliti til atvika máls, varða við 1. mgr. 99. gr. barnavarndarlaga nr. 80/2002.

Ákærði hafði ekki áður sætt refsingu sem máli skipti við ákvörðun refsingar hans. Játning hans var honum til refsilækkunar en annars átti hann ekki málsbætur. Að þessu virtu þótti refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi en efni væru til að

fresta fullnustu refsingarinnar og skyldi hún niður falla að liðnum tveimur árum héldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í fyrstu tveimur dómunum frá 2008 og 2012¹⁸⁴ var ekki ákært fyrir brot gegn barnaverndarlögum þrátt fyrir að börnin hefðu verið viðstödd. Samt var tekið fram að þau hefðu verið viðstödd og sú staðreynd notuð til að leggja enn frekari áherslu á alvarleika brotanna. Í báðum dómunum var 3. mgr. 70 gr. beitt til refsipýngingar.

Í dómunum tveimur frá árinu 2015¹⁸⁵ var ítarlega fjallað um alvarleika heimilisofbeldis í niðurstöðu. Einnig var fjallað sérstaklega um að börnin hefðu verið viðstödd og þar með hefði vissulega einnig verið brotið gegn þeim. Auk þess var í báðum dómum bæði ákært fyrir 1. og 3. mgr. 99 gr. bvl.

Í seinasta dómnum frá 2018 var ekki um hefðbundið heimilisofbeldismál að ræða og aðeins um eitt tilvik að ræða. Brotið sjálf var ekki eins alvarlegt og í fyrri málunum sem skoðuð hafa verið hér og ákærði játaði háttsemi sína. Barn varð vitni af ofbeldinu og gerandi var ákærður fyrir 98.gr. bvl en til vara 1. mgr. 99. gr. bvl. Hér má sjá mikla breytingu frá því sem áður hefur verið, þar sem þessar greinar fjalla að mestu leyti um andlegt og líkamlegt ofbeldi. Það hefði verið meira í takt við það sem áður hefur þekkt að ákæra fyrir 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl.

Í dómum þar sem barn er vitni af ofbeldi milli foreldra sinna þá er talað um að með þeirri háttsemi sé verið að sýna barni ósiðlegt athæfi og móðgun, og fjallar 3. mgr. 99. gr. bvl. sérstakleg um það. Í þessu umrædda máli er ákærði hins vegar sakfelldur fyrir 1. mgr. 99. gr. og hljóðar svo; Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Í þessu telur höfundur að felist viðurkenning á því að þegar barn verði vitni að ofbeldi á heimili sínu jafngildi það því að barnið verði sjálf fyrir ofbeldi og þá sé um að ræða andlegt ofbeldi en fjallað er um það í þeim ákvæðum sem sakfelldur var fyrir í þessu máli. Ljóst er að mikil þróun hefur orðið seinustu ár í þessum málaflokki og endurspeglast það í dómafrankvæmd.

¹⁸⁴ Hrd. 487/2008 og Hrd. 121/2012.

¹⁸⁵ Hrd. 113/2015 og Hrd. 508/2015.

5.6 Samantekt

Á síðastliðnum árum hefur þessi tegund ofbeldis verið viðurkennd sem ofbeldi gegn börnum þegar það er vitni af ofbeldi milli annara heimilismanna. Ákveðin vitundarvakning hefur orðið meðal almennings og almenn þöggun yfir heimilisofbeldi orðið töluvert minni með meiri og opnari umræðu um málefnið. Með aukinni þekkingu hefur þessi tegund ofbeldis verið skilgreind sem andlegt ofbeldi gegn barni og telst það vera mannréttindabrot gegn þeim sem hefur áhrif á þau á ýmsan hátt.¹⁸⁶

Ofbeldi á heimili er hluti af daglegu lífi margra barna og þær afleiðingar sem slíkt hefur í för með sér hefur lengi verið vanmetið og það almennt skoðun fólks að börn verði ekki eins mikið fyrir barðinu á slíku og raunin er. Með auknum rannsóknum hefur verið sýnt fram á að það hafi slæmar afleiðingar fyrir börn að verða vitni af heimilisofbeldi.¹⁸⁷ Nú til dags er það talið geta jafngilt áhrifum þess að barn verði sjálft fyrir ofbeldi af einhverju tagi þegar það verður vitni af ofbeldi, og þau börn sýna oft sömu einkenni og börn sem hafa orðið fyrir beinu líkamlegu ofbeldi á heimili sínu.¹⁸⁸

Ofbeldi á heimili er í flestum tilfellum langvarandi vandamál sem nauðsynlegt er að grípa inn í til þess að koma í veg fyrir meiri skaða en þegar hefur orðið. Mikill fjöldi barna verður vitni að ofbeldi á heimilum sínum en erfitt er að átta sig á hversu mörg börn er um að ræða; bæði er þetta leynt vandamál og að auki er ekki mikil áhersla lögð á að rannsaka þessa tegund mála. Eins og að framan hefur verið rakið hefur það miklar afleiðingar fyrir barn að verða vitni að ofbeldi og það getur jafngilt því þegar barn verður sjálft fyrir ofbeldi á heimili sínu.

¹⁸⁶ Guðrún Kristinsdóttir, „Ofbeldi á heimilum: Leitað til barna og unglunga“ í Guðrún Kristinsdóttir (ritstj.), *Ofbeldi á heimili: Með augum barna* (Háskólaútgáfan 2014) 17.

¹⁸⁷ Christopher M. Adams „The consequences of witnessing family violence on children and implications for family counselors.“ (October 2006) 14(4) *The Family Journal*, 334-341. <<http://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/1066480706290342>> skoðað 6. febrúar 2018.

¹⁸⁸ Guðrún Kristinsdóttir, „Ofbeldi á heimilum: Leitað til barna og unglunga“ í Guðrún Kristinsdóttir (ritstj.), *Ofbeldi á heimili: Með augum barna* (Háskólaútgáfan 2014) 25.

6. Samantekt og niðurstöður

6.1 Samantekt

Gerður hefur verið greinarmunur á líkamlegu ofbeldi og andlegu ofbeldi sem beint er gegn börnum af hendi foreldra eða annarra umsjáraðila. Heimilisofbeldi gegn börnum er falið vandamál sem erfitt hefur verið að uppræta. Stjórnvöld hafa takmarkaðar heimildir til inngripa þar sem ofbeldi af þessu tagi gerist í flestum tilfellum á heimilum fólks í skjóli friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu sem eru stjórnarskrárvarin réttindi.

Börnum er eðlislægt að detta og slasa sig svo áverkar eru ekki alltaf augljósir. Þau eru oft ekki meðvituð um að það ofbeldi sem þau eru beitt sé óeðlilegt eða bannað og eins er ást barna til foreldra sinna yfirleitt gríðarlega mikil. Fæst börn vilja tjá sig um ofbeldið vegna hræðslu um að verða mögulega refsað meira eða tekin af heimili sínu.

Á síðustu árum hefur orðið mikil vitundarvakning um alvarleika heimilisofbeldis og misþyrminga gegn börnum og er slík háttsemi nú talin vera mannréttindabrot. Íslenska ríkið er bundið að þjóðrétti vegna aðildar að alþjóðlegum mannréttindasamningum til að tryggja öllum börnum grundvallarmannréttindi. Mannréttindasáttmáli Evrópu leggur þær skyldur á stjórnvöld ríkjanna að setja í lög ákvæði sem vernda börn gegn slíku ofbeldi á heimili sínu og tryggja að framkvæmd laganna sé með þeim hætti að um raunverulega vernd sé að ræða.

Allt ofbeldi gegn börnum sem að framan hefur verið rætt hefur neikvæð áhrif á heilsu og þroska þeirra. Rannsóknir hafa sýnt að börn sem lifa við slíkt ofbeldi upplifa hræðslu, kvíða, varnarleysi og óöryggi auk þess sem sjálfsmynd þeirra er verulega skemmd. Að auki hefur þetta þau áhrif að börn læra ekki eðlileg samskipti og beita frekar ofbeldi til að leysa vandamál en þau börn sem koma frá ofbeldislausum heimilum.¹⁸⁹

¹⁸⁹ „Ofbeldi á heimili, Áhrif og afleiðingar þess á börn að alast upp við kynbundið ofbeldi“ <<http://www.verndumborn.is/Ofbeldi/Ofbeldiaheimili/>> skoðað 6. febrúar 2018.

6.2 Niðurstaða

Í þessari ritgerð hefur verið leitast við að svara því hvort núgildandi löggjöf hérlendis sem varðar refsingar gegn þeim sem brjóta á börnum séu nægilega harðar, sérstaklega með tilliti til þess að tryggja þá miklu vernd sem ber að veita börnum samkvæmt þeim alþjóðaskuldbindingum sem Ísland er aðili að.

Þær breytingar sem gerðar voru á barnaverndarlögum nr. 80/2002 með lögum nr. 52/2009 eru til mikilla bóta. Hér er um að ræða varnaðaráhrif og forvörn í málum er varða ofbeldi gegn börnum og með þessum breytingum er búið að leggja línurnar og viðurkenna að allt ofbeldi gegn börnum er bannað.

Setning ákvæðis 218. gr. b. hgl. um heimilisofbeldi er einnig gríðarleg bót í íslensku réttarkerfi. Flest heimilisofbeldismál falla undir minni háttar líkamsárás eða 217. gr. hgl. þar sem áverkar eru oft ekki eins alvarlegir og 218. gr. hgl. kveður á um. Talið er að í 65% tilvika eru engir alvarlegir áverkar á líkama þess sem verður fyrir heimilisofbeldi.¹⁹⁰ Alvarleiki þessara brota er eins og fram hefur komið ítrekaðar ofbeldisathafnir og andlegt ofbeldi.

Ákvæði 2. mgr. 217. gr. kveður á um að þau brot sæti ekki ákæru nema brotþoli leggi fram refsikröfu eða almannahagsmunir krefjist þess. Um er að ræða gríðarlega viðkvæm mál þar sem brotþoli er oft í mjög veikri stöðu; bæði er hann ekki tilbúinn að leggja sjálfur fram kæru af ótta við ofbeldismanninn og einnig er raunin oft sú að mikil ást ríkir enn á milli aðila. Konur og börn sem verða fyrir heimilisofbeldi þjást oft af alls konar heilsufarslegum vandamálum eins og kvíða, þunglyndi og áfallastreituröskun. Því fylgir lækniástoð, sjúkrahúsadvöl og ýmis lyf.¹⁹¹ Hér er því um að ræða kostnað sem hefur áhrif á samfélagið allt. Að auki eru börn sem verða fyrir ofbeldi oft með ýmis sálræn vandamál. Einnig hafa rannsóknir sýnt að börn sem koma frá ofbeldisheimilum er töluvert líklegri til að eiga í fíkniefnavanda en önnur börn, sem getur verið dýrt og erfitt að meðhöndla. Þau eru næsta kynslóð okkar tíma og það er á ábyrgð okkar að byggja upp einstaklinga sem eru og verða góðir þegnar samfélagsins. Þeir sem verða fyrir ofbeldi í æsku eru af mörgum fræðimönnum taldir vera töluvert líklegri til að beita ofbeldi síðar á lífsleiðinni. Börn sem horfa upp á ofbeldi telja það oft vera eðlilega hegðun og eru því

¹⁹⁰ Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, „Heimilisofbeldi – Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu 2006-2007“ (2010) <<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/4445/Heimilisofbeldi%20skýrsla%202010.pdf?sequence=1>> skoðað 3. apríl 2018

¹⁹¹ Erla Kolbrún Svavarsdóttir, *Ofbeldi – Margbreytileg birtingarmynd* (Háskólaútgáfan 2010) 40.

líklegri til að nota slíkar aðferðir til að leysa úr vandamálum sínum á fullorðinsárum. Það hlýtur því að vera hagur allra að sporna gegn þessu ofbeldi. Þrátt fyrir að hægt sé að færa rök fyrir því að almannahagsmunir séu í húfi hefur raunin verið sú að mörg mál fara ekki fyrir dómstóla.

Í almennum hegningarlögum er að finna viðbótarákvæði sem varða kynferðisbrot foreldra eða umönnunaraðila gegn börnum, sbr. 200. gr. og 201. gr. hgl. Þessi ákvæði undirstrika alvarleika þess þegar brotið er gegn börnum og í þeim eru börn viðurkennd sem hópur sem þarfnast aukinnar verndar umfram hina fullorðnu. Að auki undirstrika þessi ákvæði alvarleika þess þegar foreldri eða aðili sem tengist þolenda ofbeldis nánnum böndum brýtur gegn barni. Við það verður ákveðið trúnaðarbrot sem markar dýpri sár en ef einstaklingar bindast ekki fjölskylduböndum. Trúnaðarbrot hefur til dæmis verið notað sem refsihækkunarástæða í mörgum dómum síðustu ár.

Ákvæði hegningarlaga og barnaverndarlaga veita vissulega vernd en til þess að veita börnum þá auknu vernd sem fjallað er um í alþjóðasamningum er það mat höfundar að mikilvægt sé að bæta í almenn hegningarlög ákvæði er varða sérstaklega ofbeldi gegn börnum og þá sérstaklega þegar um ofbeldi af hendi foreldra eða annarra skyldmanna er að ræða. Flestir eru sammála því að slík brot séu töluvert alvarlegri en hefðbundin ofbeldisbrot milli tveggja einstaklinga sem eru ekki tengdir nánnum tengslum og að brot gegn börnum séu þau alvarlegustu sem hægt sé að fremja. Það er því í takt við tíðarandann, alþjóðasamninga og hagsmuni samfélagsins að bæta löggjöf á þessu sviði.

Að auki telur höfundur að mikilvægt sé að herða refsingar í málum er varða ofbeldi gegn börnum. Eftirlitsnefndir Sameinuðu þjóðanna hafa lýst áhyggjum af hárrí tíðni heimilisofbeldis á Íslandi og hversu vægt sé tekið á þessum málum hér á landi innan réttarkerfisins. Refsingar í þessum málum eru oft lægri en þegar um er að ræða fullorðna einstaklinga sem tengjast ekki fjölskylduböndum, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 70. gr. hgl. sem er lögmælt refsilyngingarástæða. Með tilkomu 218. gr. b. hgl. er von um að refsingar þyngist en sú varð raunin þegar ákvæði 1. mgr. 4. gr. a. í 4. kafla sænsku hegningarlaganna var lögfest árið 1998.

Heimildaskrá

Adams MC, „The consequences of witnessing family violence on children and implications for family counselors. “ (October 2006) 14(4) *The Family Journal*, 334-341. <<http://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/1066480706290342>> skoðað 6. febrúar 2018.

„Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna“ (*UNICEF* 2015) <<https://unicef.is/barnasattmali>> skoðað 1. maí 2018.

Barnarverndarstofa, „Ársskýrsla 2014-2015“ (Barnaverndarstofa 2017) <<http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/ARSSKYRSLA-2014-2015-LOKAEINTAK.pdf>> skoðað 10. apríl 2018.

Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“ í *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* (ritstj.), Björg Thorarensen. Reykjavík 2005, bls. 286-341.

Björg Thorarensen, *Mannréttindasáttmáli Evrópu: meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Lagadeild Háskólans í Reykjavík, 2005).

——, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi* (Bókaútgáfa Codex 2008).

Björn Harðarson og Eygló Guðmundsdóttir, „Reiði og ofbeldi: Hvað er ofbeldi/árásarhneigð?“ (Persona.is 2004) <<http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=111&pid=13>> skoðað 6. febrúar 2018.

Council of Europe, „Council of Europe Convention on preventing and combating violence against women and domestic violence“ Istanbul, 11.V.2011 Treaty Series - No. 210 <<https://rm.coe.int/168008482e>> skoðað 16. apríl 2018.

Davíð Þór Björgvinsson „Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi“ í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (Háskólaútgáfan 2011).

Dutton DG and White KR, „Male victims of Domestic violence“ (2013) *New male studies: an International journal* <<http://ukfamilylawreform.co.uk/docs/malevictimsofdvdutton2013.pdf>> skoðað 8. febrúar 2018.

Elísabet Karlsdóttir, „Um nýja nálgun í heimilisofbeldismálum: Samstarf barnaverndar og lögreglu“ (Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Barnaverndarstofa 2015) <<http://www.bvs.is/media/rannsoknir-i-bv/Mat-a-tilraunaverkefni-Barnaverndarstofu--skyrsla.pdf>> skoðað 24. febrúar 2018.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir, *Ofbeldi: Margbreytileg birtingarmynd* (Háskólaútgáfan 2010).

Freydís J. Freysteinsdóttir, „Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF) barnaverndarstofa“ (Barnaverndarstofa 2012) <<http://www.bvs.is/files/file468.pdf>> skoðað 13. febrúar 2018.

Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir, „Að hemja hundrað flær á hörðu skinni: Ofbeldi og refsingar barna“ (2010) *Þjóðarspejillinn* 51-57.

Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir, „Reynsla fullorðinna Íslendinga af líkamlegum refsingum og ofbeldi í æsku“ (Læknablaðið 2013) <<http://www.laeknabladid.is/tolublod/2013/05/nr/4849>> skoðað 23. apríl 2018.

Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Sesselja Th. Ólafsdóttir: *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi: höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða* (Miðstöð heilsuverndar barna, Umboðsmaður barna 2004).

Global Initiative to End All Corporal Punishment of Children, „Ending legalised violence against children: Global report 2008“ (Save the children sweden 2008) <<http://www.endcorporalpunishment.org/assets/pdfs/reports-global/Global-report-2008.pdf>> skoðað 23. janúar 2018.

Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, „Heimilisofbeldi – Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu 2006-2007“ (2010) <<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/4445/Heimilisofbeldi%20skýrsla%202010.pdf?sequence=1>> skoðað 3. apríl 2018.

Guðrún Kristinsdóttir, „Ofbeldi á heimilum: Leitað til barna og unglunga“ í Guðrún Kristinsdóttir (ritstj.), *Ofbeldi á heimili: Með augum barna* (Háskólaútgáfan 2014).

——, Margrét Ólafsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir, „Frásagnir barna og mæðra af ofbeldi á heimili“ í Guðrún Kristinsdóttir (ritstj.), *Ofbeldi á heimili: Með augum barna* (Háskólaútgáfan 2014).

Gunnar Narfi Gunnarsson, „Skýrsla um samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi og aðlögun íslenskra laga og reglna vegna aðildar“ (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Október 2012).

Helga Hannesdóttir, „Misþyrmingar á börnum algengar hér á landi“ *Morgunblaðið* (Reykjavík 23. október 1979) <http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1518760> skoðað 5. apríl 2018.

Hildur Biering, *Barnauppeldisins heilaga skylda: Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar* (Sögufélag 2006).

Hindberg B, „Ending Corporal punishment, Swedish experience of efforts to prevent all forms of violence against children – and the result“ (Ministry of Health and Social Affairs, Sweden. Ministry for Foreign Affairs, Sweden. janúar 2001) <http://www.manskligarattigheter.se/dm3/file_archive/020523/e37a69787a80b9258f29524adab43cc1/barn%20corporal%20Punishment.pdf> skoðað 23. mars 2018.

Ingibjörg H. Harðardóttir, Steinunn Gestsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir, „Hugmyndir barna og unglunga um ofbeldi á heimilum“ í Guðrún Kristinsdóttir (ritstj.), *Ofbeldi á heimili: Með augum barna* (Háskólaútgáfan 2014).

Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánnum samböndum* (Félagsmálaráðuneytið 2008).

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíðbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002).

——, *Viðrulög við afbrotum* (Bókaútgáfa Orators 1992).

Lovísa Arnardóttir, „Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir“ (UNICEF á Íslandi 2013)
<http://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef_rettindi_barna_ofbeldi_og_forvarnir_0.pdf> skoðað 28. febrúar 2018.

„Kynbudið ofbeldi“ (*Mannréttindaskrifstofa Íslands, Icelandic human rights centre 1994*)
<<http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinnahopa/konur/kynbundid-ofbeldi>> skoðað 1. maí 2018.

Kvennaathvarfið, „Skilgreiningar á heimilisofbeldi“ (*Samtök um Kvennaathvarf 2018*)
<https://kvennaathvarf.is/?page_id=23> skoðað 28. mars 2018.

„Ofbeldi á heimili, Áhrif og afleiðingar þess á börn að alast upp við kynbudið ofbeldi“ (*Barnaheill*) <<http://www.vernduborn.is/Ofbeldi/Ofbeldiaheimili/>> skoðað 6. febrúar 2018.

Ólafur Lárusson, *Lög og saga* (Hlaðbúð 1958).

Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, *Verndum þau: Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglíngum* (Mál og menning 2013).

Parliamentary Assembly „Children who witness domestic violence“ (5 janúar 2010) Council of Europe <<https://www.althingi.is/altext/erindi/139/139-1573.pdf>> skoðað 4. apríl 2018.

Páll Sigurðsson, Barbara Björnsdóttir og Hulda Guðný Kjartansdóttir (ritstj.), *Lögfræðiorðabók* (Codex: Lagastofnun Háskóla Íslands 2008).

Ríkislögreglustjórinn, „Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála sem tilkynnt eru lögreglu“ (Ríkislögreglustjórinn 2014) <<http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Verklag-um-heimilisofbeldi.pdf>> skoðað, 31. janúar 2018.

Sigprúður Guðmundsdóttir, „Ofbeldi á heimilum“ (1996) *Samfélagstíðindi*. s. 61-88.

Samtök um kvennaathvarf, „Ársskýrsla 2007“ (Kvennaathvarfið sjálfseignarstofnun 2007) <https://kvennaathvarf.is/wp-content/uploads/2017/01/arsskyrsla_2007.pdf> skoðað 12. febrúar 2018.

— „Ársskýrsla 2016“ (Kvennaathvarfið sjálfseignarstofnun 2016) <<https://kvennaathvarf.is/wp-content/uploads/2017/10/arsskyrsla-2016.pdf>> skoðað 8. febrúar 2018.

Skýrsla til Alþingis, „Staða barnaverndarmála á Íslandi“ (Ríkisendurskoðun 2015) <<https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/barnaverndarmal2.pdf>> skoðað 3. apríl 2018.

Steinunn Bergmann, „Börnum straffað með hendi og vendi: barnaverndartilkynningar er varða líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum“ (Barnaverndarstofa 2010) <<http://www.bvs.is/files/file921.pdf>> skoðað 11. febrúar 2018.

UN General Assembly resolution, „Declaration on the Elimination of violence against women“ og, (United Nations. 20. desember 1993) Resolution 48/104 <<http://www.un.org/documents/ga/res/48/a48r104.htm>> skoðað 26. apríl 2018.

Umboðsmaður barna, „Ofbeldi“ (Umboðsmaður barna 2014) <<https://barn.is/malaflokkar/ofbeldi/>> skoðað 31. janúar 2018.

„Um barnasáttmálann“ (*Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna, vefur um réttindi barna*) <<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>> skoðað 4. febrúar 2018.

Umsögn Barnaheilla – Save the children á Íslandi, um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, ÞSKJ. 233-211. Mál. erindi nr. Þ 139/1573 (3. mars 2011) <https://www.althingi.is/pdf/erindi_mals/?lthing=139&malnr=211> skoðað 28. janúar 2018.

Örnólfur Thorlacius, „Börn sem eru vitni af heimilisofbeldi“ (Rannsókn Barnaheilla – Save the children á Íslandi, 2011) <<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6816/ranastudningi.pdf?sequence=1>> skoðað 23. janúar 2018.